

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

## 2011 til 2012

tekin saman af sviðsstjórum

Björgvin E. Björgvinsson  
Ægir Sigurðsson

## Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2011-2012.....	4
1.1	Inngangur .....	4
1.2	Tölulegar upplýsingar.....	5
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar .....	12
1.3.1	Stiklur í tímaröð .....	13
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra .....	29
2.1	SVIÐ: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	29
2.1.1	Enska .....	29
2.1.2	Íslenska.....	31
2.1.3	Lífsleikni.....	45
2.1.4	Samfélagsfræðigreinar .....	49
2.1.5	Starfsbraut .....	54
2.1.6	Tungumál önnur en enska.....	58
2.2	SVIÐ: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir .....	63
2.2.1	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir.....	63
2.2.2	Raungreinar .....	72
2.2.3	Starfsnám (Hestabraut, viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagr.) .....	77
2.2.4	Stærðfræði.....	82
2.2.5	Verknám .....	86

## Skólameistari

Örlygur Karlsson

## Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

## Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

## Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

## Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson  
Ester Ýr Jónsdóttir (*Hauströnn 2011*)

Ægir Sigurðsson

Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni  
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir  
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

## Kennslustjórar

Ester Ýr Jónsdóttir  
Hörður Ásgeirsson  
Ingi S. Ingason  
Íris Þórðardóttir  
Jón Özur Snorrason  
Ólafur Bjarnason  
Svanur Ingvarsson  
Sverrir Geir Ingibjartsson  
Vera Ósk Valgarðsdóttir  
Helgi Hermannsson  
Ægir Pétur Ellertsson

Raungreinar  
Sérkennsla  
Litla-Hraun, Bitra/ Sogn  
Starfsnáms (viðsk.gr-, sjúkral.gr.- og uppl.gr)  
Íslenska  
Stærðfræði  
Verknám  
Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir  
Erlend mál, önnur en enska  
Samfélagsgreinar  
Enska

## Verkefnisstjórar/fagstjórar

Agnes Ósk Snorradóttir  
Elísabet Valtýsdóttir  
Björgvin E. Björgvinsson  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir  
Svanur Ingvarsson  
Sverrir Geir Ingibjartsson  
Þórunn Jóna Hauksdóttir

Skólinn í okkar höndum  
Danska  
Lífsleikni  
Skólinn í okkar höndum  
Ísa-áfangar  
Skólinn í okkar höndum  
Íþróttir  
Skólinn í okkar höndum

## Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorradóttir  
Álfhildur Eiríksdóttir  
Eyvindur Bjarnason

## Félagsmálafulltrúi

Guðfinna Gunnarsdóttir

## Fornvarnafulltrúi

Íris Þórðardóttir

## Alþjóðafulltrúi

Lárus Ágúst Bragason

# 1 Starfið veturinn 2011-2012

## 1.1 Inngangur

Skólaárið 2011 til 2012 var viðburðaríkt líkt og önnur starfsár Fjölbrautaskóla Suðurlands. Í ársskýrslu skólans hefur verið safnað ýmsum gagnlegum upplýsingum um skólann og skólastarfið. Hér er m.a. að finna tölulegar upplýsingar, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni stjórnenda. Raktir eru helstu atburðir á skólaárinu, fyrirlestrar og námskeið sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans. Kennarar, fagstjórar og kennslustjórar tíunda upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari nýjungar og bent á hvað betur má fara.

Skýrslur náms- og starfsráðgjafa og sjálfsmats eru prentaðar sér og allar eru skýrslurnar aðgengilegar á vef skólans.

Á haustönn komu nýir kennarar á kynningarfund mánudaginn 15. ágúst. Þar voru þeir boðnir velkomnir og farið yfir mikilvæg atriði og tímasetningar. Fimmtudaginn 18. ágúst var síðan fyrsti kennarafundur skólaársins. Þann dag var líka haldinn fyrsti afmælisfundurinn, en tilgangur hans var að hefja undirbúning hátíðardagskrár þar sem skólinn varð þrítugur á skólaárinu. Þennan sama dag sóttu kennarar námskeið í kennsluumhverfinu Moodle og undirbjuggu kennslu annarinnar. Þann 19. ágúst var farið yfir viðbragðsáætlanir auk sem kennarar héldu samráðsfundi. Seinnipart dags var umsjónarkennarafundur þar sem umsjónarkennarar fengu upplýsingar sem tengdust móttöku nemenda eftir helgina.

Mánudaginn 22. ágúst var í annað sinn haldinn Nýnemadagur. Þann dag mættu nýnemar skólans og fengu kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað. Þótti dagurinn takast í hvívetna vel.

Þriðjudagurinn 23. ágúst hófst með skólasetningu klukkan 9:00 og fyrsta kennslustund annarinnarsamkvæmt stundaskrá klukkan 9:45 þann dag. Haustfrí var gefið dagana 21. til 24. október. Síðasti kennsludagur haustannar var miðvikudagurinn 30. nóvember. Fyrsti prófdagur annarinnar var fimmtudaginn 1. desember og sá síðasti föstudagurinn 9. desember. Sjúkrapróf voru haldin þriðjudaginn 13. desember og prófsýning fimmtudaginn 15. sama mánaðar.

Á haustönn stunduðu 992 nemendur nám við skólann og fór brautskráning fram í laugardaginn 17. desember. Alls brautskráði skólinn 75 nemendur að þessu sinni, þar af 50 stúdenta.

Á vorönn hófst skólastarfið miðvikudaginn 4. janúar með kennarafundi, námskeiðum og samráðsfundum. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá föstudaginn 6. janúar. *Kátir dagar* voru 29. febrúar og 1. mars. og *Flóafár* föstudaginn 2. mars. Kennslu lauk föstudaginn 27. apríl.

Fjöldi nemenda á vorönn var 944. Brautskráning fór fram föstudaginn 18. maí. Alls brautskráðust 116 þar af 65 af stúdentsbrautum.

## 1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 23. júní 2011 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 992 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 281.

Tafla 1. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2011-12

Aldur	Fjöldi H´11	Fjöldi V´12
Yngri en 16 ára	5	8
16 ára (fæddir 1994)	229	3
17 ára (fæddir 1992)	4	3
Eldri en 17 ára	43	32
Samtals	281	46

Þann 16. desember 2011 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 944. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 944 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á vorönn voru 46.

Í töflu 2 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2011


Tafla 2. Dreifing dagskólanemenda á brautir

Brautir	Nemenda- fjöldi	Hlutfall af heild (%)	Karlar	Konur
AB	14	1,33%	10	4
AH	1	0,10%	0	1
AN1	2	0,19%	0	2
AN2	3	0,29%	3	0
AN4	74	7,03%	43	31
AU	65	6,18%	38	27
FÉ	232	22,05%	97	135
GB	37	3,52%	37	0
GBM	28	2,66%	28	0
GR	22	2,09%	19	3
HE	47	4,47%	9	38

HÚ8	16	1,52%	15	1
HÚ9	3	0,29%	3	0
ÍÞ	40	3,80%	32	8
ÍÞ1	6	0,57%	2	4
LN1	40	3,80%	10	30
MB	45	4,28%	12	33
MG	4	0,37%	4	0
NÁ	225	21,39%	104	121
ÓTN	27	2,57%	9	18
SB	8	0,76%	4	4
SB1	30	2,85%	23	7
SJ	20	1,90%	1	19
SJ-brú	2	0,19%	0	2
VH	41	3,90%	21	20
VSS	20	1,90%	10	10
<b>Samtals*</b>	<b>1.052</b>	<b>100,00%</b>	<b>534</b>	<b>518</b>

→ Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut


Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2011. Konur eru fleiri en karlar á öllum stúdentsbrautum nema Viðskipta- og hagfræðibraut.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2011

Mynd 2 sýnir að langflestir nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands koma frá Selfossi. Alls koma um 90% nemenda af Suðurlandi, frá Þorlákshöfn í vestri og austur í Vík. Aðrir nemendur koma úr öðrum


landshlutum. Tveir skiptinemar voru við nám við skólann veturinn 2011-2012 og komu þeir frá Danmörku og Bandaríkjunum.




Mynd 2: Búsetudreifing nemenda í dagskóla af Suðurlandi á haustönn 2011

Mikilvægt er að stunda námið vel til að ná góðum árangri, auk þess er skólasóknareinkunn metin inn í lokaeyki nokkurra áfanga. Skólasóknareinkunnir veturinn 2011-2012 eru svipaðar og síðustu ár. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.

Myndir 3a og 3b sýna dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2011-12.




Mynd 3a: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2011-12 (fjöldi nemenda)




Mynd 3b: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2011-12 (hlutfall af heild)

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 4a sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2011 og 4b sýnir fjölda staðinna eininga að hausti 2011.



Mynd 4a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2011






Mynd 4b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2011


Á haustönn 2011 luku 61 einstaklingur 0 einingum en þar af höfðu 55 hætt á önninni. 6 nemendur þreyttu próf og luku engri einingu.

Á haustönn 2011 voru 992 nemendur í skólanum og 540 þeirra eða 54,4% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2010 var hlutfallið rúmlega 49%. Á haustönn 2009 var hlutfallið einnig rúmlega 49% en á haustönn 2008 var það mjög svipað og nú.

Mynd 5a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er 20,4%. Það er heldur hærra en síðustu tvö ár en svipað og árin þar á undan.




Mynd 5a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2011-12




Mynd 5b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2011-12 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið og F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2011-12 í dagskóla

Á vorönn 2012 unnu stjórnendur að því að breyta umsjónarkerfi í samræmi við tillögur kennara og nemenda skólans. M.a. var það tilfinning margra kennara að ekki væri góð mæting í umsjónartíma. Því var gerð rannsókn á mætingu nemenda í umsjónartíma samanborið við mætingu almennt á fyrri hluta vorannar 2012. Á mynd 7 má sjá niðurstöðu þessarar úttektar.



Mynd 7: Meðalmæting á fyrri hluta vorannar 2012

### 1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Einn fundartími er fastur í töflu allra kennara. Sá tími er á miðvikudögum milli 11:05 og 12:20 og er hann nýttur með fjölbreytilegum hætti s.s. til fundahalda, námskeiða og fyrir fyrirlestra af ýmsum toga.

Dagskrá fundanna er skipulögð af stjórnendum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2011 til 2012, sem hér greinir.

#### **Miðvikudagaról haust 2011**

- 24.8. Afmælisundirbúningur.
- 31.8. Afmælisundirbúningur.
- 7.9. Afmælisundirbúningur.
- 14.9. Frágangur vegna afmælis.
- 21.9. Skólinn í okkar höndum.
- 28.9. Kennarafélagið.
- 5.10. Samráð í fögum.
- 12.10. Kennarafundur.
- 19.10. Valdagur.
- 26.10. Skólinn í okkar höndum.
- 2.11. Sjálfsmat.
- 9.11. Könnun - Olweus.
- 23.11. Kennarafundur.
- 30.11. Samráð í fögum.

#### **Miðvikudagaról vor 2012**

- 11.1. Samráð í fögum.
- 18.1. Heilsueflandi framhaldsskóli.
- 25.1. Kynning kennara skólans á nýlegum meistaraþrófsritgerðum sínum.
- 1.2. Skólinn í okkar höndum.
- 8.2. Kennarafundur.
- 15.2. Unnið að hugmyndum um nýtt umsjónar- og mætingakerfi.
- 22.2. Samráð í fögum - áfangar í boði fyrir næstu önn.
- 29.2. Kátir dagar.
- 7.3. Sigurjón Mýrdal - umfjöllun um námskrármál.
- 14.3. Valdagur.
- 21.3. Skólinn í okkar höndum.
- 28.3. Féll niður.
- 4.4. Páskafrí.
- 11.4. Samráð í fögum
- 18.4. Kennarafundur.
- 25.4. Samráð í fögum.

### **1.3.1 Stíklur í tímaröð**

Þessi liður er að stærstum hluta fenginn úr Veffréttum skólans en ritstjóri þeirra og pistlahöfundur er Guðfinna Gunnarsdóttir.

#### **Skólinn í okkar höndum**

Undirbúningur fyrir Skólann í okkar höndum fyrir skólaárið 2011-2012 hófst í ágúst. Þar er lögð áhersla á að vinna í meginþáttum verkefnisins: Olweus gegn einelti og andfélagslegu atferli, dagamun og skólabrag og nú bætist við fjórði meginþátturinn, heilsueflandi framhaldsskóli. Allir sem koma að starfi FSu taka þátt í verkefninu: Nemendur, kennarar, starfsfólk, stjórnendur og foreldrar.

Hópstjórar eru lykilaðilar þess að upplýsingaflæði milli þátttakenda sé virkt, í vetur gegndu því starfi: Helgi Hermannsson, Vera Valgarðsdóttir, Sverrir Geir Ingibjartsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Svanur Ingvarsson, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason og Ragnheiður Eiríksdóttir. Íris Þórðardóttir er tengiliður við Lýðheilsustöð vegna heilsueflandi framhaldsskóla. Verkefnisstjórar Skólans í okkar höndum á haustönn voru Agnes Ósk Snorradóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir en á vorönn tóku við þau Guðfinna Gunnarsdóttir og Svanur Ingvarsson.

#### **Tíu nýir kennarar**

Mánudaginn 15. ágúst var haldinn fundur með nýjum kennurum þar sem stjórnendur, tölvuþjónusta o.fl. kynntu ýmis mikilvæg atriði sem að skólahaldinu snúa. Tíu nýir kennarar hófu störf á haustönn: Kjartan Atli Kjartansson, þjálfari körfuboltaakademíunnar, Sólveig Sigmarsdóttur sem kennir dönsku, María de Lourdes Pérez Mateos sem kennir spænsku, Elín Una Jónsdóttur sem kennir íslensku, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir sem kennir stærðfræði, María Karen Ólafsdóttir sem kennir viðskiptagreinar og stærðfræði, Eyrún Björg Magnúsdóttir sem kennir félagsfræði og lífsleikni, Aníta Ólöf Jónsdóttir sem kennir NÁT113 og Hallgrímur Hróðmarsson sem kennir eðlisfræði og Eyrún Jónasdóttir sem kennir tónlistaráfanga á starfsbraut.

#### **Kórinn á ferð og flugi**

Þriðjudaginn 23. ágúst lagði kór FSu af stað í ferðalag til Parísar. Kórinn tók þátt í tónlistarhátíð þar sem tónlistarhópar víðsvegar að komu fram. Þar má nefna hóp frá Rússlandi, Rúmeníu, Póllandi, Eistlandi og Tékklandi. Á dagskrá voru fjölbreytt lög, flest íslensk. Að auki fékk hópurinn tækifæri til að hlusta á tónleika hinna kóranna og einnig að skoða sig um í París.

#### **Óvæntir gestir**

Í lok ágúst bar að garði óvænta gesti. Þrír háskólanemar, þeir Alexander Sahn, Justus Pfeifer og Simon Ebener Holscher frá Düsseldorf ákváðu að koma í heimsókn. Þeir höfðu verið að ferðast um landið og m.a. gengið Laugavegin inn í Þórsmörk. Þeim fannst hins vegar of mikið að ganga yfir Fimmvörðuháls og kusu heldur að ganga upp á þriðju hæð skólans og líta inn í tíma í Ensku 103 og Þýsku 103 hjá Ægi Pétri Ellertssyni. Nemendur í Þýsku 103 nýttu sér tækifærið til að æfa nýfengna þekkingu sína á þýsku til að spyrja þá félaga spjörum um og svara spurningum þeirra. Eins báru menn saman stafrófið í báðum málum.

### **Ný kennslustofa í Bitru**

Mánudaginn 29. ágúst var ný kennslustofa, sem rúmar allt að 15 nemendur, tekin í notkun í fangelsinu í Bitru. Áður hafði skólinn til afnota litla vistarveru sem rúmaði að hámarki 6 nemendur en nú er öldin önnur. „Þetta er bylting ekki breyting,“ sagði Ingi S. Ingason, kennslustjóri á Litla Hrauni. 15 nemendur eru skráðir í nám í Bitru á þessari önn, en þrír kennarar kenna í Bitru, Úlfur Björnsson kennir stærðfræði og landafræði, Helgi Þorvaldsson kennir ensku og Gylfi Þorkelsson kennir íslensku.

### **Ráðstefna um heilsueflandi framhaldsskóla**

Um mánaðarmótin ágúst/september sóttu þær Íris Þórðardóttir, forvarnarfulltrúi, Guðfinna Gunnarsdóttir, félagsmálafulltrúi og Agnes Ósk Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi, ráðstefnu um heilsueflandi skóla. Heilsueflandi framhaldsskóli er einn af þáttum verkefnisins Skólinn í okkar höndum. Ráðstefnan var vel sótt, enda dagskráin fjölbreytt og tileinkuð bæði grunn- og framhaldsskólum. 31 framhaldsskólar hafa skráð sig í verkefnið og fjöldi grunnskóla hafa einnig bæst í hópinn. Fyrir hádegi var fjöldi erinda á dagskrá, ávörp frá velferðaráðherra, mennta- og menningamálaráðherra sem og landlækni. Aðalfyrirlesari var Clive Blair-Stevens, en hann sérhæfir sig í félagslegri markaðsfærslu. Málstofur tileinkaðar grunnþemum verkefnisins, næringu, hreyfingu, geðrækt og lífstíl voru svo á dagskrá eftir hádegi, þar sem verkefnið var nánar kynnt. Allt efni tengt ráðstefnunni er hægt að nálgast inni á vef Lýðheilsustöðvar.

### **FSu 30 ára**

30 ára afmælisfagnaður FSu sem haldinn var þriðjudaginn 13. september, gekk afar vel og var gleði í húsinu frá morgni til kvölds. Dagurinn byrjaði á ljúfum djassnótum í anddyri skólans þar sem Stefán Þorleifsson, Ragnar Geir Brynjólfsson og Karítas Harpa spiluðu og sungu. Hátíðin var sett af skólameistara og formanni nemendaráðs og því næst var haldið af stað í skrúðgöngu þar sem marserað var við undirleik lúðrasveitar undir stjórn Róberts Darling. Gengin var gamla hlaupabrautin undir forystu fyrrverandi skólameistara, Þórs Vigfússonar og staldrað við þær byggingar á Selfossi sem kennt var í á fyrstu árum skólans. Að göngu lokinni var haldið inn í hús aftur og gæddu menn sér á staðgóðum morgunverði sem fyrirtæki á Suðurlandi buðu til. Landlæknir og fulltrúi landlæknisembættisins komu og staðfestu FSu sem Heilsueflandi skóla.

Því næst tók við opin dagskrá þar sem nemendur og kennarar sýndu listir sínar, lesin voru ljóð, skólastofur voru opnar, fótboltamót var sett af stað og margt hægt að skoða.

Þjóðlagahljómsveitin Korka stýrði dansi í miðrymi skólans og svo var boðið upp á afmæliskringlu.

Seinnipart dags hélt hátíðin áfram með kjötsúpuveislu og kvölddagskrá þar sem fjölmargir komu fram og fluttu kveðjur og ávörp og gáfu gjafir til skólans. Þar á meðal kynnti Gylfi Þorkelsson, kennari við skólann, sögu skólans sem hann ritaði. Kvöldið endaði á fjörugum nótum með stuðhljómsveitinni Dúxarnir sem kom sérstaklega saman af þessu tilefni, en hljómsveitina skipa fyrrum nemendur skólans.

## **FSu - Hornsteinn í héraði**

Gylfi Þorkelsson, íslenskukennari við FSu, kom fram á 30 ára afmælishátíð skólans og afhenti skólameistara og fleirum eintök af ritgerð sinni, *Fjölbrautaskóli Suðurlands – Hornsteinn í héraði 1981-2011*. Ritgerðin er 30 eininga lokaverkefni Gylfa í MPA (Master of Public Administration) við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin var unnin í samstarfi við skólann og kostaði skólinn prentun hennar sem og réttinn til að birta hana í heild eða hluta á heimasíðu sinni.

Ritgerðin segir fyrst frá rötum fjölbrautaskólans, allt frá því fyrst var farið að ræða sameiginlegan skóla fyrir Árnesinga, Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga um 1880, lögum og námskrám um framhaldsskólastigið frá 1970, og námsvísunum fyrir fjölbrautaskóla frá 1978 þegar sá fyrsti kom út. Síðan segir frá aðdragandanum, stofnun skólans og starfi hans til þessa dags.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að skólinn standi sig vel. Hann hefur tekið frumkvæði í þróunarstarfi og námsframboði, starfsandi mælist þar betri en almennt í ríkisstofnunum, vísbendingar eru um það að stúdentar frá skólanum ljúki háskólanámi fyrir en nemendur annarra skóla, nemendur skólans gefa honum góða einkunn í könnunum um gæði náms og kennslu og við skólann starfar þéttur kjarni starfsmanna sem ílengist við stofnunina. Einnig kemur fram að skólinn hafi alla tíð lagt metnað sinn í það að taka við öllum nemendum sem sækja um skólavist og bjóða þeim upp á fjölbreytt nám. Skólinn stendur því með sóma undir kröfu menntamálayfirvalda að vera „framhaldsskóli fyrir alla“.

## **Afmælisgjafir**

Fjöldi góðra gjafa voru afhentar skólanum á 30 ára afmæli hans. Þar á meðal má nefna 500.000 króna peningagjöf frá Hollvarðasamtökum FSu, Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands, Héraðsnefnd Árnesinga og SASS gáfu skólanum gjafabréf í TRS og Árvirkinn gaf dyrasímabúnað og mælitæki til kennsluafnota við rafiðnaðardeild skólans. Að auki fékk skólinn fjölmargar bókagjafir, blómvendi og skeyti

## **Gulrófugjöf**

Félag gulrófnabænda gaf öllum framhaldsskólum sem taka þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli 25 kg af gulrófum. Markmið gulrófnabænda með þessu framtaki er að kynna gulrófuna fyrir ungu fólki og auka neyslu hennar á landsvísu. Gulrófur innhalda litla orku, mikið af trefjum og eru fullar af c-vítamínum.

## **Erindi um heimspekikennslu við FSu**

Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari við FSu, flutti erindi á málstofu á ráðstefnu um gagnrýna hugsun og siðfræði í Háskóla Íslands. Erindið hennar hét *Vangaveltur um reynslu af heimspekikennslu við FSu*. Upp spunnust mjög áhugaverðar umræður í kjölfarið þar sem FSu fékk m.a. hrós fyrir að vera eini framhaldsskólinn sem býður upp á heimspeki sem kjörsvið og að kennslan virtist ná vel til nemenda og stuðla að gagnrýninni hugsun þeirra og efla siðferðisvitund.

Í tengslum við ráðstefnuna var opnaður áhugaverður vefur um gagnrýna hugsun og siðfræði: <https://gagnryninhugsun.hi.is/>, en þar má lesa meira um ráðstefnuna og hvernig efla megi vægi þessara þátta í menntun.

## **Deine Stimme**

Föstudaginn 30. september kom tvíeykið Fabio Niehaus og Sandro Jahn, tónlistarmenn frá Hamborg í Þýskalandi í heimsókn. Þeir félagar eru að vinna að fjölpjódlegu verkefni, sem ber heitið Deine Stimme, sem felst í því að sýna nemendum fram á sitthvað sem hægt er að gera með röddinni, og taka upp raddir þeirra. Upptökunum verður svo skellt saman og hægt verður að hala niður lag byggt á upptökunum. Niðurhalið verður selt á vægu verði á netinu og fjármununum, sem aflast, varið til menntunar götubarna á Filippseyjum. Netslóðin verður: [www.invasion-der-stimmen.de](http://www.invasion-der-stimmen.de). Niðurhalið mun kosta 0,99 €

## **Nemendur frá FSu í Undankeppni EM**

Tveir nemendur skólans, þau Eva Lind Elíasdóttir og Svavar Berg Jóhannsson, voru valdir til að keppa í undankeppni EM með U17 landsliðunum í knattspyrnu.

## **Forvarnardagurinn 5. október**

Í FSu var ákveðið að gera forvarnardeginn 5. október skil með því að ræða við alla nemendur í ÍPR101, sem eru allflestir nýnemar skólans. Þeir Sverrir Geir og Magnús Íþróttakennarar tóku verkefnið að sér og nýttu íþróttatíma vikuna 3.- 7. október til að ræða við nemendur. Þeir sýndu myndbönd af vefnum <http://www.forvarnardagur.is/> þar sem m.a. voru myndbönd frá nemendum í FSu og síðan var umræða um myndefnið og mikilvægi þess að leiða hugann að þessu málefni.

## **Góð samvinna**

Smíðahópur af Starfsbraut undir handleiðslu Svans Ingvarssonar kennara í tréiðnum, heimsótti börn frá leikskólanum Álheimum og tók þátt í útikennslu með þeim. Hópurinn fór ásamt börnunum yfir í skóginn við Gesthús á Selfossi að rífa gamlan sólpall. Smíðahópurinn stóð sig frábærlega og voru nemendur mjög duglegir að rífa pallinn og góðir við krakkana. Þeir pössuðu vel upp á að enginn meiddist, losuðu spýtur og staura og réttu krökkunum sem báru efnið burt með samhentu átaki og var pallurinn horfinn á innan við klukkutíma. Skemmtilegt samstarf og holl útivist sem allir höfðu gaman af, nemendur sem kennarar.

## **Aðalfundur foreldrafélagsins og foreldrakvöld**

Þriðjudagskvöldið 18. október var haldið foreldrakvöld í FSu og jafnframt aðalfundur Foreldrafélags FSu. Á fundinum kynntu Agnes Ósk Snorradóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir verkefnið Skólinn í okkar höndum. Þá kynntu skólameistari og námsráðgjafar skólann.

## **Fróðlegir fyrirlestrar hjá akademíum**

Nemendur í íþróttakademíum FSu fá reglulega fyrirlestra um markmiðssetningu og forvarnir. Matti Ósvald Stefánsson, heilsufræðingur hefur haldið fyrirlestur um forvarnir. Brynjar Karl, frumkvöðull og fyrrum þjálfari körfuknattleiksakademíu FSu, hefur haldið fyrirlestra fyrir nemendur um markmið, frammistöðumat, lífsfyllingu og fleira. Hann segist hafa skemmt sér mjög vel og fundist gaman að hitta nemendur og kennara. „Við höfum rætt um hver eru réttu gildin, viðhorf og viðmið og hvernig þau breytast og hvernig þau hafa áhrif á okkur,“ sagði Brynjar Karl. „Einnig höfum við rætt um mikilvægi ákvarðana og hvernig ákvarðanir verða



til. Hver er ástæðan fyrir því að sumir ná árangri og eru hamingjusamir og þeirra sem ná ekki sama árangri og eru þunglyndir, daprir og kvíðnir. Hver er okkar áhrifahringur og hvenær erum við í föst í áhyggjuhringnum. Svo rúllum við í gegnum verklag í því hvernig við staðsetjum okkur, setjum okkar markmið og lýsum leiðinni að markinu. Annað sem að fékk að fljóta með í umræðunni voru t.d. mikilvægi líkamstjáningar og hvernig við gerum tímann skemmtilegan. Þetta var æðislega gaman og ég skemmti mér konunglega. Nemendur og kennarar í FSu gera skólann að yndislegasta skóla sem að ég þekki,“ segir Brynjar að lokum.

### **Heimsókn frá Palestínu**

Tveir hjálparstarfsmenn frá Rauða hálfmánanum þeir Muhammed Alqahawaji Amal og Jawdat Almuhtaseb heimsóttu skólann um miðjan október. Rauði hálfmáninn eru samtök sambærileg við Rauða krossinn hér á landi. Mennirnir eru hér staddir til að fá fræðslu og þjálfun í sjúkraflutningum auk þess sem þeir kynnast starfi Rauða krossins hér á land. Að auki ferðast þeir um landið og heimsækja starfsstöðvar Rauða krossins og nokkra skóla. Mennirnir koma frá Hebron annars vegar og Gaza hins vegar. Þeir skoðuðu skólann og fóru í tíma hjá Rósu Mörtu Guðnadóttur íslenskukennara og Lárusi Bragasyni sögukennara. Þar sögðu þeir frá ástandinu í Palestínu og lýstu lífskjörum þar. Þeim þótti merkilegt að hafa dvalist nokkra daga á Íslandi og aldrei þurft að sýna skilríki. Nemendur sýndu fyrirlestri þeirra mikinn áhuga og spurðu margs.

### **Dönsk skólakynning**

Föstudaginn 28. október komu fulltrúar frá Erhvervsakademiet Lillebaelt í Óðinsvéum Danmörku og kynntu nemendum námsframboð skólans. Skólinn býður upp á framhaldsnám í iðnmennt, má þar nefna byggingarfræði, byggingariðnfræði, rafmagnsiðnfræði, margmiðlunarhönnun og fleira.

### **Samtök iðnaðarins og Forseti Íslands í heimsókn**

Þriðjudaginn 1. nóvember kom forseti Íslands og fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins (SI) í heimsókn í Fjölbrautaskóla Suðurlands sem og nokkur fyrirtæki á Selfossi. Gestirnir voru auk forsetans skrifstofustjóri forsetaembættisins Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri SI Orri Hauksson og forstöðumenn SI, þær Katrín D. Þorsteinsdóttir og Rakel Pálsdóttir. Gestirnir heimsóttu verknámið í Hamri, skoðuðu aðstöðuna þar og ræddu við nemendur og kennara. Því næst var haldið á sal skólans í Odda og var nemendum sýnt myndband þar sem nokkur tæknifyrirtæki eru kynnt, hvernig störfin þar eru og að það sé þörf á ungu fólki í þau og einnig var fjallað um menntunarmál frá sjónarhóli atvinnulífsins. Forsetinn ávarpaði svo nemendur og fjallaði um nýsköpun á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Hann hvatti nemendur til bjartsýni og til dáða á sviði nýsköpunar. Gestunum er þökkúð ánægjuleg heimsókn.

### **Iðnnámsdagur**

Iðnnámsdagur var haldin hátíðlegur miðvikudaginn 2. nóvember hér í FSu. Fulltrúar frá IÐUNNI fræðslusetri og Rafiðnaðarsambandi Íslands komu sér vel fyrir í miðrymi skólans og kynntu fyrir gestum og gangandi allt iðnnám sem er í boði á Íslandi. Þetta er í annað sinn sem Náms-og starfsráðgjöf FSu stendur fyrir þessari upptöku og mælist hún vel fyrir.

Þess má geta að FSu er eini framhaldsskólinn á landinu sem fer þessa leið í að kynna iðnnám á Íslandi fyrir nemendum.

### **Stórskemmtileg söngkeppni**

Fimmtudaginn 10. nóvembersvifu rómantískir andar yfir vötnum á vel heppnaðri söngkeppni Nemendafélags FSu sem haldin var í Íþróttahúsinu Iðu. Yfirskrift kvöldsins var *Allt fyrir ástina*. Iða var skreytt hátt og lágt í rómantískum stíl, hörpuleikari lék ástarlög á meðan áhorfendur komu sér fyrir í salnum og fiðluleikarar töfrðu fram ástarljóð í anddyri Iðu. Á milli söngatriða fengu áhorfendur að fylgjast með ástarsögu í beinni sem leikkлубbur nemendafélagsins hafði samið og útfært.

Sigurvegari kvöldsins var Gunnlaugur Bjarnason sem söng GusGus lagið *Within you*. Í öðru sæti varð Jökull Logi Arnarsson sem söng lagið *Queen of Denmark* og Írena Víglundsóttir hafnaði í 3. sæti með lagið *Roxanne*, en Írena sigraði einnig símakosningu keppinnar.

Fimmtán tónlistaratriði voru á dagskrá og mikill metnaður og hæfileikar sem þar komu fram og átti dómnefndin erfitt hlutverk fyrir höndum að velja einn sigurvegara. Í dómnefnd sátu Þórunn Antonía söngkona, tónlistarmaðurinn Haffi Haff og Páll Sveinsson, trommuleikari. Keppnin var afar vel sótt, en um 800 áhorfendur fylltu Iðu og er það aðsóknarmet á þennan stærsta viðburð nemendafélagsins á haustönn.

### **Af hógværð og ástúð**

Rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson kom og heimsótti nemendur FSu í ÍSL 103 og ÍSL 503 föstudaginn 11. nóvember. Haldnar voru tvær „samræður“ með Jóni á sal skólans í Gaulverjabæ þar sem allir viðstaddir gátu spurt hann um vinnuáferðir hans og einkum skáldsögu hans *Sumarljós og svo kemur nóttin* en hún er lesin í ÍSL 103. Óhætt er að segja að Jón Kalman hafi heillað alla viðstadda með hógværð sinni og snjöllum svörum. Í skriflegum viðbrögðum nemenda sem þeir unnu eftir heimsókn hans kom skýrt fram hversu vel hann náði til nemenda og þeir til hans. Einn þeirra komst svo að orði að „...það hefði verið svo fróðlegt að heyra svör hans við spurningunum og hlusta á hann segja frá Sumarljósi. Hann talaði líka af svo mikilli ástúð um persónur sögunnar.“

### **Fleiri hjóla í skólann**

Það er eftirtektarvert að stórlega hefur fjölgað í hópi þeirra sem koma hjólandi í skólann. Á þetta bæði við um nemendur og kennara og má því segja að þetta sé jákvæð þróun og í anda heilsueflingar í FSu. Hér áður fyrr þótti frétt næmt ef fleiri en þrír nemendur kæmu á hjóli en nú anna hjólastandar ekki eftirspurn, sem er jákvætt vandamál.

### **Fjórir hlutu viðurkenningu á degi íslenskrar tungu**

Íslenskudeild og bókasafn FSu gengust fyrir samkeppni meðal nemenda skólans í skapandi skrifum þar sem þeir voru hvattir til að skrifa ljóð, örsögu, fullyrðingu eða stutta hugleiðingu um lífið og tilveruna. Voru úrslit kynnt á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Keppt var í tveimur flokkum, annars vegar þar sem form og efni var frjálst en hins vegar þar sem efnið mátti tengjast nafni, ævi og/eða skáldskap Jónasar Hallgrímssonar. Þátttaka var góð og áætlaði dómnefnd, sem í sátu Örlygur Karlsson, Kristín Þórarinsdóttir og Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir, að um eitt hundrað textar hafi borist í keppnina. Niðurstaða hennar var sú að

veita fjórum nemendum verðlaun en gera að öðru leyti ekki upp á milli þeirra. Í frjálssa flokknum hlutu viðurkenningu Gunnlaugur Bjarnason fyrir ljóðið *Að vona*, Iðunn Rúnarsdóttir fyrir ljóðið *Námsleiða* sem hún orti að limerískum hætti og Vala Hauksdóttir fyrir ónefnt ljóð þar sem dregin er upp tilfinningarík mynd af sambandi ljóðmælanda og skólans. Í Jónasarflokki var ein viðurkenning veitt Magnúsi Ágústi Magnússyni fyrir ljóðið *Listin fagra*.

### **Jólatónleikar kórsins**

Þriðjudaginn 29. nóvember hélt kór Fjölbautaskólans jólatónleika sína. Gestur tónleikanna var Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og sérstakur gestur var Ólafur Þórarinsson. Voru tónleikarnir teknir upp.

### **Góð gjöf**

Á önninni var skólanum afhent vegleg gjöf, umönnunarbekkur fyrir fatlaða, sem mun koma sér vel fyrir nemendur á starfsbraut FSu. Aðstaða til umönnunar fatlaðra í skólanum batnar til muna við þetta, en einnig er búið að útbúa sérstakt salerni á 3. hæð skólans fyrir nemendur með sérþarfir. Bekkurinn er gjöf frá Kvenfélagi Selfoss, Sambandi sunnlenskra kvenna, Soroptimistaklúbbi Selfoss, Zontaklúbbi Selfoss og Kiwanisklúbbum Búrfelli.

### **Kattafár og músagangur í FSu**

Föstudaginn 25. nóvember birtust glaðlegar mýs og kátir kettir í morgunsárið og léku á alls oddi. Þetta voru dimitantar skólans í gervi teiknimyndapersónanna Tomma og Jenna mættir til að kveðja skólann sinn áður en próflestur hæfist. Þeir fóru með sérstakar útgáfur af Eddukvæðum og Völuspá og sungu kveðjuljóð. Klárar þessir taka svo á móti prófskírteinum á brautskráningardag, laugardaginn 17. desember.

### **Sjötíu og fimm brautskráðir**

Brautskráning fór fram í FSu laugardaginn 17. desember. Alls útskrifaði skólinn 75 nemendur að þessu sinni, þar af 50 stúdenta. Flestir brautskráðust af félagsfræðibraut eða 20 nemendur, 11 nemendur brautskráðust af náttúrufræðibraut, 4 af málabraut, 6 af viðskipta- og hagfræðibraut og 9 luku viðbótarnámi við stúdentspróf að loknu starfsnámi. Fimm nemendur brautskráðust af tveimur brautum.

### **Góður námsárangur**

Að venju voru veittar viðurkenningar við brautskráningu fyrir mjög góðan árangur í námsgreinum sem og viðurkenningar fyrir bestan heildarárangur í námi. Þórey Jóna Guðjónsdóttir hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í íslensku, spænsku, raungreinum og viðskipta- og hagfræðigreinum. Þórdís Helgadóttir fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í spænsku, Edda Björk Konráðsdóttir fyrir góðan árangur í þýsku, Vala Hauksdóttir fyrir góðan árangur í félagsfræði og myndlist og textíl, Daníel Guðmundur Daníelsson hlaut viðurkenningu í sögu, Guðmundur Stefánsson fékk viðurkenningu í heimspeki og kór, Guðmundur Hjaltason fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í viðskipta- og hagfræðigreinum, Anton Guðjónsson hlaut viðurkenningu fyrir félagsstörf og Haraldur Blöndal Kristjánsson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í raungreinum.

Verðlaun fyrir bestan heildarárangur í námi hlaut Þórey Jóna Guðjónsdóttir, en hún fékk einnig námsstyrk frá Hollvarðasamtökunum ásamt þeim Eddu Björk Konráðsdóttur og Haraldi Blöndal Kristjánssyni.

### **Upphaf vorannar**

Skólinn var settur og stundaskrár afhentar föstudaginn 6. janúar. Kennsla hófst sama dag kl. 9:45.

### **Gettu betur-liðið í 8-liða úrslit**

Gettu betur lið FSu er komst í 8-liða úrslit keppinnar eftir sigur á Starfsmenntabrautinni á Hvanneyri. Lið FSu skipa þeir Eyþór Heimisson, Gísli Þór Axelsson og Gunnlaugur Bjarnason. Þetta er þriðja árið í röð sem FSu kemst í sjónvarpið og fimmta skiptið frá árinu 2006. Það má því með sannri segja að FSu sé á góðri siglingu í keppninni og spennandi verður að fylgjast með skólanum næstu árin.

### **Þjóðlegur bóndadagur**

Starfsfólk FSu gerði sér glaðan dag í upphafi Þorra á bóndadaginn og mætti þjóðlega klætt til vinnu, sumir í lopa, sumir í húfu og enn aðrir í gúmmítúttum og lopasokkum. Boðið var upp á sviðakjamma, rófustöppu og annað þorragóðgæti í hádeginu. Starfsmenn á skrifstofu skólans buðu gestum og gangandi upp á hákarl og harðfisk og gekk fólk á lyktina í leit að bita.

### **„Ísan" - íslenska sem annað mál**

Íslenska sem annað mál eða „Ísan" svokallaða, gekk í endurnýjun lífdaga á nýrri önn. Áfangarnir, fimm talsins, voru kenndir samtímis í sömu stofunni og var nemendum skipt í hópa. Önninni var skipt í þrjá þætti eða eftirfarandi þemu: 1) Ísland áður fyrr, 2) Ísland í dag og 3) Ég og löndin mín. Í hverjum þætti er lögð áhersla á málfræði, bókmenntir, ritun og tjáningu. Markmið ísunnar skv. nýrri áfangalýsingu er m.a. að nemendur auki þekkingu sína og skilning á sögu lands og þjóðar og öðlist hlutdeild í íslensku samfélagi án þess að missa tengslin við uppruna sinn. Kennarar Ísunnar eru Ragnhildur E. Sigfúsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, Elín Una Jónsdóttir og Hrefna Clausen.

### **Góð gjöf**

Í lok janúar kom Ármann Ægir Magnússon, gjaldkeri í FIT- félagi iðn-og tæknigreina, færandi hendi með sloppa að gjöf í trédeild skólans. Þetta er þáttur í ánægjulegu samstarfi þessa ágæta félags og FSu sem hefur varað í mörg ár. Slopparnir koma í góðar þarfir og eru þegar komnir í fulla notkun. Kann skólinn þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn og góðan hug.

### **Frumleg frumgerð**

Nemendur í NÁT103 unnu að skemmtilegu verkefni fyrstu viku febrúarmánaðar þar sem þeir voru að kynna sér starfsemi frumna. Markmiðið með æfingunni var að sköpunargáfa nemenda fengi að njóta sín í því að gera líkan af frumu. Þeir kynntu sér byggingu og starfsemi frumunnar um leið og líkanið var búið til. Gera mátti annað hvort líkan af plöntu- eða dýrafrumu en skilyrði var að nota æt matvæli sem ekki þyrftu að vera geymd í kælskáp. Ekki

mátti nýta matvæli sem lyktuðu illa. Sem dæmi notuðu nemendur meðal annars sætar kartöflur, melónur, kökur og margt fleira í líkön sín.

### **Grímuvinna í leiklistaráfanga**

Nemendur í LEK103, sem er valáfangi í leiklist, fá að reyna sig við mismunandi æfingar og verkefni til að þjálfra sig í leikrænni tjáningu. Í febrúamánuðiunnu þeir með grímur, en markmiðið með grímuvinnunni er að auka vitund leikaranna um líkama sinn og hvað gerist þegar við höfum ekki andlitið eða rödd til að sýna tilfinningar. Engar tvær grímur eru eins og sýna þær mismunandi svipbrigði.

### **Landskeppni í eðlisfræði**

Fjórir nemendur FSu tóku þátt í landskeppni í eðlisfræði. Um 200 nemendur úr framhaldsskólum landsins taka árlega þátt í keppninni. Þeir sem standa sig best fá möguleika á að taka þátt í úrslitakeppninni sem fer fram helgina 25. til 25. mars og hljóta peningaverðlaun. Allt að fimm efstu nemendum úr þeirri keppni býðst að taka þátt í Ólympíuleikunum í eðlisfræði sem fara fram í Tallin í Eistlandi 15. til 24. júlí næstkomandi. Þessir nemendur fá þjálfun og undirbúning í Háskóla Íslands bæði í fjarnámi og í skólanum sjálfum. Þátttakendur frá FSu voru þau Bryndís Ósk Valdimarsdóttir, Gunnar Bjarki Hjörleifsson, Jakob Örn Guðnason og Laufey Rún Þorsteinsdóttir.

### **Starfsmenntun- hvert skal stefna?**

Um miðjan febrúar var haldinn fundur um framtíð starfsmenntar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Hótel Rangá. Þetta var fyrsti landshlutfundurinn í fundarröð ráðuneytisins um þetta málefni og tengist innleiðingu nýrra laga um menntun og stefnumótun um starfsmenntun til framtíðar. Þátttakendur á fundinum voru fulltrúar framhaldsskóla, grunnskóla, fræðslunefnda, foreldra, atvinnulífs, framhaldsfræðsluaðila, atvinnuþróunarfélaga, nemenda, sveitarstjórna, fræðslustjórar og náms- og starfsráðgjafar. Umræðuefnið var fjölbreytt, m.a. var rætt um hvernig gera megi starfsmenntun sýnilegri og eftirsóknarverðari fyrir nemendur óháð aldri, kyni, búsetu og uppruna. Einnig var rætt um framboð og eflingu starfsmenntunar á Suðurlandi og hverjar þarfir landshlutans eru fyrir starfsmenntun. Fulltrúar frá FSu voru: Agnes Ósk náms- og starfsráðgjafi, Grímur Lúðvíksson og Svanur Ingvarsson verkmenntakennarar og Ægir Sigurðsson sviðsstjóri og kennari. Einnig tóku þátt nemendurnir Anna Rut Arnardóttir, Aldís Þórunn Bjarnadóttir, Jóhann Reynir Sveinbjörnsson og Hróbjartur Heiðar Ómarsson. Jóhann Reynir og Hróbjartur héldu erindi um nám sitt í FSu og stóðu sig með stakri þryði.

### **Félagsfræði í Ráðhúsi Árborgar**

Þriðjudaginn 14. febrúar fóru hópar í Félagsfræði 303, stjórn málafræði, í kynningu í Ráðhús Árborgar. Framkvæmdastjóri Árborgar, Ásta Stefánsdóttir, og forseti bæjarstjórnar, Ari B. Thorarensen, tóku á móti nemendum og kennara og kynntu starfsemi sveitarfélaga, kosningar á sveitarstjórnarstiginu og málefni sem tengjast sveitarstjórnarmálum. Vel var tekið á móti hópunum. Nemendur sem og kennari, voru að vonum ánægðir að fá tækifæri til að læra af nærsamfélaginu sem er tilbreyting frá hinu hefðbundna námsefni.

### **Litli prinsinn í eðlisfræði**

Er hægt að vinna með eðlisfræði og frönsku í eina og sama verkefninu? Já, svo virðist vera, en Hallgrímur Hróðmarsson, eðlisfræðikennari, hefur fléttað hina frægu sögu „Litli Prinsinn“ inn í kennslu hjá sér. Í verkefninu sem um ræðir eiga nemendur að reikna út massa, aðdráttarafli og margt fleira í tengslum við stjörnuna sem prinsinn býr á. Um leið fá nemendur léttu kynningu á sögunni sjálfri og umræðu um efni hennar.

### **Lífsleikninemendur kynna áhugamál**

Nemendur í lífsleikni kynntu áhugamálin sín fyrir gestum og gangandi. Verkefnið snerist um að nemendur völdu sér áhugasvið og bjuggu til bása framan við stofu 201. Síðanvar blásið til kynningar. Verkefnið hefur tekist vel og gaman að sjá hversu fjölbreyttar kynningar eru. Fjórir hópar eru í lífsleikni á vorönn, alls um 130 nemendur.

### **Þýskupraut**

Í febrúar ár hvert býður Félag þýskukennara á Íslandi nemendum allra framhaldsskóla landsins að reyna kunnáttu sína í þýsku með því að glíma við svokallaða þýskupraut. Að þessu sinni glímdu tveir nemendur FSu við þrautina, þær Bryndís Karen Pálsdóttir og Nína Guðrún Guðjónsdóttir. Þrír nemendur sem best standa sig á landsvísu fá í verðlaun þriggja til fjögurra vikna dvöl í Þýskalandi. Einnig eru þeim veitt bókaverðlaun fyrir 20 efstu sætin og allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal.

### **Tíminn og vatnið - myndað um allan bæ**

Það er vissulega ekki fyrirhafnarlaust að finna endanlegu merkingu Tímans og vatnsins eftir Stein Steinarr enda óvíst hvort það er yfir höfuð mögulegt. Það er hins vegar mun auðveldara að skynja ljóðið og upplifa það. Þessu hafa nemendur í ÍSL503 fengið að kynna undanförunu og hafa þeir nú túlkað ljóðið með ljósmynd. Nemendur fengu fullt listrænt frelsi til að miðla með linsunni þeim hughrifum sem ljóðið blés þeim í brjóst. Brot af þessum ljósmyndum nemenda hangir uppi á 1. hæð við bókasafnið. Marga rak í rogastans þegar fyrsti hluti Tímans og vatnsins kom út árið 1948 enda ruddi ljóðið nútímanum braut inn í ljóðagerð Íslendinga. Nú ríflega 60 árum seinna rekur nemendur í FSu í rogastans. Kennarar í ÍSL503 eru þau Jón Özur, Elín Una og Rósa Marta.

### **Hús í smíðum**

Eitt verkefna nemenda á fjórðu önn í húsasmíði er að smíða lítil gestahús. Það er gert undir handleiðslu Kristjáns Þórðarsonar. Þessi hús eru smíðuð í áfanga sem heitir timburhús, sem er einn fjölmargra áfanga í húsasmíðanáminu. Í áfanga sem heitir gluggar og útihurðir smíða nemendur hurð og glugga í húsið. Smíðin gekk vel, enda nemendur viljugir. Nemendum finnst gaman að sjá húsið rísa, sjá afraksturinn eftir gott dagsverk. Verkefni sem þetta hafa verið unnin í FSu í um sex ár og gagnast nemendum mjög vel til að öðlast skilning á því hvernig timburhús eru uppbyggð og læra hvernig best er að standa að smíðinni.

### **Ný plötusög**

Í lok febrúar var tekin í notkun ný plötusög sem leysir af hólmi yfir 30 ára gamla sög sem hefur verið í notkun frá stofnun skólans. Með nýju söginni nálgast trédeildin betur nútímann,

þar sem flestar trésmíðavélar eru að nokkru eða öllu leyti tölvustýrðar. Því var orðið tímabært að skipta þeirri gömlu út til að fylgja eftir því sem er að gerast á markaðnum. Það helsta sem nýja sögin hefur umfram þá gömlu er meiri nákvæmni, fljótlegri er að stilla upp á saganir, auk þess sem hún er öruggari.

### **Vel heppnað Flóafár**

Harry Potter liðið sigraði Flóafár 2012 sem haldið var í föstudaginn 2. mars. Fimm lið voru skráð til leiks, en í Flóafári búa nemendur til lið og nota um 3 vikur til að undirbúa þema og skipuleggja sig. Hvert lið fær sérstakt heimasvæði til að skreyta og svo keppa liðin í þrautum út um allan skóla sem kennarar hafa útbúið. Eins og áður sagði sigraði Harry Potter liðið í heildina, en einnig eru veitt sér verðlaun fyrir árangur í einstökum greinum. Rokkabíllý liðið hlaut viðurkenningu fyrir besta skemmtiatriðið og besta heildasvipinn. Lið Ofurhetjanna var með besta herópið og Harry Potter-liðið fékk verðlaun fyrir bestu borðalagninguna. Starfsmenn leggja mikið á sig í Flóafári og íklæðast skemmtilegum búningum. Að þessu sinni fengu Guðmundur Björgvin Gylfason og Sólveig Sigmarsdóttir verðlaun fyrir besta klæðnaðinn, en þau mættu í gervi Ástríks og Steinríks.

### **Vel heppnaður Háskóladagur**

Háskóladagur fór fram í FSu 8.mars. Það er hefð fyrir því í FSu að halda svokallað Háskólatorg á vorönn þar sem allir háskólar á Íslandi kynna námsframboð sitt. Í ár var uppákomman í samvinnu við Háskóladag sem fór fram í Reykjavík 18. febrúar síðastliðinn og komu líka fulltrúar frá danska sendiráðinu með kynningu á námi í Danmörku. Að þessu sinni fékk 4. bekkur í Menntaskólanum að Laugarvatni formlegt boð á kynninguna og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna. Aðsókn á Háskóladaginn var með besta móti. Framkvæmd háskóladagsins var í höndum náms-og starfsráðgjafar FSu. Tveir fyrrverandi nemendur FSu, þær Dóra Haraldsdóttir og Erla Hezal Duran, mættu til að kynna frönskunám við Háskóla Íslands.

### **Rætt um hestamennsku**

Fimmtudaginn 8. mars komu fjórir fulltrúar úr starfsgreinaráði í umhverfis- og landbúnaðargreinum í heimsókn í skólann og ræddu við kennara sem kenna hestamennsku við FSu. Einnig kom á fundinn Haraldur Þórarinsson formaður Landsambands hestamannafélaga. Rædd voru málefni námsbrautar í hestamennsku við skólann og þróun þeirrar brautar. Einnig var farið í heimsókn í Votmúla og fylgst með kennslu í reiðmennsku.

### **Sigurjón Mýrdal - Námskrármál**

Miðvikudaginn 7. mars kom í heimsókn í skólann Sigurjón Mýrdal sem er deildarstjóri Stefnumótunar- og þróunardeildar í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Sigurjón fjallaði um námskrármál. Umfjöllunin var í tengslum við útgáfu nýrrar aðalnámskrár.

### **Forritunarkeppni framhaldsskólanna**

Tvö lið frá FSu kepptu í Forritunarkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Alls kepptu 44 lið í 3 deildum og var þetta fjölmennasta forritunarkeppnin frá upphafi. Algengast er að þrjú keppendur séu í liði en eitthvað var nú um tveggja eða jafnvel

eins manns lið. Annað liðanna frá FSu komst á blað í Howard Wolowitz deildinni (deild þeirra sem hófu forritunarnám síðasta haust) Því liðið 3\_3 skipað þeim Benedikt Arnari Oddssyni, Karel Fannari Sveinbjörnssyni og Hubert Popiolek náði 5. sæti af 18 alls. Liðið Afdalamenn frá FSu sem keppti í Sheldon Cooper deildinni háði harða baráttu og hafnaði í 9. sæti af 19. Þess má geta að Sheldon Cooper deildin er önnur af tveim hærri deildum keppinnar og er fyrir lengra komna. Ef lið nær 1. eða 2. sæti í Sheldon Cooper eða Leonard Hofstadter deildum eru meðal verðlauna niðurfelld skólagjöld hjá viðkomandi keppendum fyrstu önnina ef þeir innrita sig í HR.

Þess má geta að fyrrum nemandi FSu en núna Tækniskólans Gunnar Guðvarðarson var í liðinu Derps sem náði 2. sæti í Leonard Hofstadter deildinni (önnur þeirra þyngri). Annar fyrrum nemandi FSu og sigurvegari í keppninni Jónantan Nilsson var starfsmaður hennar. Frekari fróðleik um keppnina má finna á <http://www.forritun.is/>

### **Málstofa um næringu**

Þær Sólrún og Fanney Stefánsdætur, matráðskonur í mötuneyti starfsmanna og nemenda, sóttu málstofu í Háskólanum á Akureyri um næringu í tengslum við Heilsuefandi framhaldsskóla. Rektor HA opnaði málstofuna með ræðu um heilsu og hollt mataræði. Því næst var erindi um matarframboð í framhaldsskólum, ráðleggingar um mataræði, hráefnaval og matseðlagerð. Þar fóru næringarfræðingar yfir helstu hollustuvörur og hvernig væri hægt að gefa þeim meira rými og sýnileika í afgreiðslu. Farið var vel yfir innihaldslýsingar á mjólkurvörum, brauði, sætabrauði og drykkjum ýmiskonar. Mælt var með að unnar kjötvörur, saltar og reyktar væru hafðar í lágmarki og að frekar væri horft til ferskrar vöru. Að erindi loknu unnu fundarmenn í hópum og fóru yfir gátlista um næringu og ræddu málin, báru saman bækur og skiptust á skoðunum. Voru allir sammála um gildi þess að hittast og fara yfir málin og skiptast á hugmyndum.

### **Heimsókn frá Þýskalandi**

Föstudaginn 23. mars kom í heimsókn í skólann þýsk stúlka að nafni Helena Apenbrink. Hún býr í Flensburg í Þýskalandi og er þar í kennaranámi í þýsku og textíl. Helena er samnemandi Hannesar Stefánssonar í þýsku en nemandi Helgu Jóhannesdóttur í einum áfanga í textíl. Helga og Hannes, bæði kennarar við FSu, eru í námsleyfi í Flensburg. Helena sat kennslustundir í ensku, þýsku og textil og skoðaði skólann. Henni þótti áhugaverð sú fjölbreytni sem er í verklegum greinum við skólann.

### **Grunnskólanemendur í heimsókn**

Marsmánuður var annarsamur hjá náms- og starfsráðgjöfum í FSu. Langflestir 10. bekkir úr grunnskólunum á Suðurlandi komu ásamt kennurum sínum og heimsóttu skólann. Agnes, Álfríður og Eyvindur hafa skipulagt þessar heimsóknir og tekið á móti hópnum, en ætla má að um 220 grunnskólanemendur hafi komið og skoðað skólann.

### **Kórinn í æfingabúðum**

Kór FSu fór í kórbúðir í marsmánuði, eyddi hann kvöldstund og gisti í félagsheimilinu Heimaland. Kórinn æfði sig í bítlalögum enda eru stórir tónleikar framundan með lögum eftir þá snillinga. Til að hrista kórmeðlimi betur saman var ákveðið að skipta þeim í fjóra minni



hópa og leyfa þeim að kynnast betur. Fengu hóparnir þrautir og var þeim ætlað að keppa. Hóparnir voru nefndir Djúpúðga, Ormstunga, Skarphéðinn og Langbrók eftir þekktum forfeðrum okkar. Þrautirnar voru margvíslegar. Fyrst var gáð hvaða hópur gæti leyst mannflækjuna sem þau gerðu innan hópsins. Síðan fengu þau að spreyta sig í að búa til frumlegt hróp fyrir hópinn sinn og síðan leikatriði með sérstöku þema eins og hvernig væri ef Ólafur Ragnar færi í American Idol eða Stefán Þorlei...fs væri í Spaugsstofunni o.fl. Síðast en ekki síst fengu hóparnir að spreyta sig í latneskri sálmagerð, þá fengu þeir hver sína latnesku setningu og áttu að búa til raddaða laglínu með. Krakkarnir náðu furðuvel að standast þessar þrautir og þar sem tæknin er orðin svo mikil í dag er þetta allt komið inná internetið. Kórinn kom mörgu í verk þennan sólarhring sem hann eyddi búðunum. Farið var í feluleik, hin árlega draugasaga var sögð að hætti Stefáns kórstjóra og síðast en ekki síst bökuðu þau pönnukökur hvert fyrir annað á miðnætti. Á leiðinni heim voru úrslitin kunngerð og var það Ormstunga sem sigraði í þetta sinn, nú er spennandi að sjá hverjir vinna næst en vonandi fá hóparnir að spreyta sig í næstu æfingarbúðum.

### **Skólaskákmót FSu**

Skólaskákmót FSu 2012 var haldið stofu 207. Góð þátttaka var í mótinu. Spenna var allt til enda og réðust úrslitin ekki fyrr en í lokaumferðinni. Fjölbrautaskólinn þakkar Skákfélagi Selfoss veittan stuðning. Úrslit urðu sem hér segir:

1. Erlingur Atli Pálmarsson 5 v
2. Atli Sigmundsson 4 v
3. Jón Aron Lundberg 3 v

Umsjónarmenn mótsins voru þau Hulda Finnlaugsdóttir og Lárus Bragason.

### **Ratleikur í útivist**

Nemendur í ÍPR 3C1 notuðu góða veðrið síðasta kennsludag fyrir páska til útiveru. Hópnum var skipt í tvö lið og með hjálp korta þræddu þau sig á milli staða og leystu hvert verkefnið af öðru. Eitt verkefnið var að finna hvaða mannanöfn hægt er að lesa úr þessum bókstöfum: LAREÐHLGRU og RGLIUÓFN.

### **Unnið með lagatexta**

Nemendur í íslensku 202 hjá Bryndísi Guðjónsdóttur hafa verið að vinna með sönglög og texta. Nemendurnir fá verkefni þar sem þeir vinna með íslenska texta. Þau kynna sér hljómsveitina og skrifa um hana. Nemendur skoða textana og vinna með uppbyggingu þeirra og innihald. Að lokum setja þau efnið upp á veggspjöld sem þau kynna síðan fyrir samnemendum sínum. Þetta er ný nálgun í ritun ísl 202.

### **Bítlatónleikar**

Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands hélt Bítlatónleika í Iðu á Selfossi þann 13. maí kl. 20:00. Kórinn, ásamt Gunnari Ólafssyni og Ólafi Þórarinssyni, flutti nokkur af bestu lögum Bítlanna. Þeim til aðstoðar voru Árni Þór Guðjónsson, Trausti Örn Einarsson, Róbert Dan Bergmundsson og Stefán Ingimar Þórhallsson. Stjórnandi kórsins er Stefán Þorleifsson og hann lék einnig á hljómborð. Firnagóðir tónleikar enda feyki góður kór.

## Náms- og starfsráðgjafar frá sjö löndum

Þann 28.mars kom hópur náms-og starfsráðgjafa á vegum Akademia í heimsókn í FSu. Akademia er mannaskiptaverkefni liðlega 20 landa sem fjármagnað er með styrkjum frá Leonardó da Vinci áætlun Evrópusambandsins. Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í stuttar námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis eða fyrirkomulag á vinnumarkaði. Heimsóknirnar eru skipulagðar þannig að hvert þátttökuland skipuleggur námskeið sem að öllu jöfnu stendur yfir í viku til tíu daga. Þar er gefið yfirlit yfir samfélag og opinbert kerfi viðkomandi lands og farið er í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja þar sem ráðgjafar starfa. Einnig eru oft tekin fyrir ákveðin þemu sem eru mikilvæg í faglegri umræðu um ráðgjöf. Gestirnir sem komu í FSu voru 12 talsins frá 7 löndum ásamt Dóru Stefánsdóttir verkefnisstjóra Euroguidance á Íslandi. Agnes og Álfhildur, náms-og starfsráðgjafar tóku á móti hópnum og kynntu honum FSu og starf náms-og starfsráðgjafa í skólanum. Í lokin var skólinn skoðaður og snæddur hádegismatur á Bollastöðum.

## Lagakeppni FSu 2012

Lagakeppni FSu fór fram í byrjun marsmánaðar og voru úrslitin kynnt rétt fyrir páska. Sjö nemendur sendu inn ellefu lög í keppnina. Dómnefnd var skipuð einvalaliði og í henni sátu: Ólafur Þórarinsson (Labbi) laga&textahöfundur, Jónas Sigurðsson laga&textahöfundur og Elín Una Jónsdóttir íslenskufræðingur. Veitt voru peningaverðlaun fyrir þrjú bestu lögin auk þess sem besti textinn var verðlaunaður með bók. Hollvarðasamtök FSu gáfu verðlaunaféð en Sunnlenska bókakaffið bókina og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Umsjónarmenn keppinnar voru: Guðmundur Björgvin Gylfason, Kristjana Hrund Bárðardóttir og Stefán Þorleifsson. Úrslit Lagakeppinnar voru eftirfarandi:

1. sæti Daði Freyr Pétursson með lagið Dettum niður
  2. sæti Guðmundur Einar Vilbergsson með lagið Kisses Through the Night
  3. sæti Alexander Freyr Olgeirsson með lagið Andvökunótt.
- Besta textann, Þetta, átti Tómas Smári Guðmundsson.

## Leikur og skapandi skrif

Nemendur í skapandi skrifum ÍSL653 og nemendur í leiklist, LEK103, tóku höndum saman í skemmtilegu verkefni með leiksýningunni *Fólk og önnur fyrirbæri* sem sýnt var í skólanum þriðjudaginn 24. apríl. Þar léku nemendur í leiklist 11 örverk eftir nemendur í skapandi skrifum. Verkin höfðu verið í vinnslu hjá nemendum í íslensku í vetur, en nemendur í leiklist æfðu verkin af kappi í tvær vikur. Örverkin fjalla um allskonar fólk í margskonar aðstæðum, en þar á meðal má nefna lögreglumenn á glæpavettvangi, tunglferðir, sálfræðidrama, sjoppuferðir, herra menn á útstáelsi, undarlega samskipti og sápuóperur. Boðið var upp á umræður um verkin eftir sýningu undir stjórn Jóns Özur Snorrasonar, íslenskukennara og Guðfinnu Gunnarsdóttur, leiklistarkennara.

## Vel heppnuð málstofa sjúkraliðabrautar

Í apríllok héldu nemendur á sjúkraliðabraut málstofu þar sem þeir kynntu verkefni sín. Um 40 manns komu og hlýddu á verkefni sem voru 16 talsins og fjölluðu um verkefni tengd

heilbrigði og sjúkdómum. Meðal annars voru flutt erindi um Alzheimer, geðklofa, þunglyndi barna og Parkinson. Boðið var upp á kaffi og kökur.

### **Myndlistarsýning SJL203**

Nemendur í SJL 203 settu upp sýningar á verkum sínum úr áfanganum á 3. hæð skólans. Nemendur völdu eina mynd eða fleiri, hengdu upp í skólanum eða settu á netið. Þeir gerðu líka auglýsingar til að vekja athygli á sýningunum. Kennarinn fékk svo eitt boðskort á hverja sýningu, en kynningarhlutinn er liður í því að kenna nemendum hvernig á að koma verkum sínum á framfæri.

### **Starfsmenn ánægðir í FSu**

Nýverið var gerð könnun hjá SFR – starfsmannafélag í almannaþjónustu þar sem kannað var meðal annars vinnuskilyrði, trúverðugleiki, sveigjanleiki í vinnu, ímynd stofnunar og fleira. FSu kom mjög vel út í könnuninni og hafnaði í 11. sæti af 91 yfir stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri. Ef aðeins er miðað við framhaldsskóla, er FSu í 2. sæti, en FG efstur.

### **Samningur um skólaakstur**

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga munu framvegis sjá um rekstur skólaaksturs fyrir FSu. Samningur um þetta fyrirkomulag var undirritaður um miðjan maí, en hann felur í sér að allir nemendur skólans sem skráðir eru í skólaakstur fá fullan aðgang almenningsamgöngum SASS. Skólaaksturskerfið bætist þannig við almenningsamgöngur og verður ekið á þeim akstursleiðum allan ársins hring. Strætó bs. mun sinna þjónustu- og upplýsingagjöf vegna akstursins í samræmi við núgildandi samning Strætó og SASS. Samningurinn gildir til 31. desember 2018, en aksturinn verður boðinn út fljótlega og miðast við að hefjast við upphaf næsta skólaárs.

### **Frönsk kaffihúsastemning**

Kaffistofa starfsfólks sem venjulega kallast Bollastaðir, breyttist í Café Alsace í maímánuði í tilefni af skólaheimsókn til Strasborgar í Frakklandi í maílok. Kaffihúsastemningin var allsráðandi, allt skreytt í hólf og gólf, plötuspilari í gangi í kaffitímum og auglýst var eftir rómatískum ljóðum frá starfsfólki, sem tók vel við sér. Fjöldi fallelgra kvæða hékk á veggjum kaffistofunnar til maíloka. Til að toppa allt saman var Óli Th. Ólafsson fenginn til að spila á harmonikku einn daginn. Það setti virkilega skemmtilegan blæ á kaffihúsið góða. Þær Agnes Ósk Snorradóttir og Kristjana Hrund Bárðardóttir sáu um að gera kaffihúsið að veruleika og er vert að þakka þeim fyrir frábært framlag.

### **Vorkeppni Tapsárna Flóamanna**

Þann 16. maí var fyrri einvígisleikur ársins milli Hyskis Höskuldar og Tapsárna Flóamanna (bridgesveitar starfsmanna FSu) spilaður að Sigurðarstöðum í Vík. Leikurinn endaði 68 – 66 fyrir Flóamenn, sem af Hyskinu hefur á árum áður flokkast sem stórsigur en Flóamenn eru lítillátir og flokka úrslitin sem jafntefli. Allt er því opið fyrir seinni hluta þessa einvígis sem verður framhaldið í Höskuldsskóla í Hrafninnuskeri á haustdögum. Eftir 47 leiki og 23,5 ár er staðan í einvígi þessara fornu "fjenda" þannig að Tapsárir Flóamenn hafa skorað 3858 ímpa en Hyskið 3882. Vinningsstig standa 691 fyrir Flóamenn á móti 700 hjá Hyskinu. Flóamenn

hafa unnið 24 leiki en Hyskið 23 en Hyski Höskuldar hefur unnið bikarinn 13 sinnum en Tapsárir eingöngu 10 sinnum.

### **Eitthundrað og sextán brautskráðir**

Brautskráning fór fram í FSu föstudaginn 18. maí. Alls útskrifaði skólinn 116 nemendur að þessu sinni, þar af 65 stúdenta. Flestir brautskráðust af félagsfræðibraut eða 29 nemendur, 19 nemendur brautskráðust af náttúrufræðibraut, 7 af málabraut, 2 af viðskipta- og hagfræðibraut og 10 luku viðbótarnámi við stúdentspróf að loknu starfsnámi. Fjórtán nemendur brautskráðust af tveimur brautum.

### **Góður námsárangur**

Að venju voru við brautskráningu veittar viðurkenningar fyrir mjög góðan námsárangur í námsgreinum sem og viðurkenningar fyrir bestan heildarárangur í námi. Sara Rós Kolodziej hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku, spænsku og efnafræði, Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku, frönsku og jarðfræði, Sigríður Embla Heiðmarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í félagsfræði, sögu og kór, Berglind Guðmundsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í spænsku, Bryndís Ósk Valdimarsdóttir fyrir góðan árangur í stærðfræði, Sævar Gunnarsson fyrir góðan árangur í faggreinum húsasmíða, Marvin Helgi Magnússon fyrir góðan árangur í faggreinum rafíðna, Unnur Þórisdóttir fyrir góðan árangur í fimleikaakademíu, Agnes Eir Snæbjörnsdóttir, Kristín Lára Sigurðardóttir, Valdís Hrönn Jónsdóttir og Unnur Þórsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir góða frammistöðu í leiklist og Karen Óskarsdóttir og Laufey Rún Þorsteinsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir þátttöku í félagsstörfum.

Viðurkenningu fyrir bestan heildarárangur hlaut Sara Rós Kolodziej, en hún fékk einnig námsstyrk frá Hollvarðasamtökum FSu.

## 2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

### 2.1 SVIÐ: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Björgvin E. Björgvinsson

#### 2.1.1 Enska

Kennslustjóri: Ægir Pétur Ellertsson

##### 1. KENNSLUSKIPTING

Kennari	Haust 11	Vor 12
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENS S-hópur ENS333 ENS 403	ENS S-hópur ENS 202
Helgi Þorvaldsson	ENS103 ENS303	ENS 203 ENS 303
Kristín Runólfssdóttir	ENS 503	ENS 503
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENS U936 ENS 202 ENS 303 ENS 403	ENS 102 ENS 103 ENS 403
Paola Daziani	ENS102 ENS303 ENS 423	ENS S-hópur ENS 303
Sveinn Eyjólfur Magnússon	ENS102 ENS212	ENS 202 ENS 212
Ægir Pétur Ellertsson	ENS103 ENS203	ENS 203 ENS 403

##### Önnur kennsla:

- Sveinn Eyjólfur Magnússon sá um kennslu á Litla Hrauni og Helgi Þorvaldsson annaðist kennslu á Bitru, í lokin á Sogni þegar réttargeðdeildin hafði verið flutt þaðan.
- Á haustönn hafði Helgi Þorvaldsson umsjón með efni og prófi fyrir grunnskólanema í Ensku 103 og á vorönn var þessi kennsla í höndum Kristjónu Hrundar Bárðardóttur í Ensku 103 og Ægir Pétur Ellertsson sá um grunnskólanema í Ensku 203.
- Kennsla grunnskólanema var í höndum heimamanna á hverjum stað og nemendur tóku lokapróf sem gildi 100%. Helgi Þorvaldsson sá um kennsluáætlun og samningu og yfirferð prófa í Ensku 103 á haustönn og Kristjana Hrund Bárðardóttir um sama áfanga á vorönn, eins sá Ægir Pétur Ellertsson um Ensku 203 á vorönn.

## **2. Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Í Ensku 303 var þróuð vinna í áfanganum á báðum önnum með „academic wordlist,“ þ.e.a.s sértækan orðaforða. Ýmsar nýjungar voru reyndar í viðskiptaensku, Ensku 333, en þar var mikil hópavinna þar sem nemendur stofnuðu fyrirtæki og unnu alls konar verkefni í kringum það - meðal annars skemmtilegt kynningarverkefni þar sem auglýst var opið hús og gátu gestir og gangandi komið og skoðað fyrirtækin og þá vöru eða þjónustu sem var í boði. Nemendur lögðu heilmikið á sig til að gera þetta lifandi og skemmtilegt - unnu bæklinga, prezi-kynningar, bjuggu til vefsíður, komu með vörur - voru með happdrætti og leiki og voru búnir að hanna lógo og slagorð. Verkefnið heppnaðist mjög vel. Einnig réðu þeir fólk í vinnu og fóru í sjálfir í starfsmannaviðtöl.

## **3. Námsmat. Símat / lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í öllum áföngum upp að Ensku 403 (undantekning Ens U93) var lokapróf. Í áföngum þar fyrir ofan var alls staðar símat. Kennarar í Ensku 303 tóku aftur upp lokapróf á þessu skólaári, en í þeim áfanga hefur verið töluvert um kærur vegna námsmats. Þeirri kenningu er hér varpað fram að lokaprófið hafi haft sitt að segja, a.m.k. voru engar kærur vegna námsmats í Ens 303 nú á vorönn.

## **4. Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Helgi Þorvaldsson fór á þriggja daga ráðsstefnu um fjarkennslu í Bandaríkjunum, í Madison, Winsconsin og Ægir Pétur Ellertsson var á námskeiði í Berlín um þýskukennslu.

## **5. Nýjar bækur og ný kennslugögn á árinu**

Í Ensku 102 var tekin inn skáldsagan „A Matter of Chance“ eftir David A. Hill. Sú bók barst að vísu seint og erfitt að leggja mat á reynslu af henni. Í Ensku 303 voru kjörbækur í endurnýjaðar að mestu leyti: „Slam eftir Nick Hornby og „It's Not about the Bike“ eftir Lance Armstrong komu nýjar inn samhliða sakamálasögunni „The Land of the Living“ eftir Nicki French. Eins var Total English (Upper-intermediate) lagt í hraðferðaráföngunum 103-203 og notuð New Headway (Upper-intermediate) í staðinn.

## **6. Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár**

Samhliða vinnu við nýja námskrá væri æskilegt að fá tíma til að yfirfara og skoða áfangaskipulagið eins og það er núna. Undanfarnar annir höfum við beðið eftir skýrari línunum í tengslum við nýja námskrá áður en við förum í þá vinnu. Ef það mál kemst á skrið væri kominn tíma á að skoða samfellu einstakra áfanga.

## **7. Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Í hinum ýmsu áföngum eru nemendur í auknum mæli farnir að nýta sér efni af netinu sem þeir skila lítið breyttu eða jafnvel óbreyttu sem sínu verki. Eins er um að ræða verkefni frá öðrum nemendum. Við leggjum til að skólinn fjárfesti í hugbúnaði eða aðgangi að vefsíðu sem tékkar á ritstuldi af netinu. Helsta vefsíðan heitir Turnitin og þar þarf að borga áskrift. Vefsíðan geymir eintök af verkefnum sem þar eru sett inn ásamt því að bera saman við það sem er á vefnum. Einhverjir íslenskir framhaldskólar eru víst þarna í áskrift og einhverjir háskólanna ætla að innleiða þetta í haust. Hvað þetta snertir væri full ástæða að ræða þessi mál innan skólans og móta reglur sem væri hægt að kynna fyrir nemendum og framfylgja.

Þeir sem kenna Ensku U93 og Ensku 102 benda á að brýnt sé að fækka nemendum í þeim hópum, sérstaklega í U93.

Undanfarnar annir hefur kennsla grunnskólanema verið undir niðurskurðarhnífnum. Æskilegt væri að fá að vita í hvað stefnir í þeim málaflokki. Þeir sem annast þá kennslu þyrftu að fá að vita í tíma hvort stefni í það að farið verði í alvöru fjarkennslu á því sviði.

Selfossi 22. maí, 2012  
Ægir Pétur Ellertsson  
kennslustjóri í ensku

### 2.1.2 Íslenska

Kennslustjóri: Jón Özur Snorrason

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Björgvin E. Björgvinsson	ÍSL202 ÍSL203	ÍSL203 ÍSL343
Bryndís Guðjónsdóttir	Leyfi frá kennslu	ÍSL 202 ÍSL 303
Elín Una Jónsdóttir	ÍSL S-hópur ÍSL103 ÍSL202	ÍSL S-hópur ÍSL202 ÍSL503
Gísli Skúlason	Námsleyfi	Námsleyfi
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSL 102 ÍSL 212	ÍSL 102 ÍSL 203
Gylfi Þorkelsson	ÍSL 203 ÍSL 303 Litlahraun Bitra	ÍSL 203 ÍSL 303 Litlahraun Bitra
Jón Özur Snorrason	ÍSL U93 ÍSL 103 ÍSL 503	ÍSL 103 ÍSL 202 ÍSL 403 ÍSL 503 ÍSL 653
Katrín Tryggvadóttir	ÍSL 102 ÍSL 403	ÍSL 102 ÍSL 403 ÍSL 212
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	ÍSL 403	ÍSL 403

Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSL 303 ÍSL 503 ÍSL S-hópur	ÍSL 303 ÍSL 503 ÍSL S-hópur
Pórunn Jóna Hauksdóttir	ÍSL 212 ÍSL 503	Leyfi frá kennslu

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla í ÍSL 102 hefur á undanförunum árum legið á herðum Guðbjargar Dóru og Katrínar Tryggvadóttur. Í lok hvers skólaárs setjast þær niður og semja og safna efnis í nýja og endurbætta kennslubók næsta skólaárs. Þær segja framsetningu efnis í þeirri bók orðna það góða að engra formbreytinga sé að vænta fyrir næstu útgáfu. Ennfremur segja þær: „Í vetur lásam við allar sögurnar fyrir nemendur sem hlustuðu misvel á okkur. Þá las Guðbjörg þrjár sögur inn á Hljóðskrár sem voru aðgengilegar á Moodle og til frekara niðurbætur á stafrænu formi. Því miður nýtti mjög takmarkaður fjöldi nemenda sér það. Flestir komu ólesnir og „óhlustaðir“ í prófið. Þetta var því tilraun sem ekki tókst og því ástæðulaust að endurtaka hana.“

Í kennslu ÍSL 212 segir Katrín Tryggvadóttir undir þessum lið: „Ég kenndi þennan áfanga á vorönn 2012 eftir nokkurra anna hlé. Snorra-Eddu kenndi ég að talsverðum hluta með gamaldags töflukennslu. Það virkaði vel á þá nemendur sem höfðu áhuga. Þeir spurðu mikið og vildu ræða um heiminn og goðin. Skrifleg verkefni voru nokkur. Þeim söfnuðu nemendur í möppu og skiluðu henni til kennara. Eitt munnlegt verkefni var flutt. Of margir nemendur létu sig vanta þegar þeir áttu að flytja verkefnið. Nemendur skrifuðu heimildaritgerð í tengslum við Snorra-Eddu og fornan menningarheim. Aðeins nokkrar ritgerðir voru frambærilegar. Hljóðfræði var kennd á töflu og með verkefnum.“

Í sinni kennslu leggur Gylfi Þorkelsson áherslu á fjölbreytta kennsluhætti en „ekkert þó sem telst nýtt undir sólinni. Ég reyndi að „verkefnamiða“ námið sem mest. Lítið var um hefðbundna „fyrirlestra“. Hópaþvinna og einstaklingsþvinna í hæfilegri blöndu. Ég reyndi að „umræðuvæða“ kennsluna sem allra mest sérstaklega í kennslu Njálu, Hávamála í ÍSL 303 og Snorra-Eddu í ÍSL 203.“

Bryndís Guðjónsdóttir segir að kennsla í ÍSL 303 sé nokkuð hefðbundin og byggist á innlögn og verkefnavinnu í framhaldi af henni. Ennfremur segir Bryndís: „Nemendur tóku reyndar hóppróf hjá mér í fyrsta sinn. Þá læt ég þrjá nemendur vinna saman, semja spurningar úr námsefninu og finna svör við þeim. Kennarinn tekur síðan spurningar allra hópanna. Nemendur undirbúa sig fyrir próf og í næsta tíma fá þeir spurningarnar sem kennari hefur valið úr þeim sem hóparnir sömdu og skiluðu inn. Hópurinn má vinna saman að svari og fær eina heildareinkunn fyrir. Nemendum var ráðað eftir getu í hópana með hliðsjón af einkunnum þeirra úr öðrum prófum áfangans. Þetta tókst vel og var skemmtilegt: einkonar „Útsvar“.



Um nýjung í ÍSL 202 á vorönn 2012 segir Bryndís: „Venja er að nemendur skili á hverri önn þremur ritunarmöppum en nú varð breyting á. Þriðja möppunni var breytt í framsögn og vinnu með veggspjald. Þetta reyndist vel og kom ágætlega út.“

Að mati Katrínar Tryggvadóttur var lítið í hennar kennsluháttum sem flokkast gæti til nýjunga. Hún segir: „Gömul verkefni voru endurunnin og uppfærð og nokkur ný samin.“

Ragnhildur Elisabet vill ekki taka svo djúpt í árinna að nýjungar í kennsluháttum ÍSL 403 hafi átt sér stað en leggur þó áherslu á nokkur ný verkefni sem hún lagði fyrir á þessu skólaári. Má þar nefna „tímaás lærdómsaldar sem gafst vel og nýja nálgun í hópavinnu úr skáldsögunni *Heimanfylgju eftir* Steinunni Jóhannesdóttur sem tókst ágætlega. Þó má enn ígrunda betur útfærslu á verkefnavinnu úr sögunni og jafnvel væri hægt að láta fleiri umfangsminni verkefni ásamt tímaritgerð duga.“

Rósa Marta Guðnadóttir segist alltaf leggja mikla áherslu á ritun í kennslu sinni. Hún segir ennfremur: „Ég reyni líka að hafa námið skapandi og tengja námsefnið við nemendur. Það er svo skemmtilegt. Að þessu sinni hafði ég ritgerðarpróf í ÍSL 303 sem kom vel út og greindi ég framfarir sem er alltaf gleðilegt. Nemendur í ÍSL 503 unnu verkefni um skáld og skáldverk sem þeir flutt blaðalaust með tilþrifum. Það verkefni kom afar vel úr og kennarinn var alsæll með afraksturinn. Gaman er að sjá hvað býr í nemendur þegar þeim er ögrað með krefjandi verkefnum.“

Elín Una Jónsdóttir lýsir tveimur nýjum verkefnum í umfjöllun sinni um nýjungar í kennsluháttum. Annað var samið og sett fram af kennurum í ÍSL 202 og fékk heitið Tónlistartextaverkefni. Þar unnu nemendur með valinn dægurlagatexta, greindu hann, túlkuðu og myndskreyttu í stað hefðbundinnar vinnu í Ritunarmöppu 3. Hitt verkefnið gekk út á það að nemendur í ÍSL503 fóru út úr skólanum í þeim tilgangi að umbreyta einstökum ljóðum í *Tímanum og vatninu* eftir Stein Steinarr í ljósmyndir. Tókst það afar vel.

Jón Özur Snorrason kenndi í fyrsta sinn á liðnu skólaári ÍSL 103 ásamt Elínu Unu Jónsdóttur. Segja má að það hafi verið nokkuð djúptæk reynsla að taka við svo skipulögðum áfanga sem fléttar saman nærnám og fjarnám í gegnum kennsluumhverfi Múðlunnar. Kostir þessa skipulags eru margir en gallar þeir helstir að lítið svigrúm gefst til umræðna.

## Námsmat og mat á námsmatsaðferðum

Í ÍSL 102 er stuðst við símat. Skipulag og kennsla áfangans stýrist af kennslu- og leshefti sem komin er föst mynd á en kennarar endurskoða og breyta í lok hvers skólaárs. Katrín Tryggvadóttir og Guðbjörg Dóra sem hafa stýrt kennslu áfangans undanfarin ár létu nemendur skrá uppsafnaðar einkunnir sínar á þar til gert einkunnablað í bókinni svo þeir fylgdust betur með framvindu námsins. Þetta leiddi af sér bæði kosti og galla því á meðan „sumir tóku sig á um miðja önn, spýttu í lófana og náðu áfanganum hættu aðrir að stunda námið þegar þeir voru öruggir um að hafa náð áfanganum.“ Þessu til lausnar er hægt að krefjast þess að nemendur verði að skila tilteknum lykilverkefnum sem er dreift jafnt yfir alla önnina.

Námsmat í ÍSL 403 er að því leyti frábrugðið námsmati annarra lokaprófsáfanga í íslensku að annareinkunn gildir 30% á móti 70% lokaprófi. Venjan er sú að jafna vægi annareinkunnar og

lokaprófs. Um þetta efni segir Katrín Tryggvadóttir: „Ekki er hægt að sleppa lokaprófi. Þegar vetrareinkunn er aðeins 30% verður hvert verkefni, próf eða ritgerð svo lág prósentu að nemendum finnst varla taka því að vinna verkefnið. Ég tel því að það sé betra að hafa vetrareinkunnina 50%. Skáldsagan sem er lesin gæti þá haft meira vægi í vetrareinkunninni og væri þá jafnvel svo mikið að það megi sleppa henni til lokaprófs.“ Ragnhildur Elísabet telur það betri kost í þessum áfanga að allir nemendur gangist undir lokapróf óháð því hversu háa annareinkunn þeir ná. Hún segir: „Þeir sem hefðu sleppt lokaprófi koma yfirleitt vel út. Þeim gengur vel á prófinu og eiga eins og aðrir nemendur að þjálfast í því að taka próf af þessu tagi. Sú kunnátta að taka yfirgrípsmikið lokapróf sem krefst þess að nemendur rifji upp efni annarinnar og ná yfirsýn nýtist þeim vel.“

Í ÍSL 103 OG 202 gildir símat 90% en 10% matsins fellur undir lokapróf í stafsetningu. Stór hluti símatsins byggir á þremur ritunarmöppum sem nemendur skila með jöfnu millibili yfir alla önnina. Elín Una Jónsdóttir telur að endurskoða megi innihald ritunarmappanna. Hún segir einnig: „Það þyrfti líka að bera saman vinnuálag og fjölda verkefna í ÍSL 202 og 103 þar sem vinnuálagið virðist ívið meira í 202 sem er tveggja eininga áfangi en í 103 sem er þriggja eininga áfangi.“

Björgvin E. Björgvinsson kenndi ÍSL202 á haustönn og segir: „Engin hallarbylting var gerð á efni eða yfirferð en einhvern tímann vorum við að hugsa um að skipta út bókinni Krosstré. Hvað við á að taka er hins vegar ekki afraðið.“

Í ÍSL 203 og 212 er námsmati skipt jafnt milli annareinkunnar og lokaprófs. Nemendur sem ná 8,0 í annareinkunn mega sleppa við lokapróf. Að mati Katrínar Tryggvadóttur er þetta fyrirkomulag „mjög mikill hvati fyrir nemendur og sérstaklega fyrir þá sem hefja nám eftir talsvert langt hlé.“

Í ÍSL 203 beitti Gylfi Þorkelsson heimaprófi í fyrsta sinn og lét nemendur taka próf í gegnum Moodle í norrænni goðafræði. Hann segir eftirfarandi um reynslu sína: „Mér fannst þetta heppnast ljómandi vel að flestu leyti. Nemendur þurftu að lesa textann! En gátu svo svarað prófinu heima hjá sér með bókina sér við hlið. Prófið var opið í fyrirfram ákveðinn, takmarkaðan tíma á sunnudegi. Segja má að nemendur hafi nú fengið heimavinnu metna beint til vetrareinkunnar. Mér hugnast þessi aðferð ljómandi vel og hyggst beita henni meira. Sé þetta til dæmis fyrir mér í kennslu Njálu.“

Í ÍSL 303 er námsmati skipt til helminga milli annarvinnu og lokaprófs. Þar er nemendum gefinn kostur á að vinna sig frá lokaprófi. Gylfi Þorkelsson segir þetta fyrirkomulag vera hvetjandi fyrir „betri nemendur“ en hafa lítil áhrif á hina. Hann veltir því fyrir sér hvort lækka ætti lágmarkið niður í 7,0 og hvort slík breyting myndi hvetja stærri hóp af nemendum áfram. Hann segir: „Þetta kerfi hentar sennilega best í hópnum „samviskusamar stelpur“. Hvað á að gera til að hvetja hópinn „nokkuð kærulausir drengir“ áfram? Hóp sem hentar illa að safna verkefnum í huggulegar möppur.“ Um niðurstöður prófa í ÍSL 303 segir Gylfi: „Annars var fall óvenjumikið á vorönninni. Í ljós kom að heilu bílfarmarnir af nemendum höfðu ekki lesið staf í námsefninu og gerðu enga tilraun til að ná prófum. Óvenjumargar prófurlausnir voru upp á alls ekkert.“

Bryndís Guðjónsdóttir segir þetta fyrirkomulag námsmatsins að vinna sig frá lokaprófi vera sanngjarn en telur reyndar erfitt fyrir nemendur að ná einkunninni 8,0 í annareinkunn. Hún segir: „Ég tel að nemandi sem fær 7,0 í annareinkunn búi yfir nægri þekkingu til að sleppa við lokapróf ef raunmæting hans er 90% . Ef mætingin er lægri en 90% á nemandinn að fara í lokapróf.“

Rósa Marta Guðnadóttir segir um námsmat í ÍSL 303: „Við fækkuðum aðeins þeim þáttum sem voru metnir. Höfðum færri próf í bókmenntasögu og Eddukvæðum en verkefni nemenda voru metin til einkunna.“

Í ÍSL 343 er beitt símati en þar er fengist við barna- og unglingsbókmenntir. Björgvin E. Björgvinsson segir: „Áfanginn er símatsáfangi með prófum og verkefnum úr lesnum bókum og allviðamiklu lokaverkefni sem nemendur kynna í kennslustund. Áfanginn byggir að miklu leyti á virkni og áhugasemi nemenda um efni ætlað börnum og unglingum og fannst mér það takast ágætlega í þessum hópi.“

Í ÍSL 503 er öllum nemendum gert að fara í lokapróf. Þar er einnig gerð sú krafa að skil á bókmenntaritgerð sé forsenda þess að nemendur fái að taka lokaprófið. Námsmat áfangans á þessu skólaári tók litlum breytingum. Elín Una Jónsdóttir telur að skoða mætti einstaka þætti í yfirferð bókmenntasögu 20. aldar og „fara dýpra og nánar í valin atriði en sleppa þá öðru efni í staðinn.“ Hér vísar hún til þess að kennsla bókmenntasögunnar og þar með námsmatið byggji í mörgum tilfellum á flóknum og mörgum staðreyndum sem erfitt sé að sjá í samhengi.

Í ÍSL 653 sem er valáfangi í skapandi skrifum var símati beitt og öllu námsefni og skriflegu námsmati fleytt í gegnum Moodle. Kennsla áfangans á liðnu skólaári sinnti Jón Özur Snorrason og var náminu skipt upp í tólf lotur með lokaverkefni þar sem nemendur skrifuðu tvær gerðir af textum í síðustu kennslustundinni. Námsmat í skapandi skrifum byggir að mestu leyti á framförum nemenda og þeirri alúð sem þeir leggja í skrifin.

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Björgvin E. Björgvinsson fór á námskeið í stundatöflugerð hjá Skýrr og sat tvö stutt námskeið á vegum FSu í Moodle og Excel.

Katrín Tryggvadóttir sótti að eigin sögn „ágæta fyrirlestra hjá móðurmálskennurum núna í maí um lesbretti og kennslu smásagna.“

Rósa Marta Guðjónsdóttir sótti námskeið móðurmálskennara á Norðurlöndum sem haldið var í Helsingi í ágúst 2011 og námskeið móðurmálskennara á Íslandi sem haldið var í Hveragerði í september 2011. Rósa segir ennfremur: „Ég sækí einnig alltaf haust- og vorfundi Félags móðurmálskennara sem eru fræðandi og skemmtilegir.“

## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Óvenju lítið var um breytingar á kennslubókum og kennslugögnum á liðnu skólaári. Á hinn bóginn festust betur í sessi kennsluhættir í gegnum Moodle. Allir kennarar deildarinnar stýra kennslunni að hluta til eða að stærstu leyti í gegnum þetta ágæta kennsluumhverfi á vef.

Í ÍSLU93 á haustönn var bókakostur með hefðbundnu sniði *Málþekking og Stafsetning* Helgu Sigurjónsdóttur notaðar en ljóst er að nú er nóg komið af þeim. *Eiríks saga rauða* var lesin í fyrsta sinn og er það mat kennara að þó sagan sé stutt henti hún illa vegna sundurleysis. Valdar smásögur komu í stað kjörbókar og efni af *Skólavef* notaður.

Í ÍSL 102 var að venju sett saman hefti með öllu kennsluefni vetrarins. Sjá umfjöllun undir liðnum: Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Bryndís Guðjónsdóttir leggur áherslu á að þó ekki sé um stórvægilegar breytingar að ræða í kennslubókum eða kennslugögnum „er ég reglulega að taka upp nýtt efni og víða að mér hugmyndum úr bókum, blöðum eða af netinu.“

Katrín Tryggvadóttir fullyrðir að lítið sé um nýjungar í bókakosti ÍSL 403. Hún er þeirrar skoðunar að skipta þurfi út kennslubókinni *Orminum langa* „því ekki er endalaust hægt að búa til ný verkefni um örfá ljóð og sögur. Bókin er einnig orðin útkrotuð hjá nemendum því hún gengur á milli þeirra.“ Um bókakost í ÍSL 212 segir Katrín: „Guðirnir okkar gömlu er góð bók. Mér finnst hún alltaf betri og betri eftir því sem ég sé fleiri útgáfur af Snorra-Eddu. Hins vegar þyrfti nauðsynlega að vinna upp verkefnaheftið í hljóðfræðinni. Námsefni í þessum áfanga er orðið of lítið. Það þyrfti að halda inni í honum léttri málssögu og orðapælingum, orðhlutagreiningu og orðmyndun.“

Í ÍSL 503 er stuðst við nýja kennslubók í bókmenntasögu 20. aldar eftir Dagnýju Kristjánsdóttur sem heitir *Öldin öfgafulla*. Rósa Marta Guðnadóttir kvartar yfir þeirri bók og telur hana „kolómögulega fyrir nemendur“. Ennfremur segir hún að mikið sé um rangfærslur í bókinni og hún illa skipulögð. „Einnig er makalaust að mínu mati að rekja söguþræði bókmenntaverka í kennslubók. Nemendur hafa einnig kvartað yfir bókinni“ segir Rósa að lokum.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Björgvin E. Björgvinsson segir frá því að kennarar í ÍSL 203 hafi rætt sín á milli í vetur að breyta áherslum í kennslu og mati á ritun heimildaritgerða. Hann lýsir áherslubreytingunni með þeim hætti „að kenna nemendum vinnubrögð og frágang og láta þá skrifa stutta æfingaritgerð. Mat hennar yrði aðeins *gert* eða *ógert* en í framhaldi fengju nemendur prófverkefni sem reyndi á kunnáttu þeirra í meðferð og notkun tilvitnana, tilvísana og skráningu heimilda. Þessi hugmynd er í þróun.“

Bryndís Guðjónsdóttir viðrar hugmynd um heilstætt nám ólíkra kennslugreina sem myndar eina heild. Hún segir: „Þar sem ég kenni miðaldabókmenntir í ÍSL 303 þætti mér áhugavert að samþætta námsefnið við aðrar námsgreinar sem fjalla um svipað efni í bókmenntum, sögu, ensku eða öðrum tungumálum, málsögu, jafnvel í þeim greinum náttúruvísinda sem fjalla um vísindi miðalda. Þannig myndi nemandinn fá heilstæða mynd af tímabilinu. Kennarar ólíkra greina gætu samið námsefni með góðri samvinnu.“ Bryndís telur að í núverandi fyrirkomulagi taki það nemendur óþarflega langan tíma að átta sig á samhengi sögulegra atburða í tíma og rúmi. Hún fullyrðir „að á þennan hátt gæti námið orðið fjölbreyttara og skemmtilegra. Ég tel líka að samþætting geti verið spennandi verkefni fyrir kennara þar sem hægt er að nálgast viðfangsefnið með fjölbreyttum hætti og út frá ólíkum sjónarhornum.“

Guðbjörg Dóra leggur til nákvæmari og markvissari flokkun nemenda í áfanga og að nauðsynlegt sé að taka fastar á málum þeirra sem ekki geta sýnt sómasamlega hegðun í skólastofunni. Hún segir: „Margir nemendur hafa geindina til að læra en hegðun þeirra og viðhorf kemur í veg fyrir að nám eigi sér stað. Kennsla er farin að víkja fyrir uppeldi nemenda sem koma óagaðir í skólann. Endalaust ráp úr tímum truflar mjög nám og einbeitingu í skólastofunni. Nemendur eyða löngum tíma fyrir utan kennslustofuna og sumir láta sig jafnvel hverfa eftir nafnakall. Læknaferðir hafa verið mjög áberandi í vetur og nemendur virðast nota þær til þess að þurfa ekki að mæta í tíma. Þá virðist nám í öðrum skólum koma í veg fyrir að nemendur mæti.“

Auk þess bendir Guðbjörg Dóra á að nemendur „hangi mjög mikið á facebook og öðrum stöðum netsins sem ekki tengjast náminu á kostnað námsins sjálfs. Nettengdir símar og hefðbundnir trufla mjög athygli nemenda.“

Í ljósi alls þessa leggur Guðbjörg Dóra ásamt Katrínu Tryggvadóttur til að kennarar fái óskorað leyfi til að taka af meiri ákveðni og festu á málefnum þeirra nemenda sem með óæskilegri hegðun sinni koma í veg fyrir að aðrir nemendur nái að læra. Hún segir að lokum: „Spyrja má hvort vísa megi þessum nemendum til námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara og síðan úr kennslustundum ef nemandi lætur sér ekki segjast. Kennarar eru að niðurlotum komnir í agamálum og stundum með kvíðahnút í maganum þegar þeir mæta til vinnu.“

Gylfa Þorkelssyni er tíðrætt um LÆSI nemenda undir þessum lið skýrslunnar. Hann telur að nú þurfi að taka til hendinni í þeim málum því lestur og lesskilningur er undirstaða alls náms. Hann er þeirrar skoðunar „að íslenskudeild skólans eigi að fara þar á undan með góðu fordæmi og hvetja um leið aðrar deildir og aðra kennara til þátttöku. Efna til LÆSISdagsins, LÆSISverðlauna, LÆSISátaks sem tekur til alls skólans og verður eilífðaráttak en ekki bóluáttak“ eins og Gylfi orðar það.

Gylfi leggur til að boðið verði að nýju upp á hraðlestrar- og lesskilningsáfanga einkum fyrir þá nemendur sem koma illa út úr árlegri lestrarkönnun skólans. Hann segir: „Fyrirkomulaginu gæti svipað til STA áfangans“ og vísar þar til stafsetningarkennslu sem miðuð var við nemendur sem skrifuðu tuttugu villur eða fleiri í tvö hundruð orða stíl. Gylfi viðrar þá hugmynd að skikka nemendur til lestrar þó að öllu jöfnu séu þeir beittir „jákvæðri hvatningu“ eins og hann segir. „Umsóknum til skólaráðs um undanþágur frá hefðbundnum kröfum mætti svara með skilyrðum um að sækja slíkan áfanga. Að minnsta kosti verður að gera eitthvað.“

Í beinu framhaldi af þessum vangaveltum sér Gylfi fyrir sér lesver við skólann í tengslum við bókasafnið. Hann segir: „Lesverið sinnti stöðugt rannsóknum á læsi innan skólans og kæmi með tillögur til úrbóta. Þar þyrfti að starfa sérfræðingur, sérkennari t.d. sem væri kennurum í byrjunaráföngum sérstaklega innan handar og starfaði náið með þeim. Það er fyrirséð að hlutverk námsráðgjafar og sérkennslu mun aukast á komandi árum í kjölfar innleiðingar nýrra laga og nýrrar skólanámskrár. Aukin sérfræðiaðstoð væri vel nýtt á þennan hátt“ segir Gylfi að lokum.

Ragnhildur Elisabet nefnir undir þessum lið verkefni í ÍSL 403 sem tengist sögulegri skáldsögu um Hallgrím Pétursson og ritgerðarsmíð nemenda. Hún segir: „Ég sé það sem spennandi kost að nemendur fullvinni tímaritgerðina úr *Heimanfylgju*. Tímaritgerðin yrði þá ágætis uppkast

að annarri og meiri ritsmið þar sem nemendur leggja í meira mæli út af efninu, bæta við heimildum og nota tilvitnanir í texta sögunnar og heimildanna.“ Ragnhildur er þeirrar skoðunar að ef kennarar láta staðar numið við tímaritgerðina eru þeir í raun og veru aðeins komnir hálf leið að settu marki.

Að lokum hnykkir Rósa Marta á því að gott sé að vita hvað hver kennari eigi að kenna áður en starfsáætlun er gerð. Hún segir: „Ég hef áhuga á að kenna ÍSL 303 áfram en þar er ég alltaf að gera tilraunir til að bæta kennsluna og tengja námsefnið við nemendur eins og ég geri í öðrum áföngum sem ég kenni.“

## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Kennslustjóri minnir á að alltaf má bæta fleiri kortum í þær skólastofur sem íslenskan er kennd: Íslandskorti, heimskorti, sögukorti. Myndum og teikningum, málverkum og öðrum munum sem auðga andann og bæta andrúmsloftið í tómun skólastofum ber að fagna eins og farfuglum á vorin. Kennarar deildarinnar virðast feimnir við „skreytilist“ af þessu tagi vegna þess að stofurnar eru einnig notaðar til kennslu í öðrum og ólíkum greinum.

Björgvin E. Björgvinsson leggur til „í ljósi þverfaglegra áherslna framtíðarinnar“ eins og hann orðar það „að skólinn hlutist til um það að fá námskeið eða fyrirlestur um hvernig virkja má og þjálfa nemendur skólans sem best til þess að taka þátt í málefnalegri umræðu um hin margvíslegustu efni. Þar eru áleitnar spurningarnar: Hvernig þjálfum við nemendur markvisst í að kynna efni sitt, setja fram eigin skoðanir og styðja þær rökum? Hvaða leiðir eru góðar til að þjálfa virka hlustun svo umræður, t.d. um flutningsverkefni nemenda, verði dýpri og málefnalegri? Hvernig virkjum við alla nemendur til að taka þátt í umræðu?“

Rósa Marta leggur áherslu á þverfagleg vinnubrögð. Hún segir að „mikilvægt sé að komast út úr því kassalaga fyrirkomulagi sem ríkir í skólanum.“ Til viðbótar þessari fullyrðingu segir Rósa: „Ég tel nauðsynlegt að hægt sé að loka fyrir nettengingu í kennslustofum þegar það á við svo að verkefni nemenda séu ekki meira og minna tekin beint af netinu.“

Elín Una leggur til að verklagsreglur vegna yfirsetu í lokaprófum verði endurskoðaðar og bættar.

Guðbjörg Dóra og Katrín Tryggvadóttir leggja til að fundin verði úrræði fyrir þá nemendur sem ekki sýna vilja til náms. „Það gengur ekki að nemandi sem ekki lærir og ljóst er á miðri önn að hann nái ekki áfanganum fái að hanga inni í honum og eyðileggja nám fyrir öðrum nemendum.“

Gylfi Þorkelsson segir undir þessum lið: „Hér mætti endurtaka allt sem sagt var í næsta lið að ofan. En skólayfirvöld þurfa líka að leita leiða til að styrkja kennara í byrjunaráföngum. Þar eru viðvarandi AGAVANDAMÁL sem er ólíðandi. Áfangarnir ÍSL U93 og ÍSL 102 eru nánast ókennandi og varla mönnum bjóðandi að standa í því stappi. Þar er hópur nemenda sem eyðileggur allt starf, mætir illa, gerir ekkert, rífur kjaft og brottfallið er gríðarlegt. Það þarf að nálgast þennan hóp á sértækan hátt“ segir Gylfi. Hann fullyrðir að við þetta ástand sé ekki lengur hægt að una og spyr hvort fjölga ætti kennurum hvers áfangahóps í tvo og kastar fram þeim hugmyndum í gamni og alvöru hvort lausnin felist í því að stofna „Matchbox“ braut eða rými í Nýja-Hamri fyrir dagvistun með leikherbergi við hlið fyrirhugaðrar „Fjölsmiðju“?

## Annað

Leikhúsféð var farin í ÍSL 503 fimmtudaginn 27. október 2011 að sjá Svartan hund prestsins eftir Auði Ólafsdóttur. Ánægjan sem leikhúsféðir skapa er alltaf jafn mikil en almennur áhugi nemenda fyrir leikhúsi virðist fara minnkandi.

Dagur íslenskrar tungu var að venju haldinn hátíðlegur á fæðingardeggi Listaskáldsins góða þann 16. nóvember. Að þessu sinni var efnt til ljóða- og prósasamkeppni meðal nemenda. Niðurstaða dómnefndar sem skipuð var Kristínu Þórarinsdóttur fyrrverandi fjármálastjóra skólans og B.A í íslensku, Kolbrúnu Lilju Kolbeinsdóttur fyrrverandi nemanda skólans og B.A í almennri bókmenntafræði og Örlygi Karlssyni skólameistara sýndi svo ekki verður um villst að ljóðið lifir. Fjórum nemendum voru veitt verðlaun en að öðru leyti ekki gert upp á milli þeirra. Þeir nemendur sem hlutu verðlaun voru: Magnús Ágúst Magnússon, Iðunn Rúnarsdóttir, Vala Hauksdóttir og Gunnlaugur Bjarnason. Sérstaka eftirtekt vakti að tvö af verðlaunaljóðunum fjórum voru í bundnu máli. Í viðhengi þessarar skýrslu er að finna niðurstöður dómnefndarinnar.

Dagur íslenskrar tungu er góður dagur og hingað til hefur dagskrárgerð hans legið á herðum íslenskudeildar. Að fenginni reynslu er það skoðun kennslustjóra að best sé að fá allt skólalífið til þátttöku og undirbúnings þessa dags: nemendaráð, kór skólans, stjórnendur og kennara annarra deilda, einkum sögu og tungumálakennara. Skapa má sterka hefð sem byggir á því að um stund stöðvist öll hefðbundin kennsla í skólanum en annað og viðáttumeira taki við sem tengist menningu, menntun, sköpun og tjáningu í nútíð og fortíð.

FSu 5. júní 2012,  
Jón Özur Snorrason,  
kennslustjóri íslensku.

## ÍSA-áfangar

Verkefnisstjóri: Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir

Á haustdögum 2011 var mikil eftirvænting í hinni nýju ísudeild, kerfið hafði verið stokkað upp og nýir áfangar án áfangalýsinga biðu hinna nýskipuðu ísukennara. Hannes var kominn í leyfi, eftir hann lá mikill fróðleikur, mikið af efni og verkefnum en skipulag þess fór með Hannesi. Það var sem sagt í höfðinu á honum. Til að byrja með vorum við þrjár sem tókum að okkur verkefnið; Elín Una Jónsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir. Á vorönn fengum við góðan liðsauka, Hrefnu Clausen.

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Elín Una Jónsdóttir	ÍSA403 ÍSA503*	ÍSA-nýi

\* (áfanginn féll niður eftir fyrstu tvær vikurnar þar sem eini nemandinn hætti námi)

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	Ísa103 Ísa203	Ísa-nýi
Hrefna Clausen **einn tími á viku (75 mín).		Ísa-nýi**
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	Ísa193 ÍsaA92	Ísa-nýi ÍsaB92

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

EUJ: Allir kennsluhættir má segja að hafi verið nýjungar í áfanganum þar sem kennsluáætlanir frá fyrri áföngum lágu ekki fyrir.

Í málfræði var unnið með eftirfarandi:

Greinir, tala og fallbeyging nafnorða

Fallstjórn s.s. forsetningar og sagnir

Fallbeyging persónufornafna í et. og ft.

Stigbreyting lýsingarorða

Nútið og þátið sagna.

Boðháttur

Lýsingarháttur þátíðar

Andheiti og samheiti

Í máleflingu var unnið með eftirfarandi:

Fjölbreyttir textar lesnir, úr bókum og af netinu, spurningar búnar til og þeim svarað.

Framburður æfður með æfingum, sérstaklega langir sérhljóðar.

Munnlegur flutningur í tíma, þrjú verkefni.

Þemaverkefni:

Yfirskriftin var „Þau sem ég lít upp til“

Nemandi aflaði sér upplýsinga um nokkrar persónur, vann úr textabrotum, myndskreytti og setti saman bækling.

Skáldsaga

Korka var lesin til enda, bæði Nornadómur og Við Urðarbrunn. Glósa þurfti hvern kafla.

Skyndipróf og tímaritgerð í lokin.

GDS: Á haustönn var ísan kennd sem samkenndsla 103 og 203 og þar sem Hannes var ekki lengur með ísuna má segja að allt hafi verið nýtt. Unnið var í tveimur þyngdarstigum með ýmsa bókmenntatexta, blaðgreinar þar sem nemendur lásu efnið, svöruðu úr því spurningum bæði munnlega og skriflega, auk þess sem mikið var um að unnið væri með orð, orðatiltæki og málfræði úr þessu efni. Þá var unnið með talað mál og oft settir upp hlutverkaleikir til að þjálfra ýmsa þætti. Það gafst mjög vel og nemendur töldu sig læra margt af þeim.

Ritunaræfingar voru þó nokkrar, svo og munnleg þjálfun þar sem nemendur komu til kennara og ræddu við hann um ýmis mál.

Þá var netið notað til lærdómsins, sérstaklega vefurinn Icelandic online. Þar unnu nemendur nokkuð sjálfstætt. Lítið var um heimanám nema lestur bókmenntatexta og stöku



verkefnavinna nema þegar nemendur höfðu misst út tíma þá þurfti að bæta það upp með vinnu heima.

RES: Ísa A og B voru að nokkru leyti samkvæmt hefðbundnu sniði, sérstaklega framan af. Nemendahópurinn samanstóð af einstaklingum sem voru á byrjunarreit í sínu íslenskunámi og var stór hluti þeirra skiptinemar. Íslenska fyrir alla og Learning Icelandic voru brúkaðar á haustönn og eitthvað fram á vorönn. Á vorönn notuðum við meira verkefni, þematengd verkefni og bækurnar minna. Í tímunum var mikið talað og oft eitthvað gripið á lofti sem nemendur voru að velta fyrir sér eða stóð til. Til dæmis dansleikir og þorablót svo eitthvað sé nefnt.

Í ísa193 á haustönn var nemendahópurinn mjög fjölbreyttur og breiður bæði hvað varðaði kunnáttu og getu og sérstaklega þegar kom að vilja til náms. Þetta voru nýnemar sem að í raun átti eftir að finna stað í kerfinu. Hver átti að fara ísu-leiðina og hver ísl-leiðina? Engin sérstök kennslubók var notuð, smásögur, annars konar sögur og ljóð voru kveikjur að alls konar verkefnum sem nemendur unnu að mestu í tímum. Einnig völdu nemendur sér bók til að lesa heima yfir önnina og skrifa lesdagbók, þeirri vinnu fylgdu síðan viðtöl þar sem nemendur áttu að gera grein fyrir lesefninu munnlega.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum  
EUJ:

Próf úr Korku	10%
Glósur úr Korku	10%
Tímaritgerð úr Korku	15%
Stutt ritunarverkefni á Múðlu	10%
Þemaverkefni, ritun	10%
Próf í málnotkun/málfræði	20%
Framsögn og tjáning	10%
Tímaritsgreinar	7%
Verkefnablöð, tímaglósur	8%

GDS: Námsmat í ísunnni var símat sem saman stóð af prófum, verkefnum og munnlegum verkefnum.

RES: Símat, verkefni annarinnar, próf og vinna nemenda í tímum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

EUJ: Vilborg Davíðsdóttir, Korkusaga. Málfræðihefti (ljósrít frá kennara og verkefni af [bragi.is](http://bragi.is)). Málefli. Ljósrít frá kennara með framburðaræfingum og léttum textabrotum.

Fréttir af [mbl.is](http://mbl.is) og [visir.is](http://visir.is)

Hjálpargögn: Snara.is. Íslensk samheitaorðabók. [icelandiconline.is](http://icelandiconline.is)

GDS: Sbr. umfjöllun um kennsluhætti.

RES: Kennslubækur sem hafa verið notaðar í gegnum tíðina voru að einhverju leyti brúkaðar sem og efni af Neti og myndefni eins og *Viltu læra íslensku?* var notað. Það sem hins vegar var nýtt var t.d. moodle, þar skiluðu nemendur verkefnum og lesfærslum og höfðu aðgang að alls konar stuðnings- og ítarefni. Einnig var töluvert útbúið af nýjum verkefnum bæði

verkefnum sem tóku aðeins eina kennslustund í vinnu eða allt upp í heila viku. Hlutverkaleikir voru einnig notaðir sem og spil og tónlist.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

GDS: Næsta skólaár legg ég til að haldið verði áfram þar sem frá var horfið í ísinni. Kennarar ættu að verða 4 áfram og allir að kenna tvo daga. Margt hefur lærst á þessari önn sem koma mætti að gagni á komandi kennsluári. Ég legg til að ísinni verði þó breytt á þann hátt að ekki verði um hraðferðir að ræða, heldur fari nemendur í hægferðir. Tíminn vinnur með krökkunum og því væru þeir búnir að fá betri æfingu og færni þegar þau hætta ef annirnar væru fleiri.

RES: Nauðsynlegt er að halda áfram því starfi sem byrjað var á nú á vorönn 2012. Forsendur eru aðrar, við erum nú margs vísari og getum nýtt okkur þá kunnáttu til að gera gott starf betra. Sem dæmi þá þekkjum við nú stóran hluta nemenda okkar og vitum þar af leiðandi nákvæmlega hvar taka á upp þráðinn og hvar má bæta í næstu önn.

Lokaverkefni nemenda í nýju-ísu fólst í því að hver og einn kynnti sitt upprunaland. Það tókst afar vel og nemendur stóðu sig vel. Næsta vor mætti gera meira úr þessari kynningu og hafa hana í miðrými skólans en ekki inni í einni stofu, jafnvel mætti hugsa sér að búa til fjölmeningardag í skólanum og fá alla til að taka þátt með einum eða öðrum þætti. Það mætti kynna mat og menningu, sýna þjóðadansa og þjóðbúninga, vera með örtungumálanámskeið svo eitthvað sé nefnt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

GDS: Ísan þarf að fá betri aðstöðu, eiginlega starfsstöð þar sem hægt er að nýta veggpláss og geyma gögn. Þá væri gott að peningum væri veitt í ferðir svo nemendur gætu farið í einhverjar menningartengdar kynnisferðir með kennara.

Koma þarf upp e.k. mentor kerfi þar sem nýr nemandi í skólanum fær hjálparmanneskju (liðveislu) í upphafi skólaárs sem fylgir honum af stað inn í samfélagið. Þetta gæti verið nemandi við skólann og hugsanlegt að eining væri í boði.

RES: Gott væri ef ísan hefði þess háttar umhverfi að hún mætti breiða úr sér án þess þó að troða öðrum um tær, eitthvað í líkingu við lífsleiknina. Við lögðum upp með það í upphafi vorannarinnar að nýta vel stofuna, búa til spennandi, námsörvandi og líflegt umhverfi með alls konar upplýsingum, staðreyndum og vinnu nemenda á veggjum. Þetta byrjaði ágætlega með stóru málfræðitré, landnámsreflum sem sögur nemenda prýddu og fleiru en við lentum fljótlega á vegg. Þeir sem deildu stofunni með okkur fannst við helst til stórtækar, eðlilega, sem hafði þau áhrif að við hættem þessu, því miður. Við hefðum kannski getað rætt við þá kennara sem deildu með okkur stofunni í upphafi annar, það má vel vera.

Annað

EUJ: Áfanginn gekk mjög vel að mínu mati enda var einungis einn nemandi í áfanganum. Nemandi sýndi mikinn áhuga á skáldsögunni Korku og gekk vel í skyndiprófum og ritgerð. Málfræðin gekk líka mjög vel. Það voru mikil forréttindi bæði fyrir nemanda og kennara að vera bara tvær saman í tímum sem án vafa skilaði sér í góðri vinnu, nánd og samvinnu.

Miðvikudagstímar Hrefnu á vorönn: Á miðvikudögum var talþjálfun nemenda. Fyrstu tímana var farið í hópefli, m.a. voru nemendur látin standa í hring, kynna sig og segja stuttlega frá sjálfum sér eins og kunnátta þeirra og geta leyfði. Leitast var við að hafa hlutina á léttum nótum og nemendur hvattir til að leika sér svólítið með tungumálið og hrista af sér feimnina.

Talþjálfun annarinnar fór þó að mestu fram í ca 10 -15 mín. viðtölum kennara við einn nemanda í senn utan kennslustofunnar. Slíkt reyndist mjög gagnleg aðferð til að fá nemendur til að tjá sig. Gott samband náðist eins og venjan er þegar nemendum gefst tækifæri til að tala annað tungumál en sitt eigið án samanburðar við aðra bekkjarmeðlimi. Í þessum samtölum náði kennari vel að greina framburðarferfiðleika sérhvers nemanda eftir því hvert hans móðurmál hans var. Nemendur höfðu augljóslega ánægju af því að segja frá uppruna sínum, líðan í íslensku samfélagi, og reynslu sinni af íslensku tungumálanámi. Mjög áhugavert var einnig að heyra hugmyndir þeirra varðandi þær aðferðir sem þeir töldu að nýttust best við tileinkunn íslenskunnar. - Það var auðvitað einstaklingsbundið hvað hver og einn lagði áherslu á. Sumir vildu auka, lesfærni sína meðan aðrir vildu beina öllum kröftum sínum að þjálfun munnlegrar færni.

Eftir þessi samtöl vöknudu hugmyndir um nauðsyn þess að erlendir nemendur hefðu aðgang að einskönar trúnaðarmanni innan skólans. Mörgum nemendum lá ýmislegt á hjarta sem þeir vildu viðra í þessum samtölum. Það snerti m.a. veru þeirra í skólanum og útskýringar á fyrirkomulagi innan sem utan veggja skólans sem þeir oft á tíðum höfðu ekki kunnað við að spyrja um eða höfðu hreinlega misskilið.

## Íslenska sem annað mál – ÍSA-nýi vorskýrsla

### Áfangar:

ÍSA 193	
ÍSA 103	ÍSA403
ÍSA 303	ÍSA503

### Nýjungar í kennsluháttum

Allir áfangar voru kenndir saman og um algjöra nýjung var að ræða í kennslufyrirkomulagi og kennsluháttum þessara áfanga.

Í öllum áföngum var unnið með þrjá grunnþætti: Ísland áður fyrr; Ísland í nútímanum; Ég og löndin mín. Út frá þessum þáttum var kennslan þemaskipt.

### Markmiðið

*„Að þeir nemendur sem ljúka áföngum brautarinnar hafi öðlast innsýn í þessa þrjá grunnþætti. Hafi aukið þekkingu sína og skilning á sögu lands og þjóðar allt frá upphafi til nútímans og geti, ekki síst, staðsett sig sem hluti af íslensku samfélagi án þess að missa tengslin við uppruna sinn“ (Úr drögum að kennsluáætlun).*

Að okkar mati náðist markmiðið að mörgu leyti. Við fylgdum áætluninni og nemendur voru jákvæðir og opnir gagnvart því námsefni sem lagt var fyrir. Við teljum að þekking þeirra og þor gagnvart samfélaginu hafi aukist. Við teljum þó að við hefðum getað veitt nemendum aðgang að meira kennsluefni, meiri upplýsingum og fróðleik um sögu landsins og íslenskt samfélag í dag. Nemendur fengu enga ákveðna kennslubók og því fólst stór hluti af vinnu okkar kennaranna í því að útvega og setja saman efni og aðlaga það að getu hvers nemanda.

## Eitt málver fyrir alla

„Nemendur eru allir saman í einu málveri en vinna þar í aðgreindum hópum að mismunandi verkefnum. Hópaskipting byggir á getu nemanda, vinnusemi og sjálfstæði. Námið verður því mun einstaklingsmiðaðra og lýðræðislegra en núverandi skipulag leyfir. Nemandi sem vinnur vel fær meira efni og fer dýpra í það. Hugsanlega getur hann einnig tekið að sér aðstoð við aðra nemendur“ (Úr drögum að kennsluáætlun).

Þetta fyrirkomulag sem lagt upp með í upphafi annar fór vel af stað en þegar leið á önnina komu ákveðna brotalamir í ljós. Nemendur mættu misvel og við þekktum þá og getu þeirra ekki nógu vel til að fylgja þessu nógu vel eftir.

Nemendur aðstoðuðu hver annan og oftast en ekki af eigin hvötum sem var mjög gott. Æskilegt hefði verið að nýta sér þennan möguleika enn betur.

Hugmyndin um eitt málver gekk vel. Lifandi og fordómalausar umræður sköpuðust, nemendur voru óhræddir og tengdust innan hópsins. Sérstaklega fannst okkur umræða um trúarbrögð gagnleg. Í þeirri umræðu fengum við utanaðkomandi aðila inn í bekkinn (prest) sem að okkar mati gaf nemendum mikilvæga sýn á samfélagið. Það er mikilvægt fyrir þennan hóp að kynnast sem flestum þáttum samfélagsins og þar eru heimsóknir utan úr samfélaginu til hins góða. Þannig lifnar tungumálið við og menningin sem því fylgir.

## Nemendastuðningur

„Stefnt er að því að íslenskir nemendur í FSu verði fengnir til samstarfs við fagið (ÍSA) og verði sérstakir félagar nemenda sem eru af erlendu bergi brotnir. Á þann hátt myndu nemendur öðlast dýpri skilning á íslensku samfélagi um leið og þeir mynda vinatengsl sem örugglega munu oft á tíðum ná út fyrir nám og skóla. Nemendastuðningurinn getur þannig minnkað líkur á einelti, fordómum og lokuðum menningarkimum“ (Úr drögum að kennsluáætlun).

Við náðum ekki að útfæra og fylgja eftir þessari hugmynd um nemendastuðning. Ljóst er að útfærslan bíður næstu annar í samráði við stjórnendur. Við höfum rætt málið og teljum t.d. að velja þurfi nemendur saman eftir áhugasviði. Við teljum líka að þessi nemendastuðningur þurfi að vera einingabær.

## Fjórar stöðvar – þrjár kennarar

Við lögðum upp með það fyrirkomulag að inni í hverri kennslustund væru fjórar stöðvar með ólíkum verkefnum. Hugmyndin var að kennarar væru til staðar á þremur stöðvum en á einni stöðinni færi fram sjálfsnám. Nemendum væri síðan skipt í fjóra hópa m.a. eftir getu og hóparnir færðust frá einni stöð til annarrar. Fyrirkomulagið gekk ekki eftir og eru ástæðurnar eftirfarandi:

- Fyrirkomulag kennslustofunnar leyfði ekki þessa stöðvavinnu. Borðauppröðun tók of langan tíma bæði í upphafi kennslustundar og við lok hennar.
- Kennslustofan er of lítil fyrir fjóra hópa þannig að ein stöðin hefði þurft að vera staðsett utan stofunnar.
- Einungis í einni kennslustund í viku voru þrjár kennarar í stofunni. Í hinum tveimur kennslustundunum voru kennarar einungis tveir. Of erfitt reyndist fyrir tvo kennara að halda utan um fjórar stöðvar.

## Kennslustofan

Í upphafi gengum við út frá því að með sem eiginlegri fastri kennslustofu yrði hægt að skapa lifandi og hlýlegt námsumhverfi. Í upphafi annar settum við ýmis verkefni upp á veggum t.d. landakort, landnámsrefil með sögum eftir nemendur, stórt málfræðitré, veggspjöld með

fréttum eftir nemendur og fl. Hugmyndir okkar um þessar skreytingar virtust vera þess eðlis að þær áttu ekki samleið með þeim kennurum sem deildu stofunni með okkur. Ástæða er til að skoða betur hversu langt við getum gengið í því skapa þetta umhverfi og hvort við þurfum e.t.v. að endurskoða hugmyndir okkar. Við hefðum þurft að ræða í upphafi annar við þá kennara sem deildu með okkur stofunni.

## **Heimanám**

Við teljum að við hefðum getað lagt fyrir mun meira heimanám en við gerðum. Það reyndist okkur flókið að halda utan um heimanámið þar sem við miðuðum allt námsefni við einstaklinginn og við þekktum nemendur ekki nægilega vel. Nauðsynlegt er að útfæra heimanámið betur og finna leið sem hentar hverjum og einum en er um leið einfalt fyrir okkur kennarana að fylgjast með og yfirfara. Þetta mætti e.t.v. leysa með einhvers konar samskipta- eða heimanámsdagbók þar sem við gætum fylgt heimanáminu betur eftir.

### **2.1.3 Lífsleikni**

**Fagstjóri: Björgvin E. Björgvinsson**

Á haustönn 2011 voru 3 hópar í LKN 106. Á vorönn 2012 voru 4 hópar í LKN 106 og einn í 103. Kennarar voru eftirtaldir:

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Björgvin E. Björgvinsson	LKN106	LKN106
Eyrún Björg Magnúsdóttir	LKN106	LKN106
Guðfinna Gunnarsdóttir	LKN106	LKN106
Kjartan Ólason	LKN106	LKN106/LKN103
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	LKN106	LKN106
Vera Ósk Valgarðsdóttir	LKN106	
María Karen Ólafsdóttir		LKN106
Hrefna Clausen		LKN106
Guðmundur Torfi Heimisson		LKN106

Þetta skólaárið var áfanginn kenndur með hefðbundnu sniði, þ.e. unnið að sömu markmiðum og áður þótt hóparnir færu misjafnar leiðir að þeim.

Eins og áður fengum við gesti til okkar á skólaárinu; læknanemar í Ástráði með kynfræðslu, Ninna Sif Svavarsdóttir fræðslufulltrúi Selfosskirkju heimsótti okkur með pistil um sorg og sorgarviðbrögð. Skiptinemar frá AFS komu til þess að kynna starfsemina en þar sem fulltrúar þeirra höfðu aðeins tíma fyrir okkur seint á vorönninni reyndist ekki unnt að fá þá í alla hópana. Einnig var reynt að fá fulltrúa frá Skildi, félagi hjúkrunarfræðinga, til að fjalla um sjálfsmyndina en það tókst ekki að þessu sinni.

Báðar annir var farið í vel heppnaðar, hefðbundnar menningarferðir til höfuðborgarinnar. Í lok menningarferðar fara allir saman á leiksýningu og á haustönn sáu hóparnir Listaverkið í Borgarleikhúsinu en á vorönn sýninguna Eldhaf, einnig í Borgarleikhúsinu.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

GG: Það var nú lítið sem var öðruvísi í minni kennslu á skólaárinu. Þetta gekk allt mjög vel. Kennsluhættir svipaðir og verið hefur.

Við reyndar prófuðum núna að skipta hópnum í tvennt þegar við vorum að kynna menningarferðina og tala um myndlist - það virkaði mjög vel, við fengum lánaða aukastofu og vorum þá með um 15 manns í hópi. Ég held að upplýsingarnar um ferðina og allt sem henni viðkemur, sem og ritgerðina hafi skilað sér betur svona. Þá var auðveldara að svara spurningum í minni hópi.

Ég breytti líka útaf nálgun á umfjöllun um Alþingi. Ég notaði efni úr lífsleiknibókinni sem ég man ekki hvað heitir og svo skipti ég hópnum upp í lið og skrifaði spurningar á töfluna um allskonar hluti tengda þinginu og ríkisstjórn - hvert lið átti sinn lit, öll liðin voru frammi, hvert lið var með tölvur og hlaupara, njósnara og ritara. Aðeins ritari og hlaupari frá hverju liði máttu vera inni í stofunni að svara - svo þurftu þau að hlaupa fram til að finna svarið. Voða gaman.

EBM: Tel ekki að neinar stórar nýjungar hafi orðið á kennsluháttum en sannfærð um að áherslumunur sé á námsefni milli anna og hvernig það er kynnt. Kannski möguleiki að segja að nýtt stjórnmalaverkefni hafi verið prófað sitthvora önnina, eftir minni vitneskju er hitt frekar klassískt enda eiga þau vel við.

GTH og HC: Auk þess að skila ferðasögu úr menningarferðinni unnu nemendur leikinn gjörning upp úr ferðinni. Gjörningnum var ætlað þjálfar nemendur í að vinna saman úr upplifunum og hugmyndum sínum úr völdum þáttum menningarferðar. (Sjá lýsingu á H-drifi.)

Málfundur um nauðsyn eða ógagn þess að ferðast út í heim var haldinn í lok annar og tókst vel.

Nýtt verkefni um auglýsingar var búið til, sem fólst í að nemendur bjuggu til „and-auglýsingar“, þ.e. plaköt sem líta út eins og auglýsingar en boðskapurinn annað hvort gengur þvert á ímynd vörunnar eða sýnir sannleik um vöruna sem „venjuleg“ auglýsing hefði ekki sýnt. (Sjá H-drif.)

RES: Kennsla á haustönn var í frekar föstum skorðum. Kennsluáætlun og verkefnastraumi fyrri anna fylgt í meginatriðum. Á vorönn hins vegar breyttum við örlítið til. Við slepptum t.d. fréttastofunni, gerðum töluvert mikið úr ímynda- og fjölmiðlaþættinum, unnum með það saman í einu verkefni. Nemendur skiluðu ekki hefðbundinni umsókn í LKN heldur unnu ferilskrá sem þau skiluðu til kennara, fundu tvær atvinnuumsóknir í dagblöðum og eða af Neti og útbjuggu umsókn um annað starfið. Við breyttum einnig aðeins út af í umfjöllun okkar um fjölskyldu og fjármál og nemendur fundu raunverulegar eignir og reiknuðu út lánakosti og kjör svo eitthvað sé nefnt.

MKÓ: Fjármál: Nemendur völdu íbúð/hús á fasteignasölum og gerðu greiðsluáætlun miðað við kaup á eigninni. Þau skoðuðu lán í tveimur bönkum og greiðslubyrðina, vextina og hvað þau væru endanlega að borga fyrir eignina. Þau áttu að gera greiðsluáætlun miðað við verðtryggt lán og óverðtryggt og rökstyðja af hverju þau myndu velja annað. Nemendur keyptu sér líka bíl á bílasölu. Þarna vildi ég sýna þeim hvað það er í raun og veru dýrt að taka lán og að þau geri sér grein fyrir muninum á verðtryggðu og óverðtryggðu láni og að það er ekkert alltaf mikill munur á þeim og hvernig bankarnir tryggja sig með vöxtum hvernig lán sem einstaklingur tekur.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

BEB: Eins og áður er símat í lífsleikniáföngunum. Verkefni eru mörg og stærð þeirra og vægi frá 1 prósentu upp í 15 prósent. Sum eru unnin í einum tíma, önnur þurfa lengri yfirlegu og úrvinnslu og einstaka verkefni vara alla önnina.

EBM: Notast var við símat alla önnina. Mjög góð aðferð til að meta námið hjá þeim. Mætti kannski bæta aðeins meira einstaklingsverkefnum til að veita upp á móti vanþekkingu eða vangetu sumra til að vinna hópavinnu?

RES: Um símat var að ræða og voru námsmatsaðferðir afar fjölbreytilegar og nemendur eru metnir út frá öllum mögulegum og ómögulegum hliðum. Gefnar eru margar einkunnir og nemendur skila verkefnum munnlega, skriflega, sem einstaklingar, í hópum, í þörum, á veggspjöldum, taka próf og setja upp kynningabása svo dæmi séu tekin.

MKÓ: Við máttum vinnuna sem staðið eða ekki. Sterkir nemendur fóru miklu dýpra í verkefni en veikustu. Tilgangurinn var kannski ekki að þau lærðu eitthvað utanað heldur að kynna þeim t.d. fjármálaheiminn og kostnaðinn sem fylgir lántökum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GG: Námskeið: ég fór á leikstjórn 2 að Húnavöllum í júní. Kennari: Sigrún Valbergsdóttir.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

BEB: Nemendur í LKN kaupa ekki kennslubók fyrir áfangann en kennarar styðjast ýmist við útgefið efni eða eigin framleiðslu.

GG: Kennslugögn. Við sýndum nemendum prezi.com (sem er rafrænt umhverfi til að búa til kynningar) og allir urðu að gera hluta 1 í stóra verkefninu þar inni. Það kom vel út. Einnig leyfðum við þeim að nota google+, en þar er hægt að búa til vefsíðu frítt - einnig leyfðum við þeim að nota feisbúkk til að búa til landaverkefni. Allt þetta kom mjög vel út - þessar síður eru þægilegar í notkun og nemendur eru fljótir að tileinka sér notkun á þeim.

RES: Kennslubækur voru ekki notaðar beint en það er ágætt að fletta hinum ýmsu ritum til að fá nýjar hugmyndir og innblástur. Bókin *Hvað kosta ég?* var t.d. á borði kennara þessa önn. Efni úr henni var ekki notað á beinan hátt heldur má segja að efni ritsins hafi heldur styrkt kunnáttu kennara (mína).

MKÓ: Netið, heimasíður bankanna, fasteignasala, bílasala og Seðlabankans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

BEB: Í LKN er unnið með hina fjölbreytilegustu þætti mannlífsins. Það sem helst mætti vinna að fyrir komandi skólaár er ef til vill aðlaðandi og uppbyggjandi Umferðarfræðslupakki.

EBM: Eina sem ég vil koma að hérna er hvort hægt sé að koma krökkunum aðeins út úr skólanum meira. Fara með þau í vettvangsferðir á kennslutíma, t.d. varðandi umhverfi, neytandann, fjölskylduna o.s.frv. Þyrfti ekki að kosta svo mikið ef ekki þarf rútu og vel hægt að nýta umhverfið.

GG: Ég legg til að við notum tækifærin sem felast í hreyfingarárinu sem Heilsuefandi framhaldsskóli og verðum dugleg að fara með nemendur út! :)

RES: Breyta heiti áfangans úr *Lífsleikni* í nánast hvað sem er annað. Nemendur koma inn í fyrsta tíma alltof margir neikvæðir einfaldlega út í heiti áfangans. Þeir eru búnir að þessu og finnst óþarfi að gera þetta aftur.

Kannski er betra að öll kennarapör séu samsett af konu og karli? Þarf ekki að vera.

MKÓ: Búa til fjölskyldu, fá sér vinnuna (drauma), skoða meðallaunin í þeirri starfstétt, kaupa íbúð og bíl og reka heimili. Skoða greiðslubyrðina á mánuði miðað við tekjur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

EBM: nýr skjávarpi, nýir hátalarar, fleiri heimsóknir í nærsamfélagið eða frá nærsamfélaginu, t.d. tenging við áhugaleikfélagið eða samþætting við leiklistaráfanga?

GTH og HC: Hugmyndafræðin að baki við lífsleikni í FSu er góð en erfitt getur reynst að koma henni til skila. Áfanginn er mjög stór og yfirgripsmikill eins og hann er nú, bæði hvað snertir nemendafjölda og einingar/tímasókn. Markmið hans eru einnig mjög víð og vera kann að endurskoðunar sé þörf. Eftir því sem efnistöð verða víðari og áfanganum ætlaður breiðari tilgangur verða markmiðin einnig óljósari, sem getur valdið losi á bæði kennurum og nemendum. Það mætti því vinna að því að einfalda áfangann og gera markvissari, til dæmis fækka námsþáttum, einingum og/eða kennslustundum á viku. Hugsanlega yrði þá undirbúningur og kennsla bæði markvissari og áfanginn gagnlegri fyrir nemendur. Kennarar reiða sig oft á gömul verkefni sem lengi hafa verið í notkun, sem getur valdið því að áfanginn staðni í sama farinu, því undirbúningur og hugmyndavinna kennarapars tekur talsverðan tíma, jafnvel hjá þeim sem eru vanir að vinna saman. Margir kennarar kenna áfangann á sömu önn og erfitt getur reynst að samræma áherslur og efnistöð. Einnig þurfa kennarar gjarnan að búa til ný verkefni og nýtt námsefni jafnóðum og þeir leggja það fyrir. Þetta er sérstaklega erfitt í sex eininga áfanga sem er ætlað jafn viðamikið hlutverk og námskrá kveður til um. Til að draga saman, þá teljum við að markmið lífsleiknikennslu í FSu séu góð en formið sé orðið þungt í vöfum og því sé þörf á að stokka það upp. Hugsanlega myndu áherslur þriggja eininga áfanga ná markmiðum námskrár jafn vel, ef ekki betur.

RES: Lengi má gott bæta og byggja á góðum grunni.

MKÓ: Fjármálakennslu þarf svo sannarlega að bæta í framhaldsskólum. ALLIR eiga eftir að kaupa sér bíl eða/og íbúð, taka lán og lífa. Það þarf að kenna nemendum að fjármálafyrirtækin eru í bransanum til þess að græða en ekki til að hjálpa viðskiptavinum sínum. Mesta fræðsla sem einstaklingar fá í dag er hjá fjármálafyrirtækjunum sjálfum.

Annað

EBM: Hef mjög litlu við þetta að bæta, tel að áfanginn sé nauðsynlegur fyrir nýnema og að stöðugt sé hægt að þróa hann sbr. breytingar í námi almennt og samfélagi. Ég hafði mjög gaman af því að kenna hann og tel mig hafa lært mikilvægar lexíur varðandi kennslustarfið.

BEB: Á haustönn var unnið að verkefni fyrir þrjátíu ára afmæli skólans. Hóparnir útbjuggu fimm veggspjöld með mismunandi yfirskrift. Gestum var ætlað að skrifa á miða það sem þeim datt í hug og líma á spjöldin. Hér fyrir neðan eru yfirskriftir veggspjaldanna og sýnishorn af því sem límt var á þau.

Hvers vegna FSu?

„Æðislegur skóli.“

„Besti skólinn.“

„Nálægt heimabæ.“

„Því ég komst ekki í Kvennó.“

„Því vinir manns eru hér og

þetta er góður skóli.“

Ég og FSu.

„Ég fann konuna mína.“

„Mamma og pabbi voru í FSu“

„Ég fann mína bestu vini.“



Árin mín í FSu.

„Ég fann ástin í lífi mínu.“

„Eignaðist góða vini.“

„Ógeðslega gaman.“

„4 years of pain and pleasure.“

„Hitti draumaprinsinn í íslensku.“

„Kynntist fullt af frábææru fólki.“

FSu og samfélagið.

„Með sól í hjarta.“

„Lífæð.“

„Miðpunktur Suðurlands.“

*Hér teiknuðu gestir líka myndir.*

Framtíð FSu.

„Það verður skemmtilegra með árunum.“

„Stórgóð.“

„Heilsteypt, heilbrigð ungmenni á færiband.“

„Árið 2050 verða núverandi nemendur skólans orðnir kennarar við skólann og kenna LKN.“

Selfossi í júní 2012

Björgvin E. Björgvinsson, fagstjóri lífsleikni.

#### **2.1.4 Samfélagsfræðigreinar**

**Kennslustjóri: Helgi Hermannson**

	<b>Haut 2011</b>	<b>Vor 2012</b>
<b>Nafn kennara:</b>	<b>Áfangi</b>	<b>Áfangi</b>
Árni Blandon	SÁL103	
		SÁL203
	SÁL313	
Ingibjörg Ó Sigurðardóttir	SÁL103	SÁL403
	SÁL203	SÁL103
		UPP103
Ragnheiður Eiríksdóttir	HSP103	HSP103
		HSP203
Erlingur Brynjólfsson	HSP303	
	SAG103	SAG103
	SAG303	SAG303
		SAG313
Már Ingólfur Másson	SAG323	
		SAG103
	SAG203	

Lárus Ág. Bragason	SAG103 SAG203	SAG103 SAG203
Helgi Hermannsson	FÉL103 FÉL323	FÉL203 FÉL403
Eyrún Magnúsdóttir	FÉL103 FÉL203	FÉL103 FÉL303
Málfríður Garðarsdóttir		FJÖ213
Guðmundur Torfi Heimisson		FÉL103

## Félagsfræði og fjölmiðlafræði

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu** – Engar stórar nýjungar hafi orðið á kennsluháttum en fram kemur áherslumunur á námsefni milli anna og hvernig það er kynnt. Eyrún og Helgi unnu að aðlögun eða smá breytingum á verkefnum sem höfðu verið notuð, með góðum árangri, í báðum áföngum. Á vorönn prófuðu Eyrún og Guðmundur Torfi að sýna mynd og þróa verkefni í sambandi við menningu, trúarbrögð og fjölskyldu í samhengi við hana í FÉL103. Í FÉL303 prófaði Eyrún nýja nálgun á námsefnið og setti nemendum fyrir 25% verkefni sem fólst í því að þau tóku að sér undirbúning og kennslu á afmörkuðu efni í senn. Einnig áttu nemendurnir að prófa aðra nemendur og fara yfir. Þetta gekk yfir tæplega hálfu önnina, með innlögnum á milli frá mér og umræðum í bland frá mér. Að auki fengu nemendur stóra heimildaritgerð og svo hefðbundið kosningaverkefni sem hefur reynst mjög vel. Einnig var farið með nemendur í vettvangsferð í Ráðhús Árborgar. Í FÉL203 voru gerðar tilraunir til verkefnaskila á bloggsíðu, annars vegar vefsíðu í Google sites en hins vegar í Wordpress. Wordpress aðferðin virkaði betur, kennari setti upp grindina en nemendur fengu aðgang að síðunni og settu sitt efni inn. Þessa aðferð má þróa betur. Fj213 var með skerta kennslu vegna fámennis. Kennsla var fjölbreytt, farið í vettvangsferð til Reykjavíkur og fenginn gestafyrirlesari um fréttaljósmyndun. Þar var lokaverkefnið að gefa út auglýsingabækling sem tókst mjög vel.

**Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum** – Notað er símat í öllum áföngum. Námsmat átti sér stað jafnt og þétt yfir önnina og töluðu þó nokkuð margir nemendur um að þeim þætti þetta fyrirkomulag mjög gott.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt** – Helgi fór á námskeið Félagsfélagsfræðikennara í Færeyjum vorið 2011 og til Möltu á námskeið í Web 2 forritum til kennslu. **J**

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu** – Á ekki við, sömu kennslubækur og hafa verið. Þó var bætt við nýju efni með inn í tímana, eins og t.d. mynd í FÉL103 og gagnvirkum vef [www.stjornlogungafolksins.is](http://www.stjornlogungafolksins.is) í FÉL303.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs** – Fyrirkomulagið virðist vera nokkuð gott. Hugmyndir eru uppi um stærra utanumhald sem hægt er að vinna verkefni inn í, eins og t.d. vefsíðu, blað eða heildrænt samhangandi verkefni. Einnig væri mikilvægt að fara í fleiri

heimsóknir í nærsamfélagið eða fá gestafyrirlesara sem eru sérfróðir um ákveðin málefni innan félagsfræðinnar eða tengd henni.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir** – Enn og aftur, fleiri heimsóknir í nærsamfélagið eða frá nærsamfélaginu til að brjóta upp stofukennsluna og reyna að kveikja annarskonar skilning á efninu en fæst úr bókum og með umræðum í stofunni um það efni.

**Annað** – Félagsfræðin ætti að vera kennd í sömu stofu ef möguleiki er, þ.e. félagsfræðin ætti sér fasta stofu með mynd af Karli Marx, Max Weber og Emile Durkheim til að skapa félagsfræðilegt andrúmsloft. (*Eyrún Magnúsdóttir og Helgi Hermannsson*)

## Heimspeki

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir eru í stöðugri þróun. Megin áskorunin í heimspeki er að fá nemendur til að taka þátt í heimspekilegum samræðum og vera virkir í kennslustundum. Kennari kynnti nýtt fyrirkomulag til að koma betur til móts við nemendur, þ.e. heimspekidagbók. Þá mega þeir nemendur sem ekki treysta sér til að taka þátt í umræðunum í tímum svara þeim spurningum sem velt er upp í tímum í heimspekidagbókina en þeir hinsvegar sem eru duglegir að tjá sig þurfa þá ekki að skila þessari heimspekidagbók heldur er kennari búin að merkja við þá. Þetta reiknast inn í virkni.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmatið í HSP103 var með sama hætti og í fyrra nema að einu verkefni var sleppt þar sem það rúmaðist ekki á önninni. Fyrirkomulagi þyrfti að breyta þannig að ritgerðaskil og skil á stóru verkefni sé ekki hvort tveggja í lok annar.

Í HSP203 var lokapróf í próftöflu í fyrsta sinn. Prófið gildi 40% af lokaekinnun. Prófið kom betur út en á síðasta ári þegar það var í síðustu kennslustund annarinnar því nemendur hafa væntanlega tekið þetta meira alvarlega og lært betur fyrir prófið. Ég er ánægð með þetta fyrirkomulag, 70% af prófinu voru lesnar spurningar svo nemendur gátu undirbúið sig vel og margir lærðu greinilega mjög mikið á þeim undirbúningi.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ég sótti Moodle-námskeið í FSu og nokkra einkatíma hjá Kristínu Runólfsdóttur og stefni á að taka námskeið sem tengjast kennslunni í sumar.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Sama kennslubók var notuð en ég er stöðugt að finna nýtt og betra efni af netinu, myndbönd, greinar o.fl. sem ég nota við kennsluna.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að halda áfram að þróa og endurbæta þessa tvo áfanga.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Að skýra betur reglur varðandi svindl almennt og þá sem snýr að minni kennslu, hvað varðar ritstuld í ritgerðum. Athuga með að fá forrit til að bera saman ritgerðir og hafa þá miðlægan gagnagrunn þar sem allar ritgerðir eru bornar saman. Það fer of mikill tími í þessa spæjaravinnu. (*Ragnheiður Eiríksdóttir*)

## Saga

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla hefur verið með hefðbundnu sniði á þessu ári.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í SAG 103 og 203 er lokapróf en í öðrum áföngum símat.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Myrkvunartjöld í stofur svo hægt sé að nota þær græjur sem eru í stofunum.

*(Erlingur Brynjólfsson, Lárus Ágúst Bragason, Már Ingólfur Másson)*

## Sálfræði

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Sjá m.a. Ný kennslugögn hér á eftir. Í Sál313 (tveir bekkir) tóku nemendur tvö próf og skrifuðu síðan ritgerð um sjálfvalið efni m.a. um einhverfu, geðklofa, Alzheimer, ADHD, fóbíu, minnið, einelti, Asperger, MS, Tourette, Downs-heilkenni, þunglyndi, rofinn persónuleika, kvíðaröskun og heilabilun. Í Sál403 skrifuðu nemendur m.a. um Bettý, Postulín, Ordinary People (um hjónaskilnað), Í'm Sam (um þroskaheftan föður), To Kill a Mockinbird (um fordóma), Breakfast at Tiffany's (um yfirborðsmennsku), Momento (um missi skammtímaminnis), Konuna í köflotta kjólnum (um þunglyndi), Engla alheimsins (um geðveiki), Little Miss Sunshine (um „disfunctional“ fjölskyldu), Dangerous Method (um Jung, Sabinu Spielrein og Freud) og Rúmið brennur (um konu sem brennir eiginmann sinn til dauða, en sleppur nánast við refsingu vegna misþyrminga sem hún varð fyrir af hendi eiginmannsins).

Öll erindi eru flutt af nemendum í tímum svo aðrir nemendur bekkjarins megi læra af þeirri vinnu sem hver nemandi hefur lagt í sitt persónulega verkefni.

Í áföngunum Sál 103 og Sál 203 og voru kenndar bækur eftir Aldísi Unni Guðmundsdóttur sem höfðu verðið notaðar áður í sömu áföngum. Báðir áfangar voru símatsáfangar og voru 5 kaflapróf tekin í Sál 103 en 4 í Sál 203. Í báðum áföngum var svokölluð ferilmappa í gangi þar sem nemendur söfnuðu saman þeim verkefnum sem unnin voru í tímum. Í Sál 103 er ferilmöppunni skilað tvisvar, í fyrra skiptið þegar 2 kaflar hafa verið unnir og svo í lok annarinnar. Þetta er gert til að gefa nemendum tilfinningu fyrir því hvernig hún er metin og gefa leiðbeiningar um hvað betur má fara. Í báðum áföngum gera nemendur 1 rannsóknarverkefni og skila skýrslu. Í Sál 103 felst verkefnið í því að gera tilraunir á tölvugerðri mús (Sniffy) en skólinn á 2 eintök af því forriti sem geymt er á bókasafni skólans. Þetta verkefni hefur verið notað nokkuð lengi en er alltaf sígilt þar sem það veitir nemendum innsýn inn í hvernig lögmál virkrar skilyrðingar virka í reynd og myndar þannig tengsl milli kenningar og raunveruleika. Í Sál 203 felst rannsóknarverkefnið í því að nemendur gera tilraun á börnum út frá kenningu Piaget og kynna niðurstöður í tíma. Þetta verkefni gerir svipað gagn og Sniffy – verkefnið eða eflir tengingu milli fræðanna og raunveruleikans og voru mörg verkefnanna vel unnin og greinilegt að nemendur áttu auðvelt með að sökkva sér niður í viðfangsefnið.

## Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat, ritgerðir. Gefst vel.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Árni var í námsorlofi síðasta vetur, en því miður er svo einhliða kennsla í sálfræði við Háskóla Íslands að ekki var lokið neinum einungum frá þeirri deild, en einbeitingin fór í listir, menningu og kvikmyndanáms, sem nýtist við kennsluna í Sálfræði og kvikmyndum hér í FSu.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Til þess að skerpa á greiningu nemenda á mismunandi persónuleikum í ritgerðum sem nemendur sömdu í Sál403 (tveir bekkir), sem er persónuleikasálfræði og félagssálfræði, var nemendum gert að greina einstakling og þróun hans í bókmenntaverki, heimildabókmenntum eða í kvikmynd með aðstoð 16 þátta persónuleikaprófs Cattells, sem nemendum bauðst einnig að taka til að greina eigin persónuleika (prófið byggir á 105 persónulegum spurningum með innbyggðum lyga- og leiðréttingarkvarða).

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Haldið áfram á þeirri ágætu braut sem mörkuð var fyrir þremur árum, að bjóða upp á nám í sálfræði í gegnum kvikmyndaformið, bæði með fræðslumyndum og leiknum myndum þar sem sálfræðileg þemu koma fyrir.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Úrbætur sem skólayfirvöld hafa beitt sér fyrir: Komin eru myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210, sem sýnir mikilvægi þessa hluta skýrslunnar enda var beðið nokkrum sinnum um þessar úrbætur í undanförunum skýrslum. Kærar þakkir fyrir þetta. Nauðsyn þessa sýndi sig í því í vetur að sumir kennarar vildu víxla stofum þegar mikið lá við er sýna átti gullalदारverk á kvikmyndaformi. (Árni Blandon og Ingibjörg Ó Sigurðardóttir )

## Uppeldisfræði

Upp 103 var kenndur eins og undanfarnar vorannir og þar var stuðst við sama námsefni og áður eða Uppeldi eftir þær Margréti Jónsdóttur og Guðrúnu Friðgeirsdóttur. Áfanginn er símatsáfangi og námsmat var fjölbreytt eins og venjulega en það fólst í 4 prófum úr námsefninu sem dreifðist á önnina. Nemendur unnu kynningarverkefni upp úr uppeldissögunni sem fólst í því að þeir kynntu einhvern (sjálfvalinn) aðila eða stefnu úr uppeldissögunni og kynntu fyrir samnemendum sínum. Farið var í hálf dagsheimsóknir í leikskóla en nemendur fá þá sjálfir að velja hvaða leikskóla þeir vilja heimsækja og útvegar kennari svo leyfi hjá viðkomandi leikskólum. Þetta mælist alltaf vel fyrir, bæði hjá nemendum og eins hjá leikskólunum, sem oft hafa lýst yfir ánægju með að fá nemana. Nemendur fóru með ákveðið verkefni í heimsóknirnar og skiluðu svo skýrslu að lokum til kennara. Grunnskólaheimsóknir voru líka á dagsskrá eins og undanfarin 2 ár og er þessi heimsókn að mínu mati mjög mikilvægur þáttur í áfanganum. Nemendur eru látnir rita undir þagnareid og líta á þetta sem skemmtilega og mikilvæga reynslu. Þarna eru þau allt í einu komin hinum megin við borðið í umhverfi sem þau voru sjálf í sem nemendur, ekki svo mörgum árum áður. Öll 3 árin hefur það verið Sunnulækjarskóli sem hefur tekið á móti nemendum og hafa heimsóknirnar verið í einhvern fjögurra yngstu bekkjana. Hver nemandi fer í 2 kennslustundir (grunnskóla) og á að taka eftir ákveðnum þáttum í skólastarfinu sem lýtur að kynjamun í hegðun og athygli frá og í samskiptum við kennara. Skýrslu um heimsóknina er svo skilað inn á moodle-vefinn. Síðasta kennsluvika annarinnar er síðan notuð

til að vinna að heimildaritgerð um sjálfvalið efni innan uppeldisfræðinnar og er henni ásamt verkefnamöppu með tímaverkefnum annarinnar skilað í lokin.

Verkefnavinna áfangans miðast að því að kynna nemendum ólík og fjölbreytt svið uppeldisfræðinnar og þau vinnubrögð sem höfð eru í frammi í greininni ásamt því að undirbúa þá undir sjálfstæðari vinnubrögð sem krafist er í hærri áföngum eða Upp 203 og 303. Tímaverkefni er reynt að hafa fjölbreytt og má sem dæmi nefna að nemendur svara spurningum úr efninu og skrá svörin í ferilmöppu, ræða saman í hópum um mikilvæg efni og skrá niðurstöður í sömu möppu, búa til próf og spurningar úr efninu, greina uppeldislegt gildi bóka, barnamynda, leikja og leikfanga og flokka og greina barnateikningar.

**05. júní 2012**

Helgi Hermannsson

### ***2.1.5 Starfsbraut***

Kennslustjóri: Hörður Ásgeirsson

Kennarar deildarinnar, stundafjöldi

Tuttugasta starfsári starfsbrautar lýkur nú á þessu vori. Kennt var í níu hópum og voru nemendur 55 talsins í upphafi skólaárs.

*Sérkennarar á starfsbraut voru:*

Anna Þóra Einarsdóttir  
Guðmundur Björgvin Gylfason  
Hulda Finnlaugsdóttir  
Hörður Ásgeirsson  
Jóhanna Guðjónsdóttir  
Jóna Ingvarsdóttir

*Stuðningsfulltrúar voru:*

Alma Sigurjónsdóttir  
Bergljót Einarsdóttir  
Brynhildur Geirsdóttir  
Ingveldur Jónsdóttir

Kennslu í verklegum greinum skólaárið 2011 – 2012 sinntu eftirtaldir:

Borgþór Helgason - málsmíði  
Elísabet H Harðardóttir - myndlist - leirlist  
Eyrún Jónasdóttir - tónmennt  
Guðfinna Gunnarsdóttir - leikræn tjáning  
Kristín Sigurmarsdóttir - hannyrðir  
Kristján Þórðarson - trésmíði  
Magnús Tryggvason - íþróttir  
Margrét J Stefánsdóttir - heimilisfræði  
Sigríður Sæland - íþróttir  
Svanur Ingvarsson - trésmíði  
Sverrir G Ingibjartsson - íþróttir  
Þorvaldur Guðmundsson - málsmíði

Á atvinnulífsbraut voru í upphafi skólaárs 14 nemendur og kenndu eftirtaldir kennarar bóklegar greinar.

Elín Una Jónsdóttir – íslenska	6 kest á önn.
Eyvindur Bjarnason – stærðfræði	6 kest á önn.
Guðfinna Gunnarsdóttir – enska	6 kest á önn.
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir - stærðfræði	6 kest á önn.
Paola Ýr Daziani – enska	6 kest á önn.
Málfríður Garðarsdóttir – danska	6 kest á önn.
Rósa Marta Guðnadóttir – íslenska	6 kest á önn.

Kennslumagn í sérkennslu var að meðaltali um 235 kennarastundir eða um tíu stöðugildi á önn á starfsbraut og atvinnulífsbraut. Þar að auki voru stuðningsfulltrúar í sem svarar 300% stöðuhlutfalli.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Sérkennslan hefur verið með nokkuð svipuðu sniði hér í skólanum undanfarin ár þó svo að alltaf bætist eitthvað nýtt við á hverju ári, en breytingarnar eru e.t.v. mestar í tengslum við þá nemendur sem koma inn á brautina hverju sinni. Námsefnið tekur mið af stöðu þeirra en almennt má segja að kennsluhættir séu með hefðbundnu sniði.

Töluverð umræða var á skólaárinu um notkun spjaldtölva og fóru þrír kennarar brautarinnar á námskeið Tölvumiðstöðvar fatlaðra að kynna sér notkun þeirra í kennslu.

Nýjar kennslubækur og kennslugögn á árinu

Enn eykst notkun kennsluefnis á interneti og hefur undirritaður haldið áskrift að “skólavefurinn.is”, en þar er töluvert af nýtilegu efni til sérkennslu. Kennarar starfsbrautar nýttu sér áfram þennan möguleika eins og verið hefur undanfarin ár. Kennarar starfsbrautar hafa verið iðnir við að sérútbúa og sérsníða námsefni sem hentar þessum breiða hóp nemenda okkar og því mikilvægt að hafa ætíð aðgang að góðu safni kennslubóka og öðru kennsluefni sem fyrst og fremst henta grunnskólastiginu því það er þar sem leitað er fanga og fyrirmynda að kennsluefni á brautinni. Námsgagnastofnun ákvað á skólaárinu að opna fyrir aðgang að námsefni á vef útgefið af stofnuninni. Þetta hjálpar mjö til við gagnaöflun og námsgagnagerð fyri starfsbrautarnemendur að geta með rafrænum hætti unnið upp efni úr þessum námsbókum.

Námskeið og fyrirlestrar sem kennarar deildarinnar hafa sótt

Eins og að framan greinir sóttu þrír kennarar námskeið Tölvumiðstöðvar fatlaðra um notkun spjaldtölva í kennslu. Þrír kennarar brautarinnar sóttu vettvangsnám endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands fyrir kennara á starfsbrautum framhaldsskóla.

Flestir kennarar SB sóttu kynningarfund „Snillinganna“ ( Specialisterne ) sem eru sérúrræði varðandi atvinnuleit einhverfra. Þá hafa sérkennarar SB sótt ýmsar sérsniðnar ráðstefnur og fræðslufundi varðandi kennslu fatlaðra nemenda og nemenda með almenna námsörðugleika.

Úrbætur í þágu Starfsbrautar sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Á skólaárinu sem er að líða bættist verulega við tölvukost starfsbrautar. Keyptar voru 6 tölvur og tölvuvagn sem hægt er að flytja milli stofa. Þetta bætti verulega úr brýnni þörf fyrir endurbættan tölvukost. Helstu óskir kennara núna er að fá spjaldtölvur en á næsta skólaári munu þrír nemendur verða á starfsbraut sem nýta sér þennan möguleika, annað hvort til tjáskipta eða almenns náms.

Þá hefur undanfarið verið óskað eftir því að fá litaprentar sem staðsettur yrði í stofu 316 en þar er mest þörf á að útbúa kennsluefni í lit. Þessari ósk er hér með haldið til streitu.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár

Starfsáætlun brautarinnar er í vinnslu og ekki endanlega ljóst hversu margir hópar verða á starfsbraut næsta skólaár en greinilega þarf að bæta við kennara þar sem einn kennarinn sem sinnt hefur fullu starfi fer í hálf starf en auk þess er umtalsverð fjölgun nemenda fyrirsjáanleg og mun þá væntanlega fjölga um a.m.k. einn hóp.

28 nemendur hafa innritast þegar þetta er skrifað og má því reikna með að kennt verði í átta hópum á starfsbraut á næsta skólaári en auk þess í tveimur hópum á atvinnulífsbraut.

Kennslufyrirkomulag verður væntanlega með svipuðu sniði og verið hefur. Stuðst verður í megindráttum við leiðbeiningar námskrár um þrískiptingu hópsins í starfsbr. 1 – 2 og 3 eftir fötlunarstigi.



## Sértækir námsörðugleikar - greining og ráðgjöf

Leit að nemendum með lestrarhömlur fór fram með líkum hætti og verið hefur mörg undanfarin ár. Allir nýnemar í íslensku þreyta lesskilningspróf sem notað er sem nokkurs konar skimunarpróf. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu prófi koma til frekari skoðunar hjá sérkennara. Alls komu milli 50 og 60 nemendur í viðtöl og greiningu á þessu skólaári og greindist yfirgnæfandi meirihluti þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður, komi í stuðningsviðtöl. Einnig leita foreldrar nýnema eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Gott samstarf var við námsráðgjafa vegna greiningarinnar. Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á þjónustu frá Blindrabókasafni Íslands (hljóðbækur) en eiga einnig rétt á ýmiss konar tilhliðrun varðandi próftöku, s.s. lengri próftíma, stækkað letur á prófum eða munnleg próf. Mikið hefur verið um það að próf hafa verið sett á PDF snið og nemendur tekið prófið beint í tölvu. Möguleikinn að lesa prófspurningarnar beint inn á skjalið hefur notið vaxandi vinsælda nú á síðustu önnum.

## Sérkennsla á Sogni í Ölfusi skólaárið 2011 - 2012

Sérkennsla á Réttargeðdeildinni að Sogni hófst með hefðbundnum hætti sl. haust og hófu tveir nemendur nám þar að þessu sinni. Annar nemandinn lauk STÆ122 á haustönninni, útskrifaðist um áramót af Sogni og hóf þá nám í Tækniskólanum í Reykjavík. Hinn nemandinn stundaði nám í ensku og stærðfræði en lauk ekki einingabæru námi.

Á haustönn tók heilbrigðisráðuneytið þá ákvörðun að leggja starfsemina á Sogni niður frá og með 1. mars 2012 og flytja hana á Geðdeild Landspítalans að Kleppi í Reykjavík. Ekki var haft samband við skólann sérstaklega um þetta og undirrituðum heldur ekki tilkynnt þessi ákvörðun með formlegum hætti, þessar fréttir lásúm við um í fjölmiðlum eins og aðrir. Undirritaður og skólameistari FSu tóku ákvörðun um að kennslunni yrði sinnt áfram á vorönni fram til 1. mars en þá voru sjúklingar á þessari stofnun fluttir í hina nýju aðstöðu. Þar með lýkur 16 ára þátttöku FSu í fræðslu nemenda á Réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi.

Gert á Selfossi þann 14. júní 2012.

Hörður Ásgeirsson,  
kennslustjóri í sérkennslu F.Su.

## 2.1.6 Tungumál önnur en enska

Kennslustjóri: Vera Valgarðsdóttir

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Aðalheiður Jónasdóttir	<i>Í veikindaleyfi og lét síðan af störfum í febrúar 2012</i>		
Brynja Ingaðóttir	Dan U936	12	
	Dan 102	6	
	Dan 202		12
Elisabet Valtýsdóttir	Dan 212	12	Í leyfi
	Dan 203	6	
	Dan 303	6	
Ida Løn		<i>Í fæð.orlofi</i>	
	Dan 102		6
	Dan 313		6
Ingibjörg Ólóf Sigurðardóttir	Dan 102	18	
	Dan 102		6
Málfríður Garðarsdóttir	Dan S-hópar	12	
	Dan 202	6	
	Dan 102		6
	Dan 212		6
	Dan S-hópar		6
Sólveig Sigmarsdóttir	Dan 103	18	
	Dan 202	6	6
	Dan 103		6
	Dan 203		12
	<b>Samtals</b>	<b>102</b>	<b>72</b>
Vera Ósk Valgarðsdóttir	<i>Fra 103</i>	6	6
	<i>Fra 203</i>	4	6
	<i>Fra 303</i>	4	6
	<i>Fra 403</i>	4	6
	<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>24</b>
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	Spæ 203	6	12
	Spæ 303	0	6
	Spæ 403	0	6
Kristín Arna Bragadóttir	Spæ 103	0	6
María de Lourdes Pérez Mateos	Spæ 303	12	0
	Spæ 403	12	0
	Spæ 523	6	0
Sigursveinn Már Sigurðsson	Spæ 103	12	6
	Spæ 203	12	0
	Spæ 303	6	12
	Spæ 403	0	6
	Spæ 503	0	6
	Litla Hraun	2	2
	<b>Samtals</b>	<b>68</b>	<b>62</b>
Brynja Ingaðóttir	Þýs 203	6	6
	Þýs 303	6	6
	Þýs 403		6
Hannes Stefánsson	<i>Námsleyfi skólaárið 2011-2012</i>		
Ingis Ingason	Þýs 403	4	
Ægir Pétur Ellertsson	Þýs 103	6	12
	<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>30</b>

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Dönskudeild - *Haust 2011*: Í Dan 102 var sett saman hefti með stóran hluta námsefnis annarinnar (textum, verkefnum, málfræðiafingum o.fl.).

Texta- og verkefnaheftið í Dan 202 var endurskoðað og uppfært. Meiri áhersla var lögð á að vinna með skáldsöguna í tímunum með því að nemendur unnu verkefni upp úr fyrstu köflunum. Nemendur leituðu að ákveðnum upplýsingum um aðalpersónuna og skráðu það á íslensku. Úr 2/3 hluta bókarinnar svöruðu nemendur spurningum úr köflunum í pörum eða einir. Einnig var unnið meira með smásögurnar en áður hefur verið gert. Þetta kemur vel út. Nemendur hjálpuðust að við að segja söguþráðinn og kennari skráði á töfluna. Virkaði vel. Við munum setja meiri tíma í að lesa smásögur og skáldsögur með hæfgerðarnemendum.

Í Dan 202 og 103 fluttu nemendur verkefni munnlega fyrir framan alla, en þeir nemendur í 202 sem treystu sér alls ekki máttu sleppa því. Það gekk mjög vel og verður reynt aftur.

Á *vorönn 2012* var ekki lesin skáldsaga í DAN102, en þess í stað lesnar smásögur, u.þ.b. ein á viku.

Unnið var með smásögurnar bæði fyrir og eftir lestur með ýmis konar verkefnum sem metin voru jafnóðum af kennurum. Bæði nemendur og kennarar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og telja kennararnir að þetta skili meiri lestri hjá nemendum heldur en ef skáldsaga væri lesin. Þessi breyting/nýjung því komin til að vera, þrátt fyrir tíðari yfirferð verkefna fyrir kennarana yfir önnina. Einnig var gerð breyting á kennslu í notkun sagna í Dan102. Horfið var frá notkun eyðufyllingaprófa og fólust nýju prófaverkefni í einstaklingsmiðaðri vinnu nemenda við notkun sagna í mismunandi tímum. Þetta gafst vel og er vilji hjá kennurum áfangans til að þróa þessa kennsluáferð frekar.

Í dönsku 103 og 203 var áhersla lögð á þjálfun talaðs máls og var umræðuefnið einstaklingsmiðað.

Einnig var í sömu áföngum unnið þemaverkefni, annars vegar um Kaupmannahöfn og hins vegar um menntunarmöguleika í Danmörku, þar sem nemendur kynntu sér þá grein sem þeir gætu hugsað sér að nema og einnig launakjör í viðkomandi starfsgrein og báru saman við íslenskar aðstæður. Kennari fann fyrir auknum áhuga nemenda á Danmörku og menntunarmöguleikum þar.

Í dönsku 203 bjuggu nemendur sjálfir til hlustunarpróf sem síðan voru lögð fyrir hópana. Einnig völdu nemendur sér fréttir til að hlusta á og segja svo frá skriflega.

Þá var unnið á fjölbreytilegan hátt með smásögur áfangans, m.a. kynntu nemendur fyrir bekknum túlkun sína á smásögu.

Í dönsku 202 lásu nemendur skáldsöguna með hjálp spurninga úr efni hennar, sem þeir svöruðu á íslensku.

Fyrir munnlegt próf í lok annar fengu nemendur að velja hvort þeir segðu frá einni

smásagnanna sem þeir lásu eða segðu frá innihaldi eins texta lestrar- og verkefnaheftisins.

Nemendur voru ánægðir með að fá að velja sér efni til munnlegs prófs, jafnvel þó valið væri bundið.

Frönskudeild. Eins og síðasta skólaár, sá VV ein um frönskuna. Hrefna Clausen kom til starfa á vorönn en kenndi ekki frönsku.

Sem fyrr spilar leiðarbókin stórt hlutverk í námi nemenda í frönsku. Nemendur sem komnir eru í efri áfanga nefna það oft hve gagnleg leiðarbókin sé þeim og því verður henni hampað um ókomnar annir. J

Á haustönn voru allir áfangar nema FRA103 kenndir skertir. Nemendur voru mjög óánægðir með þessa tilhögun sem og kennari. Á vorönn var þessu síðan breytt aftur og allir áfangar fengu sinn kvóta í kennslu, þ.e. 6 kennslustundir.

Spænskudeild. Haldið var áfram með að þróa námsefnið og kennsluna. Kennarar hafa hug á að auka vægi og skilvirkni hlustunar í öllum áföngum.

Þýskudeild. Í þýsku 303 á haustönn 2011 og 403 á vorönn 2012 var í fyrsta sinn notað kennsluefnið Schritte International. Í þýsku 403 var á vorönn einnig kennt valið efni úr kennslubókinni Þýska fyrir þig 2 og málfræði var í meira mæli en áður æfð með gagnvirkum æfingum í gegnum Moodle. Nú hefur kennsluefnið Schritte International sem byrjað var að kenna haustið 2010 verið kennt upp í gegnum fjóra áfanga. Þar sem undirrituð hafði ekki kennt þýsku 303 og 403 með eldra kennsluefninu

er hún ekki dómbær á hvað var betra eða verra með notkun nýs kennsluefnis. Nokkrir nemendur sem kynnst höfðu bókinni Þýska fyrir þig voru sumir ánægðari en aðrir óánægðari með Schritte International sem segir okkur að nemendur eru ólíkir og þeim hentar ekki öllum það sama. Hins vegar fannst mér á nemendum í þýsku 403 að meiri tilbreyting og fjölbreytni væri í þeim áfanga með lestri texta, ævintýra, gerð þemaverkefnis og þjálfunar í málfræði með gagnvirkum æfingum á vef.

Eins og með allt kennsluefni sem gefið er út er ekki hægt að nota það eingöngu og það er ekkert kennsluefni gallalaust. Það má bæta jafnt og þétt inn í þýskuáfangana 103 - 403 lesefni til að auka orðaforða og einnig má bæta inn í 203 og 303 (færa úr 403) málfræðiatríðum og þjálfun þeirra með gagnvirkum æfingum og fylgja því eftir með ritunarverkefnum. Árangurinn má heyra í munnlegu prófi, en nokkrir nemendur í 403 sýndu í munnlegu prófi í lok áfangans talsvert mikla færni í flóknari málnotkun sem þeir höfðu lært í áfanganum.

Lestur léttlestrarbóka skilar mjög góðri þjálfun og mjög góðum árangri í notkun tungumálsins bæði skriflega og munnlega.

Nemendur í 403 unnu á vorönn 2012 þemaverkefni þar sem þeir völdu sér „Bundesland“ til að fjalla um. Það sagði mér að auka þarf markvissari kennslu í „Landeskunde“ strax frá byrjun og í gegnum alla áfangana þar sem nemendur þekkja og vita lítið um Þýskaland og Þýskumælandi lönd.

Næstu önn biður okkar því það verkefni að þróa, endurbæta og þetta það kennsluefni sem fyrir er með tilliti til ETM – viðmiðana og ná meiri og jafnari stigandi og betra flæði upp í gegnum áfangana. Ég er þó sannfærð um að nýja kennsluefnið með hjálp léttlestrarbóka eykur færni nemenda í beitingu málsins frá því sem áður var, bæði munnlega og skriflega.

Á haustönn komu tveir þýskir tónlistarkennarar með tilbreytingu í þýskukennsluna. Þeir kölluðu það „Invasion der Stimmen“. Verkefnið fólst í því að raddir nemenda í mörgum löndum fengju að heyrast í gegnum tónlist. Verkefnið mátti heyra á Facebook og var þetta í leiðinni fjáröflun til menntunar götubarna.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Dönskudeildin - Mappan í DAN 102 hafði minna vægi en áður, enda söfnuðu nemendur færri verkefnum í hana, þ.e. ritunarverkefnum og prófum (yfirfarin), en stílabókin hélt sínu hlutverki. Dan 102, 103, 212, 203 og 303 voru símatsáfangar.

Munnleg próf voru haldin í öllum áföngum í dönsku nema U-936 og S-hópum. Í sumum áföngunum, t.d. 212, 203 og 303 er prófað meira en einu sinni munnlega á önninni.

Í frönskudeild var námsmat hefðbundið í fyrstu þremur áföngunum, þ.e. skriflegt próf í lok annar. Í FRA403 var símat.

Spænskudeild. Í fyrstu þremur áföngum er 50% lokapróf. Í SPÆ403 og 5XX hefur námsmat verið í formi símats og er almenn ánægja með það, jafnt hjá kennurum sem og nemendum.

Þýskudeild. Lokapróf vó 50% í öllum áföngum, munnlegt 10% - 15% og diktat og hlustun 5% hvort. Þeir nemendur sem náðu 45% árangri úr þessum námsþáttum samanlögðum náðu áfanganum.

Í þýsku 203, 303 og 403 tóku nemendur munnlegt próf úr efni léttlestrarbókar sem þeir lesa með hjálp kennarans í þýsku 203 og 303, en í 403 lesa þau bókina upp á eigin spýtur og hlusta einnig á efni hennar og taka hlustunarpróf úr því efni.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Dönskudeild. EV sótti 1 dags námskeið í júní fyrir lífsleiknikennara. Einnig sótti hún ráðstefnuna "Opíð menntaefni" í nóvember 2011 og ráðstefnuna "e-twinning, rafrænt skólustarf og kennsla" í desember 2011.

SS er í mastersnámi og sótti 2ja daga námskeið fyrir dönskukennara í maí.

EV og SS sóttu ráðstefnu sem haldin var af Félagi dönskukennara 16. mars.

Frönskudeild. Í júní 2011 sótti VV námskeið á vegum Félags frönskukennara. Námskeiðið var haldið að þessu sinni í borginni La Rochelle, á vesturströnd Frakklands. Námskeiðið var mjög skemmtilegt og fjallaði m.a. um bókmenntir í tungumálakennslu, orðaforðatilkun o.fl.

Spænskudeild. *Gunnþórunn Klara* er í Mastersnámi í spænskukennslu við Háskóla Íslands og lauk 50 einingum á Menntavísindasviði og Hugvísindasviði.

*Kristín Arna* er í B.A. námi í spænsku við Háskóla Íslands og lauk 40 einingum á Hugvísindasviði.

*Sigursveinn* útskrifaðist með M.Ed. gráðu frá St. Francis Xavier University.

Þýskudeild. Dagana 12. – 19. júní 2011 sóttu Brynja og Ingis ásamt hópi annarra íslenskra þýskukennara námskeiðið „Berlin aktuell“ hjá GI í Berlín. Fyrir hádegi þessa daga voru kynningar og hópavinna og eftir hádegi voru þátttakendur sendir út af örkinni til að kynna sér og upplifa Berlín, ýmist með skipulögðum ferðum og verkefnum eða upplifunum að eigin vali. Allir þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið og voru sammála um að hafa aldrei farið heim af námskeiði eins vel birgir af hagnýtu kennsluefni sem nú.

Laugardaginn 17. september 2011 sótti Brynja námskeiðið: „Theater spielen im Deutschunterricht“ (miðað við A1/A2) og laugardaginn 25. febrúar 2012 sóttu Brynja og Ingis námskeiðið „Märchen“, þ.e. notkun ævintýra í þýskukennslu sem haldið var í tilefni 200 ára árstíðar Grimms ævintýra.

Christiane Bolte, sem er mörgum kunn frá hot potatoe námskeiði sem fram fór á Selfossi fyrir nokkrum árum, kynnti ýmsa möguleika á notkun ævintýra í þýskukennslu. Bæði námskeiðin voru haldin í Borgarholtsskóla í samvinnu PASCH verkefnisins, FP og GI Kaupmannahöfn.

Ægir Pétur sótti námskeið hjá Goethe institut í Berlín sl. sumar, um „Landeskunde“ og málnotkun. Dagana 16. – 25. mars 2012 voru „Þýskir kvikmyndadagar“ haldnir í annað sinn í Bíó Paradís á vegum Sendiráðs Þýskalands, GI, Köttlu Travel, Sjónlínunnar og RÚV. Þar sáu Brynja og Ingis ásamt mökum sínum, opnunarmyndina, tyrknesk-þýsku gamanmyndina „Almanya – Willkommen in Deutschland“ og þáðu veitingar í anddyri bíósins á eftir í boði Sendiráðs Þýskalands á Íslandi.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Dönskudeild. Eins og alltaf er ný skáldsaga á hverri önn í Dan 303 og nemendur eiga sjálfir að finna lesefni á netinu fyrir þemaverkefni 4 og fleiri verkefni.

Undanfarnar 4 annir hafa nemendur í Dan102 keypt möppu, stílabók og ETM-matsblöð í bóksölu. Ekki verður framhald á þessu og munu nemendur afla sér þessara gagna annars staðar og ETM-efni dreift til nemenda eftir þörfum hverju sinni.

Frönskudeild. Kennslubókin *LATITUDES* var tekin upp haustið 2010, þannig að nú eru allir áfangar komnir með þessa kennslubók. TAXI hefur runnið sitt skeið á enda.

Í *FRA403* lásu nemendur skáldsögu að eigin vali og gerðu um hana ritgerð, fluttu efni hennar munnlega og gerðu plakat.

Spænskudeild. Á vorönn 2012 var ný kennslubók tekin í notkun í SPÆ10. *Mundos Nuevos* kennslubækurnar smátt og smátt detta út.

Þýskudeild. Auk kennsluefnisins Schritte International var í þýsku 103 á vorönn 2012 kennd (að hluta til) léttlestrarbók til að auka lestur, orðaforða og skilning nemenda.

Á haustönn 2011 var, í þýsku 303, lokið við bók 2 í nýja kennsluefninu Schritte International og byrjað á bók 3. Á vorönn 2012 luku sömu nemendur við bók 3 í þýsku 403. Á vorönn 2012 lásu nemendur í þýsku 403 einnig valda texta um Berlín og Berlínarmúrinn úr kennsluefninu Þýska fyrir þig 2 og einnig var notað efni frá námskeiðinu „Berlin aktuell“ sem undirrituð sótti síðastliðið sumar. Þá voru lesin 3 ævintýri Grimms-bræðra og ritunarverkefni unnin út frá þeim. Einnig voru ýmis málfræðiatríði kennd og æfð í meira mæli en áður með gagnvirkum æfingum í gegnum Moodle. Þá lásu nemendur í 403 sömu léttlestrarbók og áður.

Léttlestrarbækur voru lesnar í þýsku 203, 303 og 403 og tóku nemendur munnlegt próf úr efni þeirra. Einnig skrifuðu nemendur dagbók (útdrátt) úr efni bókanna. Það kom greinlega fram á munnlegu prófi hvort nemendur höfðu gert það eður ei, frammistaðan var mun betri hjá þeim sem skrifuðu útdrátt.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Frönskudeild. Ætlunin er að láta FRA403 vinna með nýja bók, fyrir utan LATITUDES sem þeir munu ljúka á önninni. Umrædd kennslubók er markviss þjálfun í öllum færniþáttunum og undirbúningur undir svokallað DELF próf sem nemendur þurfa að gangast undir ætli þeir að stunda nám í Frakklandi. Kennari mun einnig reyna að finna hentugt efni til þjálfunar í hlustun og tali fyrir alla hópa, en þetta eru þeir þættir sem verða helst út undan í kennslunni.

Þýskudeild.

1. Halda aftur þing í anda „Fagmennska og fjör“ sem allir muna eftir.
2. Halda málþing og/eða hafa vinnustofur um t.d. námsmat, prófagerð eða annað sem tengist faglegu starfi kennarans.
3. Bæta/Auka vettvang fyrir faglega umræðu.

### Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Dönskudeild. Setja upp klukkur víðar í skólanum en nú er, a.m.k. á Skúlaskeið.

Frönskudeild hvetur skólayfirvöld til að styðja við kennslu erlendra tungumála. Á krepputímum er heillandi að skera áfanga þar sem nemendafjöldi nær ekki ákveðnum fjölda. Þessu hafa frönsku- og þýskudeild fengið að finna fyrir og vona að til slíks verði ekki aftur gripið. Það á að vera metnaður skólans að bjóða upp á öflugt tungumálanám og þá ekki síst í tungumálunum þremur, frönsku, spænsku og þýsku.

Spænskudeild. Kaupa fleiri „myrkvunartjöld“ fyrir kennslustofur.

Ánægja með að stofa 202 sé skilgreind sem spænskustofa – mætti þó ef til vill merkja hana sem slíka og hafa bara spænskukennslu þar.

Fara í gegnum hátalarana í kennslustofunum – þarf að endurnýja einhverja?

### Annað

Í síðustu skýrslu gerði VV það að tillögu sinni kennurum yrði gerð skylt að taka til á sínu svæði, sinni stofu. Ítreka það nú.

*FSu, í maí 2012.*

*Vera Ósk Valgarðsdóttir, kennslustjóri*

## 2.2 SVIÐ: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

Sviðsstjóri: Ægir Sigurðsson

### 2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Sverrir Geir Ingibjartsson

#### Listir og menning

Nafn kennara:	Áfangar á haustönn	Áfangar á vorönn
Árni Blandon	Lim113 Kvk123	Lim103 Kvk223

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í Kvk223 er fjallað um tengsl kvikmynda og bókmennta. Sýndar voru átta kvikmyndir og bókmenntaverkin kynnt sem kvikmyndirnar byggja á. Athugaður var munurinn á tjáningarmöguleikum hinna tveggja listforma. Vinsælasta verkið var *Grikkinn Zorba* og hin svart-hvíta kvikmynd sem byggð er á verkinu. Ástæðan fyrir vinsældum þessa verks hjá nemendum er líklega ekki síst vegna þess að myndin fjallar um **karlmennskuna** en greining á henni hefur undanfarna áratugi vikið fyrir áhuga á veruleika kvenna. Í Kvk223 bauðst nemendum að skrifa ritgerð í stað þess að fara í þriðja og síðasta próf áfangans. Enginn nýtti sér þann möguleika.

Prófin í Kvk223 voru á ensku vegna erlendra nemenda í áfanganum. Nemendur í þessum áfanga voru beðnir í lok áfangans um að skrifa álit sitt á verkunum sem tekin voru fyrir. Mjög þroskað mat kom fram. Dæmi: „Tónlistin afskaplega góð“ (*Zorba*). „Zorba is one of the best characters I’ve seen in years“. „Gatsby er mjög heillandi og dularfull persóna“ (*The Great Gatsby*). „Zorba kom mér ekkert smá á óvart...mögnuð mynd...Gatsby kom manni líka á óvart“. „Það sem var best við *Óbærilegan léttleika tilverunnar* var hvað tónlistin passaði vel við myndina“; (tónlistin er eldri tékknesk tónlist sem ekki var samin fyrir myndina). „Það skemmtilega við *Réttarhöldin* (Orson Welles/Kafka) voru kvikmyndaskotin og líka hvað þau voru löng“. „Besta myndin án efa var *Women in Love* vegna þælinganna um ást, platónska ást, vinskáp og veraldlegar eignir; með áhugaverðustu myndum sem ég hef orðið vitni að í óratíma“. „The depth of the story of *The Great Gatsby* was very interesting. Fitzgerald’s use of symbolism was very impressive and I liked that he was very descriptive with the settings and characters...*The Trial* is a very good film it has a good message“. „Flott að hafa kvikmyndina um Zorba svart-hvíta, myndatakan mjög góð“; (myndin fékk Óskar fyrir svart-hvíta kvikmyndatöku). „*Dauðinn í Feneyjum* er vel gerð kvikmynd og vel leikin og vel leikstýrt og tónlistin frumleg“; (tónlist eftir Gustav Mahler). „Tónlistin í *Zorba* var skemmtileg og klassísk...*The Trial* var mjög vel gerð hvernig lýsingin var og hversu nútímaleg hún er miðað við sinn tíma“. „*Zorba* var besta myndin sem sýnd var vegna þess að hún kom inn á pólitískt þema, að grýta konu af því að hún gerði eitthvað af sér...mér finnst svart-hvítar myndir áhugaverðar því þá fær maður að sjá hvernig tökumenn nota ljósið, klippingar og þar eftir götunum. Hún hélt manni líka við efnið...*Réttarhöldin* voru líka góð, klippingin og hvernig ljósið var notað“. „*Grikkinn Zorba* var eftirminnilegasta myndin vegna þess hversu mikill húmor var í bland við alvöru og þeim stórgóða leik sem Anthony Quinn skilaði“. „Besta verkið í áfanganum var *Óbærilegur léttleiki tilverunnar*, skemmtilegur söguþráður, fyndin og alvarleg á sama tíma, þetta er bók sem ég keypti mér eftir að við lásum hana...svo *Gatsby*, skemmtileg: drama, spennu og skemmtilegheit. Ég downloadaði henni (-“.

„Besta myndin *The Trial* með góða og áhugaverða sögu ásamt því að hún er vel tekin upp varðandi umhverfi, sjónarhorn og lýsingu, gott handrit...svo *Zorba*, það sem heillaði mig mest var handritið, orðavalið hjá *Zorba*“. „Besta myndin var *Zorba*, persónurnar voru svo lifandi, svo *The Day of the Locust*, myndin var verulega góð eins og bókin sjálf og sýndi ákveðna tegund af geðveiki sem ég hef ekki séð í mörgum myndum. Gamalmennið kom vel út með svörtum húmor“ (Burgess Meredith fékk Óskarinn í aukahlutverki fyrir leik sinn í myndinni). „Kvikmyndin *Grikkinn Zorba* var vel tekin og mjög vel leikin. Tónlistin var líka skemmtileg. Svart-hvítan gerir hana meira framandi. *The Great Gatsby* var falleg og vel gerð. Bókin var mjög áhugaverð. Myndin náði að halda athyglinni allan tímann og litirnir í henni voru æðislegir. Tónlistin var líka mjög góð.“ „Mér líkaði vel við Alexis Sorba, leikarinn minnir mig á einn mann sem ég þekki...*Óbærilegur léttleiki tilverunnar* var með mjög góðar þælingar og hafði áhrif á hugsunarhátt minn, bókin betri en myndin.“ „Kvikmyndin um *Zorba* var góð vegna þess að það var ekkert sem fór í taugarnar á mér í henni, persónurnar mjög skemmtilegar og lifandi...mörg atriði í *Women in Love* voru mjög minnisstæð.“ „My favourite film was *The Day of the Locust*. That film had great atmosphere and good dialogue. What made the film so meaningful was Homer Simpson...a very disturbing climactic movie ending...*Death in Venice* had a sort of mystery to it...very well shot and good performances.“ „Tónlistin var mjög góða í *Zorba*. *Women in Love* var líka mjög góð, Oliver Reed frábær og Alan Bates gerði mjög mikið fyrir báðar þessar myndir.“ „Mér þótti allar kvikmyndirnar vera þó nokkuð góðar en þó sérstaklega *Zorba the Greek*...mér þótti tónlistin afskaplega góð...gaman að sjá muninn á Alan Bates í *Zorba* og í *Women in Love*.“

Spennandi verður að sjá hvort þessar einlægu og þroskuðu skoðanir endurspeglast ekki í GNOK könnuninni.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat. Gengur vel. Skýrsla flutt af menningarreisni í Lim203. Einni ritgerð skilað í kvikmyndasöguáfanganum Kvk123 (þrjú símatpróf í hvorum kvikmyndaáfanga). Sex símatpróf í hvorum Lim áfanga. Mat: Harla gott.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Mikið fylgst með í kvikmyndahúsum ekki síst kvikmyndahátíðum. Kvikmyndatímarit lesin, farið á margar listsýningar og tónleika. Kennari var í námsorlofi síðasta vetur og kom til baka sprengslaðinn námskeiðasókn, lauk prófum í 60 einingum í Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands (myndlistarsaga, tónlistarsaga, áfangi um tónlist Gustavs Mahler, menningarsaga, kvikmyndasaga, áfangi: „Heimspeki og kvikmyndir“).

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Kennslubækur frá Þóri Þórisssyni voru notaðar í Lim áföngunum til að kenna tónlist. Kennslubókin *The Photography Book* er nú notuð í flestum Lim áföngum. Í Kvk223 voru sýndar kvikmyndir sem ekki hafa áður verið sýndar í kennslustundum í FSu til dæmis *Réttarhöldin* (Kafka/Orson Welles), *Dauðinn í Feneyjum* (Thomas Mann/Visconti), *The Day of the Locust* (Nathaniel West/Schlesinger) o.s.frv. Féllu þess verk nemendum vel í geð, þó mörg þeirra séu talsvert flókin. Þar munaði nokkru að verkin sem myndirnar byggja á voru kynnt nokkuð rækilega meðal annars með ljósrituðum útdráttum úr bókunum áður en myndirnar voru sýndar.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Kennari kennir bæði sálfræði og kvikmyndasögu. Næsta vetur verður aftur boðið upp á sameiningu þessara sviða, sem ekki hefur verið sinnt í nokkur ár. Þessi sameining er grunnurinn að kvikmyndanáminu við skólann, sá kjarni sem kvikmyndabrautin óx upp af.



## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Úrbætur sem skólayfirvöld hafa beitt sér fyrir: Komin eru myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210, sem sýnir mikilvægi þessa hluta skýrslunnar enda var beðið nokkrum sinnum um þessar úrbætur í undanförunum skýrslum. Kærar þakkir fyrir þetta. Nauðsyn þessa sýndi sig í því í vetur að sumir kennarar vildu víxla stofum þegar mikið lá við er sýna átti gullalदारverk á kvikmyndaformi. Ókosturinn var sá, að sá sem kennir mest í stofu 210 þurfti stundum að víxla á stofunni og víkja fyrir kvikmyndaóðum kennurum.

## Annað

Listin er löng, lífið er stutt.

Árni Blandon

## Tónlist

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Stefán Þorleifsson	TÓS 173 TLS 172 KÓR 101-991	TÓS 173 KÓR 101-991

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu  
Ég hlaut 1.000.000.- krónu styrk til að semja kennslubók í samspili. Pétur Hafþór Jónsson tónmenntakennari í Austurbæjarskóla mun vinna að bókinni með mér.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs  
Ég vil sjá einkunnarorðum skólans sinnt betur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir  
Tækjabúnaður er rýr.

“Skólabragur” er ekki orð sem þarf að ræða – “Skólabragur” er háttur sem starfsfólk skólans þarf að tileinka sér. Væntumþykja gagnvart nemendum sem og stofnuninni. Eftirfylgni, samstaða – umfram launaseðil...sorry J

Stefán Þorleifsson

## Kór

Sigríður Embla Heiðmarsdóttir formaður kórs ritaði:

Kór FSu byrjaði að krafti að æfa bítlalögin á fyrsta kórtímanum eftir jólafrí, þann 10. janúar 2012. Eftir nákvæmlega tvær vikur söng kórinn á fundi Vísindasjóðs hjá FSu. Þar sungum við stillt upp utan um áhorfendur sem meðal annars skartaði forseta Íslands.

Næst sýndi kórinn sig í Langholtskirkjunni þar sem Árnesingakórinn hélt

afmælistónleikana sína þann 18. febrúar. Nokkrir kórar komu fram og meðal annars fékk FSu-kórinn að syngja nokkur lög og loks tóku allir kórarnir stoltir undir lagið „Árnesþing“ eftir Sigurð Ágústsson.

Hagkaup var svo vinalagt að bjóða kórnum að telja vörur næsta laugardag og vitanlega tók kórinn vel í það og mætti hress klukkan 18:00 og stóð í að telja í nýju Hagkaupsbúðinni á Larsenstræti á Selfossi langt fram á kvöld.

Þann 9. mars 2012 mætti Tyrfingssonrúta að skólanum um hádegi og skunduðu kórmeðlimir í æfingabúðir í Heimalandi. Þar var mikið æft og haldnar keppnir milli hópa innan kórsins sem nefndir voru eftir forfeðrunum: Langbrók, Djúpúðga, Skarphéðinn og Ormstunga. Allir voru syngjandi hressir, tóku þátt í pönnukökugerð, feluleik og flækjuleikjum. Ekki voru þeir verri að vakna hressir næsta dag og skunda aftur út í rútu og heim á leið þar sem ferðin endaði að sólarhring liðnum.

Páskafríð tók við og fengu söngfuglarnir að hvíla sig ögn enda tóku þeir kröftuglega á móti kórvinnu eftir frí og byrjuðu nú laugardagarnir að fara í æfingar með hljómsveitinni og einsöngvurum.

Laugardagsmorgnana 21. apríl og 28. apríl voru öll lögin æfð grimmt og fór þetta þá fyrst allt að smella saman. Kórmeðlimir verða því miður að taka sér smá pásu í söngnum og undirbúa sig fyrir prófin sem liggja fyrir fyrstu tvær vikur í maí. En síðan mun generalprufan vera laugardaginn 12. maí fyrir sunnudaginn 13. maí sem mun skarta dúndurskemmtilegum og áhugaverðum tónleikum til heiðurs Bítlunum sem lögðu undir sig heiminn á sínum tíma með fjölbreyttum, hressum og ógleymanlegum smellum.

10. janúar 2012: Fyrsta æfing ársins

24. janúar 2012: Tónleikar hjá fundi Vísindasjóðsins.

18. febrúar 2012: Afmælistónleikar Árnesingakórsins í Langholtskirkju.

25. febrúar 2012: Vörutalning í Hagkaup.

9. – 10. mars 2012: Æfingabúðir í Heimalandi.

21. apríl 2012: Kóræfing frá 10-14 með hljómsveit, Gunna og Labba.

28. apríl 2012: Kóræfing frá 10-15 með hljómsveit og Labba.

12. maí 2012: Generalprufa

13. maí 2012: Bítlatónleikar í Iðu. Kl. 20:00

Frá tónleikunum í Langholtskirkju:

<http://www.youtube.com/watch?v=j35IBFA1IEo>

Frá Bítlatónleikum:

<http://www.youtube.com/watch?v=LOY473g8PqA&feature=share>

## Matreiðsla

Nafn kennara:

Áfangi/ar  
haustönn

Áfangi/ar  
vorönn

Kristín Stefánsdóttir

MAT1736

MAT1736

Margrét Jónína Stefánsdóttir

MAT sérdeild

MAT sérdeild

Guðríður Egilsdóttir

MAT 1Ú3

MAT 1Ú3

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu  
Kennsluhættir hafa verið hefðbundnir

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum  
Í MAT1736 er bóklegt próf, ýmis verkefni og símat  
Í MAT 1Ú3 er símat

Námskeið sem kennarar hafa sótt  
Guðríður sótti 3 daga námskeið í HACCP gæðastjórnunarkerfi hjá Sýni, námskeið í meðferð  
matvæla hjá Fræðsluneti Suðurlands og tölvu námskeið í gerð hugarkorta hjá Starfsmennt.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu  
Í Mat 173 leggja kennarar til kennsluefni og það er alltaf í endurskoðun.  
Í MAT 1Ú3 notaði Guðríður bækurnar:  
Góður matur-gott líf í takt við árstíðir (2011)  
Tältmat (2007)  
VILT MED SALMING (2011)

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs  
Við stefnum að svipuðu kennslufyrirkomulagi næsta skólaári

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir  
Okkur finnst allt í góðu lagi. Tæki hafa dugað vel en það kemur að endurnýjun eldavéla (við  
fengum eina nýja fyrir skólaárið en hún er ekki sérstaklega góð). Þá væri kannski hugmynd að  
fá einn stærri bakarofn sem tekur meira ef farið er í endurnýjun tækja. Skólayfirvöld hafa  
alltaf verið jákvæð.  
Guðríður vill banna reykingar á skólalóð og fylgja því eftir.

## Myndlist

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Elísabet H. Harðardóttir	LER1-8S1 MYL 173 SJL 103	LER1-8S1 SJL 103 SJL 203 THL 136

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennslan hefur verið með hefðbundnu sniði. Allt kennsluefni er hægt að sjá á vefsíðu  
myndlistar í tengslum við heimasíðu skólans og á Moodle.

Á vorönn var stór hópur í SJL203, 22 nemendur. Vegna þess hvað fjöldi nemenda var mikill  
var ekki hægt að setja upp grafíkverkstæði og kenna grafík (dúkristu, þurrnál, pappírspýkk  
og álplötupýkk) sem hefur verið kennd í þessum áfanga frá byrjun og er það miður.

Myndvefnaður var kenndur í fyrsta sinn nú á vorönn. Ofið var á blindamma 50x 60cm stærðir. Allir nemendur kláruðu sína vefi og sumir tvo. Þemað var sjálfsmýnd og var túlkunin mjög frjálsgleg frá andlitsmynd í dýr, landslag og allt í abstrakt form.

Myndvefnaðurinn mæltist misvel fyrir hjá nemendum, valt á þolinmæðinni. Vefnaðurinn var síðan brotinn upp með verkefnum í munsturgerð stórum munsturflötum í þekjulitum og málverkum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat er í áföngunum. Eitt skyndipróf í sjónlistaráföngum. Nemendur geta fylgst með námsframvindu sinni á sérstöku námsmatsblaði í kennsluáætluninni sem þeir fylla út jafnóðum. Í leiráföngum fylla nemendur út eftir tímaröð en í sjónlistaráföngum merkja þeir við hvert verkefni eða verkefnalotu. Nemendur í THL-áföngum voru ekki með nein námsmatsblöð enda námsframvinda þar fremur hæg og verkefnin ýmist vefnaður eða munsturgerð, þar er það lokamatið sem gildir eins og í öllum öðrum áföngum þar sem allt er metið í lokin.



## Textíl

Áfangar	Áfangar		
Nafn kennara:		haustönn	vorönn
Kristín Sigurmarsdóttir		THL 103	THL 103
		THL 173	THL 173
		THL 113	THL 136
			FAT1S3

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

- THL103: 1) Hélt áfram að leggja áherslu á sjálfstæða vinnu bæði við að koma sér upp möppu með verkefnum annarinnar og síðan við hönnun á þeirri flik sem nemendur sauma. Skipti tímum í verklega og bóklega tíma.
- THL113: Ákvað að taka fyrir „fifties-“ tímabilið. Unnið var með kennsluheftið Hönnun og hugmyndavinna eftir Báru Kjartansdóttur þar sem nemendur læra að hanna

hugmyndaspjöld. Síðan voru gömul blöð og netsíður frá „fifties-“ tímabilinu skoðuð og hugmyndir fengnar til að hanna lokaverkefnið sem voru kápur eða kjólar.

- THL173: Aðallega verklegur áfangi þar sem fyrsta flík er ákveðin af kennara og allir eiga að gera og síðan er flík tvö og þrjú frjálst val. Tókst vel.
- THL136: Elísabet Harðardóttir kenndi þennan áfanga á móti mér og gekk það samstarf mjög vel. Nemendur voru þrjá tíma í viku í myndvefnaði hjá henni og þrjá tíma í þrjóni og hekli hjá mér. Prufugerð fyrstu vikunnar til að rifja upp þrjón og hekl og síðan völdu nemendur að gera eitt lokaverkefni eftir getu hvers og eins.
- FAT-áfangar eða Starfsbraut: Mikil lífsreynsla að vinna með mikið fötluðum nemendum, sérstaklega fyrir okkur sem höfum ekki sérmenntun í slíkri kennslu. Samstarfsfólkið sem aðstoðar fatlaða nemendur skipta lykilmáli og að vera opin fyrir að gera tilraunir í samvinnu við þær.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Höldum áfram með þá stefnu að vera með símat í stað prófa.
- Ágætt að nota excel formið, sem nú orðið er krafist af kerfinu, og þar með skilað til prófstjórnanda, RÍ

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sumarið 2011 tóku HJ og KS báðar þátt í 3 daga FATEX og EHI námskeiði, í Bókagerð og pappírsáferðum sem haldið var í Tækniskólanum.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

THL103: Ný bók eftir Ásdís Jóelsdóttur/ Saumtækni í máli og myndum. Nemendur gátu nýtt sér hana þegar beðið var eftir hjálp frá kennara.

THL173: Nei, enda verklegasti áfangi Textildeildar. Notast er við tilbúin snið í sniðablöðum sem kennari kaupir mánaðarlega.

THL136: Nei. Kennari notast við blöð, bækur og þrjónasíður á netinu.

FAT: Nei, engin ástæða, enda örfáir nemendur og hver og einn á sínu róli í að finna eitthvað sem nemandi ræður við og getur notað sér til gagns og gamans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Vona að það takist að efla deildina enn frekar og að samstarfskona mín komi með margar góðar hugmyndir þegar hún snýr til baka úr námsleyfi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Þar sem tækja og vélakostur deildarinnar er orðinn nokkuð slitinn væri gott að fá eins og eina til tvær nýjar saumavélar.

Kristín Sigurmarsdóttir

## Íþróttir

Nafn kennara:	Haustönn	Vorönn
Magnús Tryggvason	ÍþR 101	ÍþG 172
	ÍþR 201	ÍþH 172
	ÍþR 371	ÍþR 111 ÍþR 211
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍþR 3J1	ÍþR 3J1
	ÍþR 4J1	
Sigríður Sæland	ÍþR Starfsbraut SKY 101	ÍþR Starfsbraut ÍþR 3D1 SKY 101
Sverrir Ingibjartsson	ÍþF 232	ÍþF 102
	ÍþF 303	ÍþF 222
	ÍþG 152	ÍþR 111
	ÍþR 101	ÍþR 211
	ÍþR 201	ÍþR 331
	ÍþR 301	ÍþR 381
	ÍþR 321	ÍþR 3C1
	ÍþR 3Ú1	
	ÍþS 102/112	ÍþS 102/112/122
ÍþR Litla Hraun	ÍþR Litla Hraun	

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á síðasta skólaári gerði Ragnheiður nokkrar breytingar á jógaáfanganum (ÍþR3J12) og á þessum skólaári var haldið áfram að vinna með þær breytingar. Engar verulegar breytingar voru gerðar á áfanganum þetta skólaár nema ef nefna skyldi að kennari var duglegri að nota Moodle til þess að minna nemendur á verkefnaskil og ítreka þau, það gaf góða raun.

Nýr áfangi ÍþH 172, íþróttir á hestabraut, var kenndur á vorönn. Markmið áfangans var að auka hæfni nemenda í hestamennsku með því að þjálfa líkamlegan styrk, þol, jafnvægi, samhæfingu og liðleika. Magnús Tryggvason sá um kennsluna.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Sömu sögu er að segja um bóklegu íþróttirnar nema þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Lokapróf, í próftöflu, var í ÍþF 102, 222, 203 og 303 og vó 50% af lokaeinkunn.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á skólaárinu. Hinsvegar er efni af veraldarvefnum sífellt meira nýtt í kennslunni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Næsta skólaár er ætlunin að kennsla íþróttanna fari fram með svipuðum hætti og það síðasta. Við erum þó stanslaust að velta fyrir okkur hvernig hægt sé að finna heppileg hreyfiúrræði fyrir sem flesta og einnig að það geti nýst þeim áfram sem heilsurækt að skólagöngu lokinni. Hreyfing verður í forgrunni næsta skólaárs í tengslum við heilsuefandi framhaldsskóla. Af því tilefni mætti hugsanlega fá gestakennara til að vera með tíma í fundir/félagslíf tímum til að vera með öðruvísi íþróttagreinar eins og taekwondo, judo og sumba svo eitthvað sé nefnt. Í útvistaráfanganum verður kennurum boðið að koma með í fjallgöngur en væntanlega verður farið á föstudögum, eftir skóla og gengið í 2-3 klukkutíma.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Í þreksal skólans vantar fleiri hlaupabretti. Oft væri gott að hafa tvö til þrjú tæki til viðbótar. Hugsanlega mætti gera betri aðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi í skólann, en sá hópur fer vaxandi. Fjölga mætti hjólastöndum og jafnvel reisa yfirbyggt skýli fyrir hjól þannig að hjól séu þurr (þó hann rigni) þegar hjóla á heim. Einnig gæti verið sniðugt að koma fyrir skilti við skólann með kílómetramældum göngu og skokkleiðum í nágrenni við skólann. Þetta gæti nýst bæði í íþróttakennslu skólans sem og almenningi.

Sverrir Geir Ingibjartsson  
fagstjóri íþróttanna

## 2.2.2 Raungreinar

Kennslustjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

Kennsluskipting raungreina veturinn 2011 – 2012 var eins og tilgreint er í töflu 1. Alls kenndu átta kennarar þá raungreinaáfangna sem skólinn bauð upp á þennan vetur.

Nafn kennara	Haustönn 2011 Áfangi	Vorönn 2012 Áfangi
Aníta Ólöf Jónsdóttir	NÁT 113	NÁT 113
Ester Ýr Jónsdóttir	EFN 203	EFN 203
		EFN 313
		LÍF 203
	NÁT 123	NÁT 123
Hallgrímur Hróðmarsson	EÐL 102	
	EÐL 103	EÐL 103
		EÐL 203
	EÐL 303	
Íris Þórðardóttir		LOL 103
	LOL 203	
Jón Grétar Hafsteinsson	NÁT 123	NÁT 123
	EFN 103	EFN 103
		NÆR 103
Ólafur Einarsson	NÁT 103	NÁT 103
	LÍF 103	LÍF 103
Úlfur Björnsson	JAR 113	
		JAR 213
	LAN 103	LAN 103
	LAN 303	
Örn Óskarsson	JAR 103	JAR 103
	LÍF 233	LÍF 223
		NÁT 103
	NÁT 113	NÁT 113

Tafla 1. Kennsluskipting.

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Aníta: Ég kom inn sem nýr kennari þannig að allt var nýjung fyrir mér. J Annars held ég að áfanginn hafi verið með svipuðu móti og Örn hefur kennt hann síðustu ár.
- Ester: Samvinnuverkefni og verklegar æfingar eru í stöðugri þróun. Reynt var að auka ábyrgð nemenda við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu verklegra æfinga.
- Hallgrímur: Áhersla var lögð á verklegan þátt í kennslunni í EÐL103, EÐL203 og EÐL303. Þessi þáttur var um 30% af náminu (tilraunir og skýrslur). Hluti af verklegu í EÐL203 var að vinna verkefni um bylgjur (fræði af netinu og úr bókum, tilraun og skýrsla um viðfangsefnið). Í EÐL102 voru tvær tilraunir og er rétt að fjölga þeim.



- Íris: Dugleg að nota salinn og slökunarherbergið hér í lðu til að leika og skilja líffærakerfin, uppbyggingu þeirra og starfsemi.  
Bendi nemendum á hina ýmsu kennslu- og fræðsluvefi á netinu.  
Litamyndir af líffærakerfum litaðar til skilja staðsetningu, umfang og byggingu þeirra.  
Verkleg verkefni eins og t.d. blindi blettur augans.
- Ólafur: Engar sérstakar nýjungar. Tvær nýjar verklegar æfingar í Nát103 sem unnar voru utan dyra.
- Úlfur: Kennt með „hefðbundnu“ sniði. Stuttar vikulegar innlagnir og verkefnavinna nemenda.

**Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

- Aníta: Áfanginn er símats áfangi, það eru þrjú kaflapróf yfir önnina og svo um 20 verkefni.
- Ester: Allir áfangar eru símatsáfangar þar sem 2-5 próf eru á önninni ásamt verkefnum af ýmsu tagi. Í öllum tilfellum tókst nokkuð vel til. Mat verkefna á önninni var á formi frammistöðu-, jafningja- og sjálfsmats svo eitthvað sé nefnt.
- Hallgrímur: Í EDL 103, EDL 203 og EDL 303 gildi lokaprófið 50%, verklegi þátturinn 30% og vinna á önninni 20%. Sennilega væri eðlilegra að minnka vægi einkunnar fyrir verklega þáttinn á önninni en prófa úr honum þess í stað á lokaprófi. Í EDL 102 gildi lokaeinkunn 40% en frammistaða á önninni 60% (þar með talinn verklegi þátturinn).
- Íris: Verkefnavinna eftir hvern kafla, notkun kennslu- og fræðsluvefja á netinu. Litun á myndum, virkni og mæting koma líka sterkt inn í vetrareinkunn.  
70% lokapróf.
- Jón Grétar: NÁT 123 var símatsáfangi með 2 lotuprófum, vægi þeirra samtals 55%.  
EFN 103 og NÆR 103 voru lokaprófsáfangar með vægi lokaprófa: 65% og 55%.
- Ólafur: Áfangakönnun var gerð í NÁT103 og LÍF103 auk þeirrar sem gerð var fyrir allan skólann.  
Símat var í NÁT 103 en lokapróf í LÍF103.
- Úlfur: Símat í öllum áföngum byggt á vinnu nemenda alla önnina.
- Örn: Símat í öllum áföngum.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

- Aníta: Þennan vetur var ég í Leiðsöguskólanum og margt sem kom þar fram fannst mér hjálpa mér í kennslu líka.
- Ester: Lífeðlisfræði mannsins, 14. – 16. júní 2011, á vegum Samlífs.  
Umhverfisþing 14. október 2011, haldið á Selfossi, ásamt nemendum úr LÍF 113 (ekki mínir nemendur).  
Líffræðiráðstefna Líffræðifélagsins, 11. – 12. nóvember 2011.  
Sótti nokkur fræðsluerindi, sem haldin eru einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, á vegum Hins íslenska náttúrufræðifélags.  
Viltu læra að tína og nota íslenskar lækningajurtir? Námskeið haldið 21. maí 2012 af Ásdísi Rögnu Einarsdóttur grasalækni.
- Hallgrímur: Ekkert.
- Íris: Enginn sem nýttast í þessum áfanga beint

Ólafur: Engin námskeið sótt. Farið var á Líffræðiráðstefnu á vegum Líffræðifélagsins.  
Úlfur: Hausti 2011. Námskeið í stjórnufræði og tilurð alheimsins við Endurmenntun HÍ, 6 skipti x 3 kennslustundir hvert skipti.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Aníta: Nei, ekki nýjar kennslubækur í Nát113, bókin Jarðargæði enn kennd.

Ester: Bætt var í safn heimadæma í efnafræði.

Hallgrímur: Góð ensk kennslubók (Physics with Applications – Giancoli) hefur verið notuð í EDL 103, EDL 203 og EDL 303 nokkur undanfarin ár og er ekki ástæða til að breyta því. Góðar glærur fylgja bókinni. Ég tók mig til að þýddi þær yfir á íslensku. Einnig útbjó ég verkseðla á íslensku fyrir allar tilraunir sem nemendur gerðu. Nemendur fylltu út blað frá kennara í sumum tilraunanna (töflur, línurit, útreikningar og spurningar). Síðan gerðu þeir skýrslur um aðrar (þar bættust við fræði og mat á óvissu).

Íris: Bara þessi vefur wakabone.com

Ólafur: Ekkert sérstakt sem vert er að tíunda.

Úlfur: Bætt við myndefni af Youtube og DVD sem ítarefni og stoðefni við núverandi kennslubækur.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Aníta: Ef ég fæ að halda áfram við störf, langar mig mikið að bæta útikennslu við áfangann sem er annars uppsettur á mjög flottan hátt hjá Erni. En mér finnst mikilvægt að nemendur fái að komast út og í snertingu við það sem um ræðir í tímum.

Ester: Áfram verði unnið að þróun verkefna og verklegra æfinga, þá sérstaklega í efnafræði.

Hallgrímur: Eins og gengur þá finnur maður alltaf eitthvað sem betur má fara á vinnuseðlum með tilraunum. Ég hef gert mér far um að leiðrétta þá og lagfæra seðlana strax og tilraunum er lokið. Með því eru meiri líkindi á að þeir þjóni betur tilgangi sínum næst þegar þeir verða notaðir.

Íris: Langar til að kryfja hjörtu, lifur og nýru og þá kannski í samvinnu við Ólaf Einarsson í NÁT 103.

Ólafur: Auka mætti vettvangsvinnu í NÁT103 ef fjárhagur leyfir.

Úlfur: Mæli með því að LAN 203 og 303 verði kennt aðra hverja önn en ekki 4. hverja eins og nú er.

Mæli með því að JAR 113 verði aðeins kennt á vorönn svo unnt sé að viðhafa stjórnuskoðun í kennslunni. Þar af leiðandi verði JAR 203 og 213 kennt aðra hverja önn en ekki 3. hverja önn.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Aníta: Gæti verið áhugavert ef skólinn mundi vinna meira með fyrirtækjum á svæðinu, þannig að það yrði meiri brú strax milli skóla og atvinnurekanda með hvað atvinnurekendur sækjast eftir og hvar vantar fólk inn í atvinnulífið.

Í stofunni sem ég var að kenna í á vorönn 2012, voru engar gardínur fyrir gluggum, eða mjög illa farnar. Þannig að það var erfitt að sýna kennslutengd myndbönd, eða já það var bara ekki hægt, sem truflaði kennslu mikið. Þannig að það mætti fjárfesta í gardínum sem virka til að dimma stofuna alveg fyrir næstu önn. Stofa 306.

Ester: Nemendafjöldi í verklegum raungreinaáföngum er almennt allt of mikill. Ég var til að mynda með 26 nemendum í Líf 203. Þar eru verklegar æfingar þess eðlis að ekki er hægt að skipta hópnum án þess að tvöfalda kostnað og fyrirhöfn við þær. Þetta hefur komið fram áður. Ég veit ekki hvernig hægt er að leysa þetta mál öðruvísi en að hafa færri nemendur í áfanganum... en það gengur víst ekki fjarhagslega.

Það munaði öllu að hafa tvískiptan hóp í EFN 203 en það hefði heldur ekki veitt af því í EFN 313 þar sem ég var með 21 nemanda. EFN 313 inniheldur í dag allt námsefni EFN 313 og hálfan EFN 413 skv. námskrá sem var í gildi fram undir síðustu aldamót. Þessir tveir áfangar voru mjög efnismiklir. Að komast yfir námsefni EFN 313 eins og hann er í dag er mjög erfitt og þegar taka þarf tvöfalt fleiri kennslustundir undir verklegar æfingar vegna fjölda nemenda verður róðurinn enn þyngri. Aðstaðan í efnafræðistofunni býður ekki upp á að fleiri nemendur en 12 framkvæmi verklega æfingu í einu, þrír í hóp að hámarki. Þetta hefur orðið til þess að verklegar æfingar eru mun færri en eðlilegt og æskilegt er.

Kaupa þarf töluvert af glervöru og efnum fyrir efnafræðina, eðlilega fækkar glerinu smátt og smátt þar sem það er ekki höggheilt! Skólameistara verður afhentur innkaupa-/óskalisti (Hallgrímur og Ólafur vísa í slíkan lista fyrir eðlis- og líffræði).

Hallgrímur: Það þarf að kaupa inn ný eðlisfræðitæki og hef ég unnið lista yfir það sem er brýnast. Listanum hef ég skilað kennslustjóra raungreina Esterar Ýrar Jónsdóttur. Eins og ég tek fram í athugasemd hér á eftir er stofan nokkuð vel búin en hún gæti komist í röð bestu eðlisfræðistofa í framhaldsskólum landsins ef áfram er haldið að bæta hana.

Ólafur: Fjölga smásjám, víðsjám ef fjárhagur leyfir. Vantar ljós fyrir tvær af nýju víðsjánum þær eru gangslausar án þess að hafa ljós. Kaupa þarf ýmislegt fleira sbr. innkaupalista.

Fjölga mætti fartölvuvögnum.

Mjög erfitt er að hafa marga nemendur í verklegum tímum í líffræði. Þegar nemendur eru yfir 20 eru það alltof margir til þess að hægt sé að sinna þeim almennilega! Hópar í verklegum tímum ættu því ekki að vera stærri en 15 nemendur.

Úlfur: Bæta myrkvun í kennslustofum svo unnt sé að nýta sér myndefni sem kennslu- og/eða ítarefni á öðrum tíma ársins en nóvember og janúar. Í allmörgum kennslustofum er myrkvun lítil og ekki til staðar í öðrum þar sem gluggatjöld eru svo slitin og trosnuð að einungis er hægt að draga fyrir hluta glugga.

Annað

Aníta: Eftirtektavert hvað andrúmsloftið er gott við skólann. Starfsfólk jákvætt og tekur nýju fólki með opnum örmum.

- Ester: Við Ólafur fórum til Danmerkur í byrjun febrúar 2012 á undirbúningsfund vegna Nordplus verkefnis og umsóknar um styrk til Nordplus Junior. Þar hittum við fjóra kennara frá Svíþjóð og Danmörku. Samin var umsókn til verkefnis sem fara átti af stað næsta haust en henni var því miður hafnað þar sem fjöldi umsókna þetta árið var gríðarlega mikill og þótti umsóknin okkar vera of almenn. Ellefta landskeppnin í efnafræði fór fram þriðjudaginn 28. febrúar 2012. Tveir nemendur við FSu tóku þátt og stóðu þeir sig ágætlega. Að þessu sinni komst enginn frá FSu í úrslitakeppnina.
- Hallgrímur: Tækjakostur eðlisfræðistofunnar er nokkuð góður og ber að þakka fyrri kennurum fyrir þeirra hlut í að búa hana vel. Ég vil sérstaklega draga fram þátt Þorsteins Bergmanns Einarssonar – hann á miklar þakkar skyldar fyrir að innleiða notkun tölvutengdra mælitækja.
- Ólafur: Sótt var um í Nordplus verkefni.

Fyrir ári síðan lýsti ég yfir áhyggjum mínum er vörðuðu fyrirhugaðan niðurskurð á kennslustundum í náttúrufræði hjá efsta stigi grunnskóla:

*„Eitthvað þurfum við að gera til að fjölga nemendum á náttúrufræðibraut og þar með vonandi einnig í efri áföngum raungreina. Það er mikið áhyggjuefni að í nýrri námskrá fyrir grunnskóla hafi skyldutími náttúrufræðigreina verið skorinn töluvert niður hjá efstu bekkjum hans. Ég óttast að það verði til þess að í framtíðinni komi enn færri nemendur til með að velja náttúrufræðibraut í framhaldsskóla. Í kjölfarið gæti orðið erfiðara að halda úti raungreinaáföngum. Við það fengju nemendur jafnvel ekki þá áfanga sem þeim eru nauðsynlegir til að komast inn í háskólanám sem þeir stefna að.“*

Fagfélög náttúrufræðikennara á grunn-, framhalds- og háskólastigi ásamt fleirum, t.a.m. Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, sendu frá sér ályktun til Mennta- og menningarmálaráðherra í fyrra sumar. Í skemmstu máli sagt var í kjölfarið horfið frá þessari fyrirhuguðu breytingu og fögnum við raungreinakennarar því innilega.

Raungreinakennarar í FSu bera vissulega ábyrgð á ásókn nemenda í að stunda nám á náttúrufræðibraut og er það okkar að gera námið aðlaðandi en um leið krefjandi.

Efni skýrslunnar er unnið úr einstaklingsskýrslum þeirra kennara sem kenndu raungreinar veturinn 2011 – 2012, nöfn þeirra má sjá í töflu 1. Allir kennarar skiluðu skýrslu.

Selfossi, 31. maí 2012

Ester Ýr Jónsdóttir,  
kennslustjóri raungreina

### 2.2.3 Starfsnám (Hestabraut, viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagr.)

Kennslustjóri: Íris Þórðardóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Íris Þórðardóttir	Lol 103 Hjú 303 Sjú 203 Hbf103 Vin 205 Hjú 403	Vin203 Lol203 Sið 102 Sýk103 Lyf103
María Karen Ólafsdóttir	Stæ102 StæU93 Við143 Við103	Lkn106 Við113
<i>Ægir Sigurðsson</i>		<i>Hag203</i>
Þórey Hilmarsdóttir	Bók103 Hag103 Við173	Bók103 Bók203 Hag113
Ragnar Geir Brynjólfsson	TÖL103 TÖL203 TÖL303 TÖL113 TÖL123	TÖL103 TÖL203 TÖL303 TÖL113 TÖL123
Eysteinn Ó. Jónasson	UTN103 UTN103	UTN203 UTN203
Sigríður Pjetursdóttir		Hem 202 Hem 402
<i>Sissel Tveten og Freyja Hilmarsdóttir</i>	<i>REM103 REM 303</i>	<i>REM203 REM403</i>
Magnús Lárusson	Hem111 og Hem211 og VIN116 og VIN216.	
Sigurður Torfi Sigurðsson JÁR 101-201-301		

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Séra Kristinn kom í heimsókn á sjúkraliðabrautina í byrjun nóvember og var með fyrirlestur um sorg og sorgarviðbrögð út frá faglegri nánd og var það alveg frábært hjá honum. Skemmtileg og áhrifarík nálgun og gaf öllum nýja sýn.

Þetta var fyrsta ár Maríu Karenar í kennslu, en hún reyndi að setja markaðsfræðina og stjórnunina meira í tengsl við atvinnulífið og raunveruleikann með því að láta verkefni á önninni tengjast þeirra umhverfi.

Áfanginn Hag203 var skertur á vorönn 2012, þ.e. kenndur tvisvar í viku í stað þrisvar.

Svör við öllum verkefnum í TÖL103 og TÖL203 voru birt á netinu og nýjum verkefnum var bætt við sem lausnir voru á í bókinni. Nemendum var sagt að reyna á kunnáttu sína og leggja blað yfir lausnina á meðan þeir forrituðu. Áður kom upp grunur um að nemendur væru að deila verkefnum sín á milli. Nú getur hver átt það við sig hvort hann/hún vill raunverulega takast á við verkefnið eða ekki. Eftir sem áður þurfa allir að forrita verkefnið, þýða þau, keyra og skila inn til að fá einkunn fyrir verkefnið. Jafnframt var vægi verkefnaeinkunnar lækkað.

Á vorönn kom nýr kennari Sigríður Þjetursdóttir í stað Hugrúnar inn og því fylgdu einhverjar áherslubreytingar. Reynt að nýta skipulag og fyrirkomulag fyrri ára. Farið var í 2 stuttar vettvangsferðir í Ölvisholt og Hólaborg, tveir gestafyrirlestrar frá Hólaskóla og LBHÍ. Áfanga í íþróttum fyrir knapa var bætt við á árinu, til að stuðla að betri árangri í reiðmennsku.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á sjúkraliðabraut var allt í bland símatsáfangar, próf og verklegir áfangar inn á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi.

María Karen: Hef reynt að hafa námsmatið frá eins mörgum hliðum og ég gat og mun áfram nota þá aðferð. Þá hef ég metið vinnumöppur út frá sjálfstæðum vinnubrögðum en ekki að þeim finnist öllum það sama, þátttöku þeirra í umræðum í tímum, vinnusemi sem og færni þeirra í að rita þekkingu sína. Tel að þetta eigi þátt í að efla gagnrýna hugsun þeirra og hvetja þau til þess að mynda sér skoðanir á ýmsu með því að rannsaka það sjálf en ekki láta bara segja sér hvað þeim eigi að finnast.

Hag 203: Símat þar sem síðasta próf annar var í próftöflu.

Námsmati í Hag113 var breytt í 70% lokapróf og ýmis verkefni á önninni giltu 30% á móti. Þessi áfangi hefur verið símatsáfangi en vegna slakra mætinga nemenda í lotupróf ákvað ég að prófa þetta fyrirkomulag.

Hjá Ragnari hefur vægi lokaprófs var hækkað úr 60% í 80%. Prófpættinum "Villuleit" var bætt við í TÖL103, TÖL203 og TÖL113. Prófliðir eru núna fjórir: Spurningar, úttak lítilla forrita, villuleit og forrit/skipanir. Vægi verkefnaeinkunnar í lokaeinkunn var jafnframt lækkað úr 35% í 15%. Vægi annareinkunnar er óbreytt 5%. Skipst var á prófum við kennara í FS og er hugmyndin að prófpættinum "Villuleit" komin þaðan. Próftími var lengdur úr 90 mínútum í 2 klst.

Í UTN103 og UTN203 var símat.

Hestabrautin hjá Sigríði: Þar voru ekki lögð fyrir skyndipróf á þessari önn heldur var námsmat vetrarins að stórum hluta í formi verkefna sem tengdust Meistaradeild í hestaíþróttum. Þar sem nemendur mættu, hjálpuðu til við á mótsstað og gerðu svo verkefni sem skilað var inn. Einnig voru hópverkefni þar sem nemendur gerðu fyrirlestur og skiluðu inn greinargerð. Hem 202 um hestakyn og Hem 402 um þjálfun gangtegunda: Lokapróf í báðum áföngum gildir 60% og vetrareinkunn 40%. Í Hem 202 semur kennari prófið og fer yfir. Í Hem 402 er lokaprófið einnig lokapróf í 5. stigi Knapamerkja. Því kemur staðlað próf sem verður yfirfarið af fulltrúa Hólaskóla sem að sjá um umsjón Knapamerkjanna. Kennari í HEM402 tekur ljósrit af öllum úrlausnum og fer einnig yfir ef um vafaatriði er að ræða. Freyja og Sissel höfðu fleiri stöðupróf á árinu og lækkuðu vægi lokaprófs.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Íris hefur farið á fræðslufund Hjúkrunarfélags Suðurlands sem var í desember. Svo hefur hún farið á öll Moodle-námskeið sem Kristín Runólfsdóttir hefur boðið upp á og var með alla áfangana í fyrsta sinn inn á moodle og líkaði það mjög vel. Nemendur voru almennt sáttir við það. Einnig fór hún á Reykleysisnámskeið á vegum Fræ og Landlæknisembættisins þar sem farið var í leiðbeiningar um samtalsmeðferðir.

María Karen fór á námskeið á vegum viðskipta og hagfræðikennara í net- og tölvunotkun í kennslu.

Þórey sótti ráðstefnu í Madison WI í USA í ágúst 2011. Á ráðstefnunni var fjallað um efni sem situr á hakanum hjá íslenskum menntastofnunum í dag, nefnilega fjarnám- fjarkennslu.

Ragnar segir að því miður hafa ekki verið endurmenntunarnámskeið í boði í hans fagi sem höfðað hafa til hans. Þau námskeið er helst að finna hjá tölvufyrirtækjum en þau eru oft afar dýr, kosta kannski marga tugi þúsunda, jafnvel á annað hundraðið þó þau taki kannski ekki nema einn eða tvo daga. Þrátt fyrir að endurmenntunarsjóður KÍ greiði kostnað við þannig námskeið þá þarf að leggja út fyrir þeim og þeir peningar eru ekki endilega alltaf til staðar. Varamaður er ekki til staðar sem getur leyst Ragnar af með fullnægjandi hætti í kerfisstjórarstarfinu. Það sannaðist á síðustu önn þegar vefur FSu lá niðri vegna rafmagnsatviks, á meðan hann brá sér til Reykjavíkur. Verið er að vinna í að leysa þetta með varamanninn.

Sigríður:

Endurmenntun Gæðingadómarara  
Endurmenntun Íþróttadómarara

Sissel og Freyja hafa farið á fleiri reiðnámskeið með þekktum erlendum reiðkennara. (ekki á vegum skólans)

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Fyrir sjúkraliðabrautina kom út glæný bók í lyfjafræði eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur og var hún mjög góð, einnig hefur netið eins og áður komið sér vel.

Ragnar: Útgáfa nýrra kennslubóka á íslensku í mínu fagi var nokkuð líflæg í kringum síðustu aldamót aðallega í kringum sjálfstæðu tölvuskólana. Eftir þann tíma dró úr útgáfu og var hún

orðin lítil á árunum fyrir 2008. Eftir 2008 hef ég ekki tekið eftir neinum nýjum bókum. Lítil eftirspurn nemenda eftir námi í tölvufræðum í framhaldsskólum virkar letjandi á framtak í þessa veru og er það líklega ástæða þess að útgefendur ráðast ekki í þessar framkvæmdir og þeir sem fengust við þetta á árunum í kringum aldamót eru hættir.

Á hestabraut var áfram stuðst við Knapamerkjabækurnar en ljósrit úr bókum og blöðum ásamt því að kennslumyndbönd Eyjólfssónar og önnur myndbönd voru notuð sem ítarefni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs  
María Karen óskar eftir að sjá viðtæka samþættingu greina.

Ragnar leggur til að kenndir verði allir TÖL-áfangar báðar annir ef nægur nemendafjöldi fæst. Þó er hugsanlega tímabært að undirbúa það að taka TÖL303 af valblaði vegna lítillar eftirspurnar.

Á hestabraut er stefnt að því að halda að mestu formi fyrri ára. Á haustin eru ekki svona stórar keppnir eins og Meistaradeild til að vinna yfirgripsmikil verkefni úr og því verður notast við annars konar verkefni og kafla eða skyndipróf til vetrareinkunnar. Gæti hugsast að hafa einhverja áfangana sem símatsáfanga – þar sem þeir nemendur sem fá 8 og yfir í meðaleinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf. Einnig er stefnt að því að minnka vægi lokaprófsins örlítið og hækka vægi vetrareinkunnar. Eitthvað þarf að skoða hvort henti að hafa staðlað próf úr Knapamerkjum sem lokapróf áfanga. Þar þarf einhverju að breyta en ekki ljóst á þessari stundu hvernig sú breyting verður. Einnig þarf að halda vinnufundi til að endurskipuleggja alla hestabrautinni. Þetta er gert með það í huga að lengja hana um eitt ár og breyta henni í stúdentsbraut.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir  
Íris vonast eftir að fá stækkaða kompuna og að fá stærri hurð þar inn fyrir rúmin, það munar miklu að fá stað þar sem rúmin fengju frið og hægt væri að vinna inn í kompunni með öllum þeim vinnutengdu áhöldum sem þar eru.

María Karen óskar eftir stuðning við kennarar til að mynda teymi og samþætta greinar

Ragnar leggur til að komið verði á umbunarkerfi í skólanum. Verðlaun fyrir góða ástundun eða árangur gæti t.d. verið heimild til að taka D-áfangar. D-áfangar væru áfangar þar sem námsefnið og kennslan tæki sérstaklega mið af dreif-eða fjarnámi. D-áfangar þyrftu ekki endilega að vera í töflu heldur væri hægt að nota stoðtímakerfið til að hitta þá nemendur sem þurfa persónulega leiðsögn. Þannig fengist betri nýting og forsendur fyrir stoðtímunum. Stoðtímakerfinu þarf jafnframt að breyta þannig að í staðinn fyrir að vera með þrjár stundir sem hver um sig er hálf tími þá þyrfti að vera ein stund sem samtals væri a.m.k. ein klukkustund.

Skólinn þyrfti að koma sér upp góðu framboði af D-áföngum. Til þess þarf að endurskilgreina greiðsluforsendur þannig að hægt sé að reikna laun kennara út frá nemendaeiningu en ekki tímaeiningu og koma á fót kerfi sem gerir að verkum að kennarar



sjái sér hag í því að byggja upp D-áfanga því uppbygging þeirra kallar á mikla upphafs og undirbúningsvinnu sem getur aðeins skilað sér til baka yfir lengra tímabil.

Með þéttum pakka D-áfanga væri líklega hægt að koma betur til móts við þarfir Suðurlandsbyggða. Ef vel tekst til með þróun D-kerfisins þá gæti það dregið úr þörf fyrir skólaakstur og hugsanlega væri hægt að nota smærri og sparneytnari rútur, eða draga úr skólaakstri á annan hátt sem ætti að vera hagstætt fyrir alla aðila þegar til lengri tíma er litið. Í framtíðinni gæti svo skapast grundvöllur til að vera með útibú eða starfsstöð austar eða jafnvel víðar á svæðinu.

Skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir því að hrinda úr vör verkefni sem vinnur gegn tölvu- og leikjafíkn nemenda en tímaskortur nemenda og erfiðleikar þeirra við að skipuleggja vinnu sína við tölvuna vegna leikja eða samskipta er að verða meira áberandi en áður.

Eysteinn vill minna á það sem hefur verið nefnt í fyrri skýrslum varðandi nauðsyn þess fleiri nemendur skólans fái grunnþekkingu á þeim forritum sem munu nýtast þeim í náminu hér og síðan í áframhaldandi námi. Allt of fáir nemendur fá þessa þekkingu en ég lagði til breytingar á þessu í síðustu skýrslum.

Annað

Málstofa þeirra sjúkraliða sem eru að útskrifast frá skólanum júl 2012 var haldinn 25. apríl síðastliðinn, frábærir fyrirlestrar eins og alltaf. Það komu 50-60 manns sem sátu mislengi. En í heildina sátu 30 allan tímann.

Sjúkraliðabrautin mældi blóðþrýsting á Kátum dögum og yfir 200 manns þáðu það. Eftir páska tókum við okkur svo til og kölluðum þá sem mældust of háir aftur í mælingu og af þeim 16 sem mættu sendi ég 9 á Heilsugæsluna.

Verknámið hefur gengið vel og allstaðar þar sem ég kem til að láta meta þau fæ ég þau svör að þetta sé besti nemandi sem deildin hefur haft. Þannig að það eru mikil meðmæli bæði fyrir skólann og nemendurna.

Það hefur gegnið mjög vel að fá starfspjálfunarpláss fyrir nema þetta sumarið. 13 hafa pláss, en svo er ég að vinna að því að fá 3 pláss í haust og þá ætti þetta að ganga upp. Sextán sjúkraliðar ættu því að útskrifast í desember 2012.

Svo er það bara nýr hópur í haust, vonandi blandaður og ekki of stór því að starfsumhverfið er okkur ekki hagstætt núna eins og alþjóð veit. Og allir þurfa að fá pláss í verknámi.

Ragnar vill koma á framfæri að áður hefi verið minnst á litla eftirspurn eftir forritunarnámi en það komi líklega til af því að forritunaráfangi er ekki inni í kjarnagreinum neinna stórra brauta og forritunar/tölvubraut eða grunnnám tölvufræða er ekki til staðar við skólann. Áfangarnir lifa því eða deyja eftir því hvort áhugi nemenda er til staðar á þeim eða ekki. Vinna var hafin við þróun tölvubrautar nýrrar námskrár í samvinnu við FS og FVA en sú vinna var skammt á veg komin því allt þurfti að vinnast frá grunni. Verkefnið er nokkuð stórt og tímafrekt og vinna við þróun nýju námskrárinnar hefur legið niðri þannig að ekkert hefur gerst í því máli um nokkurt skeið

## 2.2.4 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

### Kennslumagn og skipting

Skólaárið 2011-2012 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Tíu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og ellefu á vorönn. 4 kennarar voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á haustönn og jafn margir á vorönn.

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Áfangi</b>	<b>Haustönn Kest. fj.</b>	<b>Vorönn Kest. fj.</b>
Eyvindur Bjarnason	Stæ 122	6	6
	Stæ 5S3		6
	Stæ 7S3	6	
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	Stæ 103	6	
	Stæ 122	6	
	Stæ 203	6	
	Stæ 7S3	6	
	Stæ 262		12
	Stæ 5S3		6
	Stæ U93		6
Hallgrímur Hróðmarsson	Stæ 202		6
Ingvar Bjarnason	Stæ 103	6	6
	Stæ 203	6	6
	Stæ 303		6
	Litla Hraun	9,6	
Auk þess hafði Ingvar umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Stæ 103 á haustönn og Stæ 103 og 203 á vorönn.			
Jón Grétar Hafsteinsson	Stæ 202	6	
Kjartan Ólason	Stæ 102	12	6
	Stæ 122		6
	Stæ U93	6	
Magnús Mátsson	Stæ 102	6	6
	Stæ 103	6	
	Stæ 122	6	12
	Stæ 403	6	6

María Karen Ólafsdóttir	Stæ 102	6	
	Stæ U93	12	
Ólafur Bjarnason	Stæ 102	12	6
	Stæ 122	6	
	Stæ 262	6	
	Stæ 313	6	12
	Stæ 413		6
Renata Lis	Stæ 102		6
	Stæ 303	6	
	Stæ 403	6	6
	Stæ 503	12	6
	Stæ 513	4	
	Stæ 603		6
Skúli Halldórsson	Stæ 202	6	
	Stæ 203		6
	Stæ 303	6	6
Úlfur Björnsson	Stæ U93		6
	Bitra	3,2	3,2
Ægir Sigurðsson	Stæ 122		6
	Stæ 202		6
	Litla Hraun		9,6
	Samtals	196,8	186,8

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Þetta á samt eftir að skoða mun betur og gera sér fyllri grein fyrir notkunarmöguleikum.

Áfram var notað Moodle kennslukerfið sem leysti af kerfið Angle. Nokkrir kennarar í deildinni hafa tileinkað sér þetta kerfi og láta vel af, sérstaklega kom notagildi þess í ljós við utanumhald fjarnáms grunnskólanemendanna.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiafanganum U93 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20%, stöðupróf á önn 20% og lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur og hefur vafalítið skilað einhverju í bættum námsárangri.

Sami háttur var hafður á í afanganum stæ 102, nema að þar gildi lokapróf 70% á móti ástundun/vandvirkni 10% og stöðupróf/heimadæmi 20%

Í áföngunum stæ U93, stæ 102 og stæ 122 var ákvæði í kennsluáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að nemandi sem uppfyllti 75% námsmarkmiða annarinnar gæti ef hann vildi sleppt lokaprófi. Nokkrir nemendur tóku þessari áskorun í þessum áföngum. Þetta fyrirkomulag virkar því mjög vel a.m.k. í sumum tilvikum.

Í áfanganum stæ 413 var skiptingin þannig að lokapróf gildi 60% á móti verkefnum annarinnar sem giltu 40%. Verkefni annarinnar voru: Tölvupróf 10% og tvö hópverkefni, Verkefni A 5% og Verkefni B 25% .

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% eða 60% á móti verkefnaskilum annarinnar sem voru þá 20% eða 40%.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Námstefna Flatar, félags stærðfræðikennara var haldin á Hótel Selfossi dagana 4.-5. nóvember 2011. Einn stærðfræðikennari úr skólanum, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, sótti námstefnuna. Á námstefnunni var fjallað um hin ýmsu atriði. Bharath Sriromon fjallaði um sköpun í kennslu almennt, fjallað var um kennslu undir berum himni, um tölvuleikjafyrirtækið CCP og þörf fyrir stærðfræðimenntað fólk til að vinna þar, minibridds, geogebra og námsmat í nýrri aðalnámsskrá fyrir framhaldsskóla. En mesta athygli fékk umfjöllun Ingólfs Gíslasonar um samvinnunám.

Þann 22. febrúar komu á fund í Stærðfræðideild FSu þau Anna Helga Jónsdóttir doktorsnemi í tölfraði við H.Í. og Gunnar Stefánsson prófessor. Erindi þeirra var að kynna fyrir stærðfræðikennurum FSu svokallað tutor-web, kennslukerfi í stærðfræði og tölfraði. Kynning þessi var hin fróðlegasta og kerfi þetta gæti komið að notum sem stuðningur við stærðfræðikennslu í framhaldsskólum.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103 eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum stæ 102, stæ 103 og stæ 122. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel. Nú hefur Jón endurútgafið Stæ 103 (2012) og verður sú bók notuð í stæ 102 og stæ 103 en eldri bókin notuð áfram í stæ 122 á næstu önn.

Í áföngunum stæ 202 og stæ 203 var notuð á báðum önnum bókin stæ 202 eftir Jón Þorvarðarson o. fl.

Í áfanganum stæ 262 var notuð bókin stæ 202 eftir Guðmund Edgarsson og Einar Arnalds Jónsson. Á næstu önn verður notuð bókin stæ 202 eftir Jón Þorvarðarson.

Í áfanganum stæ 303 var notuð á báðum önnum bókin stæ 303 eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl. Verður sú bók notuð áfram á næstu önn.

Í stæ 403, stæ 503 og stæ 603 var notuð kennslubókina Calculus with Applications, 9/E eftir Margaret L. Lial, Raymond N. Greenwell og Natan P. Ritchey.

Þessi bók reyndist ekki sérstaklega vel og hefur því verið ákveðið að nota hana ekki í stæ 403 á næstu önn, en nota hana áfram í stæ 503 þ.a. þeir nemendur sem eiga hana úr stæ 403 geti nýtt hana áfram. Í staðinn verður þá notuð stæ 403 eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Nokkrir stærðfræðikennarar deildarinnar hafa tjáð sig við kennslustjóra um of stóra námshópa. Sérstaklega er hér um að ræða stæ 203 á síðustu önn þ.e. vorönn 2012. Telja viðkomandi kennarar að alltof fjölmennir hópar í þessum áfanga hafi bitnað á kennslunni. Þá má og halda á lofti skoðun stærðfræðikennara á núverandi eyktaskipan. En þeir telja sem kunnugt er að í stærðfræðikennslu væri mun heilladrýgra að vera með fjórar 55-60 mínútna kennslustundir á viku.

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar. Það er samdóma álit starfsmanna stærðfræðideildar að aðstæður í Selinu uppfylli ekki lágmarkskröfur hvað þetta varðar.

### **Tækjakostur**

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Nú er lágmarksbúnaður í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðstrikudum töflum.

### **Annað**

Þann 4. október 2011 var boðað til Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2011-2012 (forkeppni). Keppnin skyldi fara fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Nú bar svo við að ekki einn einasti nemandi í FSu sýndi þessu áhuga þrátt fyrir hvatningu frá bæði kennurum og kennslustjóra.

Önnur stærðfræðikeppni, þ.e. Stærðfræðikeppni grunnskólanema á Suðurlandi, sem verið hefur árvisst atburður í skólanum um miðjan marsmánuð mörg undanfarin ár, féll niður að þessu sinni. Keppni þessi hefur verið haldin í samstarfi við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Skólaskrifstofu Suðurlands og nokkur fyrirtæki á svæðinu sem hafa styrkt keppnina með ýmsum hætti s.s. veitingum og verðlaunum. Sams konar keppni hefur verið haldin á sama tíma á Akranesi, í Hafnarfirði og á fleiri stöðum.

Ástæða þess að keppnin féll niður er sú að kennarar í Flensborg treystu sér ekki lengur til að vera í forsvari fyrir keppninni, hvað varðar samningu verkefna og þess háttar vegna kostnaðar.

Mörg undanfarin skólaár hefur verið starfrækt stuðningskennsla í stærðfræði við skólann. Á undanförunum skólaárum hefur þessi kennsla verið veitt frá miðri önn til loka annar. Þá hefur verið miðað við að miðannarmat lægi fyrir. En á vorönn 2010 var tekin upp ný eyktaskipan þar sem þrisvar í viku var stöðtími í ½ klst. í senn eftir hádegi á mánud., þriðjud. og miðvikud. Þessir tímar komu m.a. í stað hefðbundinna stuðningstíma í stærðfræði. Ekki eru skjalfestar nákvæmar upplýsingar um notkun þessara tíma, en þó ljóst að hún var nokkur en þó mismunandi eftir áföngum.

Velta má því fyrir sér hvort ástæða sé til að gera úttekt á nýtingu þessara stöðtíma.

Selfossi 22. maí 2012

Ólafur Bjarnason, kennslustj. í stærðfræði.

## 2.2.5 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Borgþór Helgason	Stæ203 Stæ303	MSM1S3 MSM2S3 MSM4S3 PLV202
Sigurður Grímsson	HSU102 LSU102 PLV102 AVV202 RSU102 REN202	AVV102 MÆM101 REN103 HVM203 PLV202 LSU102 Litla Hr. RSU102 Litla Hr. HSU102 Litla Hr.
Þorvaldur Guðmundsson	RAF 113 EFM 102 GÆV 101 MSM 173 LSU 102 MSM1S3 MSM3S3	VFR 102 EFM 201 TTÖ 102 GRT 103 GRT 203 HVM 103 REN 103 MSM1S3 MSM2S3 MSM4S3
Grímur Lúðvíksson	VGR103 VGR302 RTM202 RAT102 RAM303 TNT102 TNT303	RTM102 RTM302 RAM203 VGR402 VGR202 TNT403 TNT202
Þór Stefánsson	RAM 103 STR 102 STR 302 RAL 102 RAL 303 RAF 173 MRM 102	RAM 403 STR 203 STR 402 RAL 202 RAL 403 RAF 173 RÖK 102

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Jón Sigursteinn Gunnarsson	GRT103 GRT203 EFG103 GLU104	LHÚ104 SVH102 ÁGS102 ÚVH102 INK102 GRT103 GRT203
Kristján Þórðarson	VTG106C TRÉ1S3 TRÉ1S3	TIH10AK HÚB1024  TRÉ2S3 TRÉ4S3 TRÉ5S3
Svanur Ingvarsson	TRÉ173 TRÉ1S3 TRÉ2S3 TRÉ3S3 TRÉ4S3 INR106 FRV103	TRÉ109 TRS102 TST101

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:

GL- Á vorönn var skert kennsla (um 3/4 kennsla) í VGR 202 og VGR 402 vegna fækkunar nemenda.

JSG- Vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir - Tenging við atvinnulífið.

SI- Í TRÉ109 var tímafjöldi skertur vegna fámennra hópa, sem gerði heldur erfiðara að klára verkefni.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

BH-SG-SI- Símat, sem á vel við í verklegri kennslu.

ÞG- GRT 103 og 203 Verkefnavinna 40% lokapróf 60%. Í öðrum áföngum símat byggt á verkefnavinnu og prófum á önninni.

GL- Símat notað í flestum áföngum, en lokapróf í próftöflu FSU í áföngunum, Ram 203, RAM 303, RTM 102 og RTM 302

Fleiri verkefni gerð í tíma en áður.

ÞS- Símat notað í öllum áföngum nema RAM 103

JSG- LHÚ 104 og GLU 104 voru að mestu verklegir áfangar og verkefni og frammistaða í kennslustundum lögð til grundvallar námsmati.

Lokapróf var í GRT103 og 203 ásamt mati á verkefnamöppu.

Aðrir áfangar voru bóklegir, þar sem frammistaða í kennslustundum var metin ásamt verkefnum sem nemendur unnu á önninni. Í lok annar var lagt fyrir próf/verkefni.

KÞ- Símat er í áföngunum VTG106C, TRÉ1S3, TRÉ2S3, TRÉ 4S3. TRÉ 5S3 og TIH10AK. Í áfanganum HÚB102 er stuðst við útkomu úr verkefnum ogskriflegum prófum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BH- Námskeið á vegum Iðunnar í varmadælum fyrir húsakýndingar.

GL- Kennsluréttindanámi lokið. Tók 60 CTS einingar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Útskrifaður formlega í júní 2011.

ÞS- Ég sótti námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands um myndbandagerð

JSG- Námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands um rafsúðu

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

SG- Málsmíði (ný bók).

GL- Í VGR 403 var núna nýtt verkefni, smíðaður öflugur 2.1 HiFi magnari sem er 2x 80 W plús 160W bassamagnari.

Nemendur hafa smíðað kennslugögn sem ég hef hannað í verkleg mælingarverkefni.

Ég hef unnið að gerð ýmissa verkefna fyrir mínar greinar þar sem mér finnst skortur á í fyrirliggjandi námsbókum.

ÞS- Deildin fékk gjöf frá Árvirkjanum í tilefni 30 ára afmælis skólans, dyrasíma sem munu nýtast vel við kennslu í RAL 403.

JSG- Sérlega vantar kennsluefni fyrir verklegar greinar. Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun, en ný kennslugögn voru reglulega sótt á netið. Heimasíður fyrirtækja, framleiðenda byggingarefnis og opinberra aðila.

SI- Trésmíði (ný bók) var tekin í notkun og áætlað að nota hana í flestum áföngum í húsasmíðinni.

Ný NC-plötusög sem stóðst allar væntingar og var af henni mikil framför.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

BH- Reyna að hafa fáa nemendur (4-5) þegar kennd er málmúða.

ÞG- Liggur ekki fyrir. En hugmynd í vinnslu að sameiginlegu verkefni í málsmíði fyrir starfsdeildarnema.

GL- Ég er hættur með dönsku spennugjafana í VGR 302 og nota hönnun sem ég hef gert sjálfur. Það sparar peninga.

JSG- Farið verði varlega í niðurskurð kennslustunda í verklegum greinum. Reynt sé eins og kostur er að verklegir áfangar myndi samfellu í stundarskrá. Reynt verði eftir fremsta megni að skilja að grt103 og grt203. Að blanda saman þessum áföngum kemur niður á þeirri þjónustu sem kennari getur innt af hendi við nemendur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

BH- Kaupa lítinn CNC-fræsara.

ÞG- Mjög aðkallandi að endurnýja vélar og verkfæri í smíðasal fyrir verknám málmúða, sérstaklega ef viðbygging við verknámshúsið tefst og þar með áætluð stofnbúnaðarkaup. Endurnýja þarf ljósritara og prentara í Hamri.

GL- Betri aðstaða fyrir verklega kennslu og tækjakostur bættur.

Endurnýjun á skólahúsnæðinu.

Stólar og borð í VR eru ónýtir fyrir löngu. Þarf að endurnýja.

Það komu 6 nýjar (nýjar fyrir okkur en notaðar frá Odda) fartölvur í janúar 2012 sem voru vel þegnar og löngu tímabærar.



PC tölvur eru hinsvegar orðnar úreltar og þörf er á endurnýjun á þeim. Við þurfum að lágmarki 6 nýjar tölvur (turn, flatskjár, lyklaborð, mýs).

Einnig þurfum við aðstöðu fyrir verklegar raflagnir, hvernig er með kjallarann í Odda? ÞS- Fækkun hefur orðið á umsóknum um nám í grunndeild rafiðna síðustu ár. Með einhverjum ráðum þarf að fjölga umsóknum og reyna að laða að nemendur sem hafa góð tök á stærðfræði, mér hefur fundist nemendur sem hafa góð tök á stærðfræði eiga betur með að ná tökum á rafmagnsfræði, sem er grundvöllur fyrir því að ná góðum tökum á námsefninu í deildinni.

JSG-Tekjur af sölu sumarhúss verð látnar renna til deildarinnar í formi tækja, námsefnis eða annars sem nemendum kemur til góða.

Iðnnám verði kynnt sem valkostur fyrir þá sem hyggja á frekara nám í verkfræði/tæknigreinum.

Skólinn styðji við og heimili fleiri vettvangsferðir í fyrirtæki.

KÞ- Ég vil þakka skólastjórnendum fyrir að kaupa nýja sög fyrir smíðadeildina, sem var mikið framfaramál.

Nú þurfum við að kaupa ýmis smærri rafmagnsverkfæri á næstu önn.

SI- Í ljósi þess að ekki er vitað hvenær byrjað verður á viðbyggingu við Hamar þarf að huga að endurnýjun véla og tækja.

Hamar þarfnast viðhalds vegna leka frá þaki. Það er reyndar byrjað á lagfæringum þegar þetta er skrifað.

Annað

GL- Æskilegt að fara vettvangsferðir með nemendur til að kynna vinnustaði og starfsumhverfi. Það hefur legið niðri sl. 2 ár vegna kreppu.

ÞS- Nemendur og kennarar úr Hamri tóku þátt í Comeniusarverkefninu, Who is afraid of the big bad wolf. Ég var í forsvari fyrir verkefninu.

Ílla gekk að fá nemendur úr Hamri til að taka þátt í verkefninu. Farið var í 3 ferðir vegna verkefnisins. Í lok október fór ég með Kristjáni Þórðarsyni og Þorvaldi Guðmundssyni til Spánar. Auk okkar taka þátt í verkefninu skólar frá Spáni, Noregi, Ítalíu, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Eistlandi, Litháen og Portúgal. Á Spáni voru fulltrúar frá öllum skólunum.

Í lok mars fór ég með Grími Lúðvíkssyni og Svani Ingvarssyni til Lillehammer í Noregi, með í för voru 3 nemendur úr grunndeild rafiðna. Ægir Guðjónsson, Marvin Helgi Magnússon og Þórdís Björnsdóttir. Þetta var ekki fundur allra skóla, heldur var um heimsókn okkar að ræða til Lillehammer.

Í lok apríl var haldið til Portúgal, með í för voru Sigurður Grímsson og Örlygur Karlsson, auk þess voru með í för nemendurnir Bogi Pétur Thorarensen og Sölvi Sveinsson. Á þessum fundi voru nemendur og kennarar frá öllum skólum sem taka þátt í verkefninu.

Næsti fundur verður í Slóvakíu í lok september.

Kennarar í Hamri þakka fyrir veturinn.